

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

atvinna

allt í MIÐJU BLAÐSINS



EIRÍKSSTAÐIR Í HAUKADAL

Víkingarnir sem vígbúa ferðamenn

Allt innanstokks minnr á víkingaöld

UMFJÖLLUN 16



20 blaðsíðna RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. júlí 2006 – 196. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Alltaf sól á afmælinu í gamla daga




Kristján Arason er 45 ára í dag en hann er nýkominn heim úr sumarfrí með fjölskyldunni.

TÍMAMÓT 10

Frá Fargo til Hofsóss

Vestur-íslenska kvikmyndagerðarkonan vildi kynnast heimaslóðum langömmu sinnar og flutti frá Bandaríkjunum til Hofsóss í Skagafirði.



VIÐTAL 20

Góður þráður í öllum



Sveinn Andri Sveinsson hefur vakið athygli fyrir störf sín sem verjandi. Lögmaðurinn ræðir um starf sitt og hvað betur má fara í íslensku réttarkerfi.


VIÐTAL 12

Það besta og versta í deildinni

Fréttablaðið stóð fyrir viðamikilli könnun á meðal leikmanna í Landsbankadeildinni í vikunni. Þar eru meðal annars valin lélegasta búningaaðstaðan, skilningsríkastu dómari og besti völlurinn til að spila á. Niðurstöðurnar eru athyglisverðar og ekki eru allir á eitt sáttir.


ÍÞRÓTTIR 30-31

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT BJARTVIÐRI - Í dag verður hægviðri eða hafgola. Yfirleitt léttskýjað til landsins en hætt við þokuþökkum með ströndum, einkum norðan og austan til. Hiti 10-21 stig, hlýjast til landsins fyrir austan.

VEÐUR 4



INNDRÁSIN UNDIRBÚIN Yfirmaður í ísraelska hernum gefur hermanni á skriðdreka skipun í gær. Skömmu seinna réðist tugur ísraelskra skriðdreka yfir landamærin til Líbanon. Á götum þorpsins Maroun al-Ras börðust ísraelskir hermenn og Hizbollah-liðar í nágvi í fyrsta skipti síðan átökin hófust fyrir tólf dögum.

Ísraelsk innrás í Líbanon

Ísraelskir hermenn og Hizbollah-liðar börðust á götum þorpsins Maroun al-Ras í gær. Linnulausar flugskeytarásir eru við landamæri Ísrael og Líbanon. Um 400 manns hafa látist í átökunum.

LÍBANON, AP Ísraelskar herdeildir réðust inn í þorpin Maroun al-Ras og Marwahin í suðurhluta Líbanon í gær og Hizbollah-samtökin skutu á þriðja tug flugskeyta yfir landamærin til Ísrael. Ekki er vitað nákvæmlega hversu margir létust í átökunum í gær en tugir manna særðust.

Ísraelskar orrustuþotur sprengdu sjónvarps- og fjarskiptamöstur í austur- og norðurhluta Líbanon og rofnuðu við það útsendingar líbanska ríkissjónvarpsins og Al-Manar sjónvarpsstöðvarinnar sem rekin er af Hizbollah-samtökunum og ísraelsk stjórnvöld segja þoda áróður gegn Ísraelum.

Auk þess að sprengja möstur héldu Ísraelsmenn uppi linnulausum flugskeytaárásum við landamæri Líbanon. Er flugskeytunum beint gegn stjórnstöðvum Hizbollah og flugskeytapöllum en einnig voru vegir til Sýrlands sprengdir upp.

Í fyrsta skipti síðan átök Ísraela og Hizbollah-samtakanna hófust fyrir tólf dögum börðust

ísrælskir hermenn og Hizbollah-liðar í nágvi í gær. Það var í þorpinu Maroun al-Ras. Þrátt fyrir innrásina í gær segjast ísraelsk stjórnvöld ekki ætla í allsherjarinnrás í Líbanon en þau hafa hvatt íbúa tíu til fjórtán þorpa við landamærin að flytja sig á brott.

Avi Pazner, talsmaður ísraelsku ríkisstjórnarinnar, segir Ísraela ekki hafa hug á að hernema Líbanon. „Við viljum bara losna við Hizbollah,“ sagði hann.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Frank Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands, eru væntanleg til Mið-Austurlanda í dag.

Átök Ísraela og Hizbollah-samtakanna hófust 12. júlí eftir að Hizbollah tók tvo ísraelska hermenn í gíslingu. Um 350 Líbanar hafa látist í átökunum og á fjórða tug Ísraela.

Meirihluti líbönsku fórnarlambanna var almennir borgarar, sem og fimmtán hinna ísraelsku. Um 650 þúsund Líbanar hafa þurft að flýja heimili sín í átökunum. - th

Kofi Annan óttast hörmungar

Þúsundir manna eiga nú í erfiðleikum með að flýja átökin í Líbanon vegna flugskeytaárása Ísraela. Um hálf milljón Líbana hefur þegar flúið sína heimabyggð og talið er að um 150 þúsund manns séu á flóttu.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagðist í viðtali á CNN-sjónvarpsstöðinni óttast stórfelldar hörmungar ef átökin héldu áfram. Hann sagði að vegna eyðileggjandi sprengjuárása ættu hjálparstarfsmenn erfiðt með að leggja mat á það hversu margir þyrftu á aðstoð að halda. Hann sagði nauðsynlegt að senda alþjóðaher til Líbanon sem gæti aðstoðað líbönsk stjórnvöld við að afvopna Hizbollah-samtökin. Annan sagði alveg ljóst að Hizbollah bæri ábyrgð á upptökum átakanna en hins vegar hefðu Ísraelar gengið allt of hart fram.



Á FLÓTTA Í EIGIN LANDI Ung líbönsk stúlka veifar hvítum klút á leið frá heimaþorpi sínu í suðurhluta Líbanon í skjól annars staðar í landinu.



SPURNING DAGSINS

Garðar, ákvaðstu að hjálpa bræðrum þínum í ÍA í fallbaráttunni?

„Ég veit alla vega að þeir verða mjög ánægðir með að losna við mig fyrir leikinn.“

Knattspyrnumaðurinn Garðar Gunnlaugsson gengur úr herbúðum Vals í raðir sænska 1. deildarliðsins Norrköping eftir tveir vikur og missir því af stórum hluta Íslandsmótsins. 10. ágúst mæta Valmenn ÍA, sem er undir stjórn Arnars og Bjarka Gunnlaugssona.

Mótmæli í Lettlandi:

Saur á samkynhneigða

LETTLAND, AP Saur og eggjum var kastað að hópi samkynhneigðra og stuðningsmanna þeirra í Ríga í Lettlandi þegar fólk var að koma úr guðsþjónustu í gær. Réttur í Ríga úrskurðaði á föstudag að ekki skyldi leyfa skrúðgöngu samkynhneigðra í borginni og hafði fjöldi baráttufólks um réttindi samkynhneigðra safnast saman í kirkjunni.

Tuttugu manns mótmæltu málstað fólksins fyrir utan kirkjuna og voru fimm handteknir fyrir að kasta eggjum og saur. Fyrr í mánuðinum skerti þingið í Lettlandi réttindi samkynhneigðra í lögum um vinnustaði og í fyrra tók þingið fyrstu skrefin til þess að banna hjónaband samkynhneigðra.

- rsg

Tryggingastofnun ríkisins:

Allt skipulag endurskoðað

FJÁRSVIK Eftir að upp komst um fjádráttinn í Tryggingastofnun ríkisins á dögunum var ákveðið að taka skipulag stofnunarinnar til gagnarrar endurskoðunar.

„Við höfum unnið undanfarið í samvinnu við Ríkisendurskoðun að því að skoða alla verkferla hér innanhúss sem lúta að fjármálanum hjá okkur,“ segir Karl Steinar Guðnason, forstjóri Tryggingastofnunar. „Verið er að skoða hvernig mál eru afgreidd og hvernig gengið er frá skjölum, svo eru tölvumálin í sköðun líka.“

Spurður hvenær öryggisúttektinni lyki sagði Karl Steinar það alls óvist. „Við lítum á þetta sem langtíma verkefni og framvegis verða mál hjá stofnuninni sífellt í endurskoðun,“ sagði Karl Steinar.

- æpe



TJALDBÚÐIRNAR Lögregla ætlar að hafa eftirlit með virkjanasvæðinu ef eitthvað kemur upp á.

Íslandsvinir komnir:

Mótmæli hafin á ný í Snæfelli

MÓTMÆLI Hátt í tvö hundruð manns eru nú komnir í mótmælubúðir Íslandsvina undir Snæfelli, sem settar voru upp á föstudag. Hópurinn kom til landsins í fyrra til að halda uppi mótmælum gegn Kárahnjúkavirkjun og verður það sama uppi á teningnum í ár.

Helmingur þeirra sem dvelja í búðunum er útlendingar en á meðal þeirra eru einstaklingar sem handteknir voru af lögreglunni í fyrra fyrir skemmdir á virkjanasvæðinu.

Lögregla á svæðinu verður ekki með neina sérstaka vakt við Snæfelli en eftirlit verður haft með virkjanasvæðinu.

- sfs

Bandaríkjamenn segja að málamyndaályktun um kjarnorkuáætlun Írana komi ekki til greina:

Rússar ógna samstöðu stórveldanna

AUSTURRÍKI, AP Andstaða Rússa við orðalag í uppkasti að ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkumál Írans ógnar samstöðu stórveldanna sex um hvernig skuli bregðast við mótþróa Írans við að stöðva auðgun úrans. Bandaríkin, Kína, Bretland, Frakkland, Þýskaland og Rússland ákváðu hinn 12. júlí að hefja viðræður á ný um aðgerðir Sameinuðu þjóðanna, í kjölfar þess að Íranar neituðu að svara hvort þeir myndu verða við vilja stórveldanna sex og fá í staðinn ýmis vilýri.

Leiðtogar Rússlands höfðu áður sagst vera tilbúnir til að beita Íran hörku og því komu sinnaskiptin

fulltrúum hinna ríkjanna fimm á óvart. Ali Larjani, sem er í forsvari fyrir Írana í kjarnorkuviðræðunum, sagði í gær að auðgun úrans tilheyrði „óafsalanlegum rétti írönsku þjóðarinnar,“ en Íranar hafa hvorki afþakkað tilboðið né sýnt merki um að það verði gert. Ráðamenn í Teheran segjast munu gefa svar 22. ágúst en Bandaríkjamenn og bandamenn hafa sagt að það sé of seint.

Ósamstaða ríkjanna gæti skaðað tilraunir þeirra við að sannfæra Írana um að komast að samkomulagi um að hætta auðgun úrans. Talið er að Rússar trúi ekki að Íranar muni taka boðinu og vilji þess vegna ekki að ályktunin sé of harð-



ALI LARIJANI Fulltrúi Írans í kjarnorkuviðræðunum varaði við því á laugardag að stórveldin þrýsta of hart á Íran um að hætta auðgun úrans.

orðuð og leiði til hernaðaraðgerða Sameinuðu þjóðanna ef Íranar fara ekki eftir henni. Bandaríkjamenn segja hins vegar að málamynda-

ályktun sem krefjist ekki stöðvunar á auðgun úrans sé merkingarlaus og þrýsta því á Rússa að skipta um skoðun.

- rsg



FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRNARFUNDI Fyrrverandi framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins segir ráðningarsamning framkvæmdastjóra ekki geta verið trúnaðarmál milli formanns og framkvæmdastjóra. Samkvæmt lögum sé framkvæmdastjóri ráðinn af framkvæmdastjórn, ekki formanni.

Enginn fékk að sjá kjarasamninginn

Áhrifamenn innan Öryrkjabandalags Íslands segja Sigurstein Mátsson hafa brotið lög bandalagsins þegar hann neitaði að opinbera samning við framkvæmdastjóra. „Þetta stangast á við allt sem heitir lýðræði,“ segir stjórnarmeðlimur.

SAMFÉLAGSMÁL Ráðningarsamningur sá er Sigursteinn Mátsson, formaður Öryrkjabandalags Íslands, gerði við nýjan framkvæmdastjóra bandalagsins var ekki opinberaður stjórnarmeðlimum bandalagsins né öðrum, þrátt fyrir að lög bandalagsins kveði á um það.

Áhrifamenn innan bandalagsins ætla nú að kæra Sigurstein til félagsmálaráðuneytisins og vilja meina að með samningnum við framkvæmdastjórnann sé Sigursteinn að ákveða eigin laun, en framkvæmdastjóri fær sömu laun og formaður.

Samkvæmt lögnum gerir framkvæmdastjórn bandalagsins ráðningarsamning við framkvæmdastjóra, sem staðfestir skal af aðalstjórn bandalagsins. Arnþór Helgason, fyrrverandi

framkvæmdastjóri bandalagsins, segir þetta ekki hafa verið gert.

„Þessi samningur var sagður vera trúnaðarmál milli Sigursteins og framkvæmdastjórnans, sem getur hreinlega ekki verið. Samkvæmt lögnum er það framkvæmdastjórnin sem ræður framkvæmdastjóra en ekki formaðurinn,“ segir Arnþór. „Aðalstjórnin er æðsta vald Öryrkjabandalagsins á milli aðalfunda og framkvæmdastjórnin vinnur í umboði aðalstjórnar. Þetta hlýtur núverandi formaður bandalagsins að vita.“

Guðmundur Johnsen, einn þeirra sem ætla að kæra Sigurstein, segir ráðningu framkvæmdastjóra hafa verið knúna fram í gegnum stjórnina án þess að nokkur umræða um málið hafi verið leyfð og án þess að samn-

ingurinn hafi verið lagður fram.

„Þetta stangast á við allt sem heitir lýðræði og eðlileg stjórn-sýsla. Það kaus minna en helmingur manna með samningnum, meirihlutinn sat hjá. Við teljum að enn hafi ekki farið fram nein umræða sem réttlætir að samningurinn sé staðfestur. Menn staðfesta ekki samninga sem menn hafa ekki séð, það er grundvallaratriði í samningum.“

Guðmundur segir rangt að kærna sé til komin vegna persónulegrar óvildar í garð Sigursteins. „Á sínum tíma kaus ég Sigurstein vegna þess að ég taldi hann ágætlega vel greindan. Ég sé ekki hvernig það lýsir persónulegri óvild.“

Ekki náðist í Sigurstein Mátsson vegna málsins í gær.

salvar@frettabladid.is

Maður sem laug því að hann væri eigandi Hagkaupa handtekinn í Skeifunni:

Réðst á lögreglumann í lyftu

LÖGREGLA Öryggisvörður Hagkaupa í Skeifunni gerði lögreglu viðvart vegna manns sem virtist í annarlegu ástandi við verslunina, um hálf ellefu leytið í gærmorgun.

Maðurinn, sem er um þrjú, spígsporaði um bílaplan verslunarinnar og hélt því staðfestlega fram að hann ætti verslunina og að hann þyrfti nauðsynlega að komast inn. Hann lét öllum illum látum og lamdi á hurð verslunarinnar og því ákvað öryggisvörðurinn að kalla til lögreglu.

Þegar lögregla kom á vettvang virtist maðurinn í mjög annarlegu ástandi og er hann grunaður um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna. Lögregla handtók manninn og færði til yfirheyrslu.

Þegar á lögreglustöðina var komið réðst maðurinn á lögreglumann í lyftu, með þeim afleiðing-



VERSLUN HAGKAUPA Í SKEIFUNNI Lögreglan handtók mann sem laug því að hann væri eigandi verslunarinnar. Hann lét öllum illum látum við verslunina og þegar hann var handtekinn réðst hann á lögreglumann.

um að hann hlaut áverka. Lögreglumaðurinn leitaði til slyssastofu eftir árásina og hefur kært atvikið.

Maðurinn er enn í haldi lögreglu og verður yfirheyrður um leið og áhrifin renna af honum.

- æpe

Málefni eldri borgara:

Verði flutt til sveitarfélaga

ALDRADIR Landssamband eldri borgara krefst þess að umsjón með málefnum aldraðra verði flutt í heild frá ríki til sveitarfélaga.

Nefnd ríkis og aldraðra leggur til að ríkisvaldið og Samband sveitarfélaga endurskoði verkaskiptingu sína um þjónustu og búsetumál aldraðra sem fyrst.

Fulltrúar ríkisins telja að ganga eigi til þess starfs með opnum huga en eldri borgarar vilja málaflökkinn á eina hendi og það á hendi sveitarfélaganna.

- bps

Mest söluaukning á Húsavík:

Tvöföldun í sölu milli ára

SJÁVARÚTVEGUR Hjá Fiskmarkaði Húsavíkur varð hlutfallslega mesta söluaukningin fyrstu sex mánuði þessa árs en þar nam sala á sjávarafurðum 490 tonnum. Þetta er meira en tvöfalt magn frá sama tímabili í fyrra en þá nam sala 215 tonnum.

Hlutfallsleg aukning var einnig töluverð hjá Fiskmarkaðnum á Kópaskeri en þar nam aukningin 133 tonnum.

Þá nam aukningin á Fiskmarkaði Grímseyjar 484 tonnum eða 97,8 prósentum.

Ef einungis er miðað við magn var mesta aukningin í sölu á sjávarafurðum hjá FMÍS í Reykjavík eða 1.291 tonn.

- hs

Premeningar handteknir:

Tekin með steratöflur

LÖGREGLUMÁL Tveir menn og ein kona voru handteknir aðfaranótt laugardags fyrir vörslu eiturlyfja.

Fólkið, sem lögregla kannast við, var stöðvað í miðborginni, um hálf sex leytið í gær í bifreið við hefðbundið eftirlit lögreglu.

Þau vöru öll með fíkniefni á sér, eitthvað af kannabis, amfetamíni og e-töflum. Þar að auki hafði konan stera í töfluformi í fórum sínum.

Lögregla lagði hald á um tíu grömm af efni og var fólkinu sleppt að loknum yfirheyrslum. Málið telst upplýst.

- æpe

LÖGREGLUFRETTIR

Slasaðist á fjórhjólí Maður á fjórhjólí slasaðist í Látravík á Vestfjörðum í dag. Hann missti stjórn á hjóli sínu þegar hann fór yfir smásprænu sem hafði myndast í sandfjörðunni. Maðurinn kvartaði yfir verkjum í baki og fótum og var fluttur með þyrlu til Reykjavíkur.

Ekið á vegfaranda Ekið var á mann á nírhæðisaldri við Hveravík hjá Drangnesi seinnipartinn í gær. Hann var fluttur með þyrlu til Reykjavíkur og er talinn alvarlega slasaður en ekki í lífshættu. Lögregla rannsakar málið, en ekki leikur grunur á ölvun eða hraðakstri.

Njóttu þess að vera **frjáls**



ÍSLENSKA AUGLÍSINGASTOFAN/SAIA.IS TOY 33492 072086

Land Cruiser. Tákn um frelsi

Land Cruiser sameinar hörku og mýkt, orku og lipurð, áræðni, munað og fullkominn tæknibúnað. Fyrsta flokks innrétting tryggir þægilegan og ánægjulegan akstur. Fáguð og viðbragðsfljót V6 VVT-i benínsvélin ber þig hvert sem leið liggur og það er stórkostlegt að sitja undir stýri.

Í Land Cruiser er fjölbreytilegur hátæknibúnaður sem eykur öryggi og þægindi í akstri. Þar má nefna t.d. tölvustýrða fjöðrun, TEMS, og ABS-hemlakerfi með EBD sem beinir hemlunarkrafti á milli hjóla eftir þunga ökutækisins og álagi á hemla, tvo tveggja þrepa SRS loftþúða, hliðarloftþúða og þriggja punkta öryggisbelti við öll sæti.

Verð frá 4.820.000. kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.7.2006

KAUP

	Bandaríkjadalur	73,68	74,04
	Sterlingspund	136,80	137,46
	Evra	93,36	93,88
	Dönsk króna	12,512	12,586
	Norsk króna	11,767	11,837
	Sænsk króna	10,101	10,161
	Japanskt jen	0,6343	0,6381

SDR 108,83 1089,47

Gengisvísitala krónunnar
1289,3089

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rafmagnsleysi í New York:

Rafmagnslaust sex daga í röð

NEW YORK, AP Rafmagnslaust var í Queens-hverfi í New York í gær, sjötta daginn í röð.

Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, sagði að rafmagn hefði farið af hjá um fimmtán til tuttugu þúsund notendum, en það þýðir að allt að hundrað þúsund manns séu án rafmagns. Mörg fyrirtæki og heimili hafa verið rafmagnslaus síðan á mánudag og ekki er talið að viðgerðum verði lokið fyrr en í næstu viku.

Drumuveður á föstudag hamlaði aðgerðum og olli skemmdum á rafmagnslínunum sem þegar var búið að laga. Borgarstjórinn segir að sífellt fleiri skemmdir finnist í rafmagnleiðslum hverfisins og kallað hefur verið eftir aðstoð viðgerðarmanna úr öðrum ríkjum.

- rsg

Stjórnsýsluúttekt í borginni:

Stjórnsýsluúttekt í borginni: Skoðað í þaula

REYKJAVÍK Borgaryfirvöld hafa ákveðið að gerð verði stjórnsýsluúttekt á stjórnsýslu Reykjavíkur. Ekki hefur verið ákveðið hvenær úttektin hefist, né hvaða fyrirtæki verður fengið til verksins.

Að sögn Jóns Kristins Snæhólm, aðstoðarmanns borgarstjóra, er vinna við stjórnsýsluúttekt á fjármálum borgarinnar hafin, en KPMG annast hana. Fyrir liggur að annað fyrirtæki verði fengið til að gera úttekt á stjórnsýslunni.

- bps

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hent á dyr og braut rúðu Ósáttur viðskiptavinur Café Cozy við Austurstræti lét illum látum eftir að hafa verið vísað á dyr aðfaranótt laugardags. Maðurinn lét gremju sína í ljós með því að brjóta rúðu skemmtistaðarinnar og var handtekinn. Við leit á honum fannst smáræði af fikniefnum. Að loknum yfirheyrslum var manningum sleppt.

Kæra Neyðarlínunnar og Ríkislögreglustjóra gegn Póst- og fjarskiptastofnun:

Segir samkomulag brotið

FJARSKIPTI Róbert Bragason, stjórnarformaður Atlassíma, segir að þegar Neyðarlínan, ásamt Ríkislögreglustjóra, kærði bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, sem skyldaði Símann til að flytja símanúmer í almennri talþjónustu yfir í net-símaþjónustu til Atlassíma, hafi samkomulag milli Atlassíma og Neyðarlínunnar verið brotið.

Samkomulagið var gert í nóvember 2005, þar sem Atlassími bauðst til þess að miðla staðsetningarupplýsingum um viðskiptavini netsímaþjónustu sinnar til Neyðarlínunnar. Undir samkomulagið skrifaði framkvæmdastjóri

Neyðarlínunnar, Þórhallur Ólafsson.

„Það kemur mjög flatt upp á mig að þeir kærði þetta samkomulag liggur fyrir. Það segir mér hugur að lögfræðingar Neyðarlínunnar hafi ekki vitað af samkomulaginu þegar kærán var lögð fram,“ segir Róbert.

Þórhallur Ólafsson segir ekki rétt að samkomulag hafi verið brotið þegar kærán var lögð fram. „Þetta eru tvö óskyld mál að leyti að annað varðar flökkunúmer en hitt föst númer. Við erum bara að vekja athygli á því að það þarf að setja reglur varðandi staðsetningu símtala í netþjónustu.“ - sps



NEYÐARLÍNAN Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar segir ekki rétt að samkomulag hafi verið brotið, þetta séu tvö óskyld mál.

Bóndi segir hækkun á leigu sanngjarna

Eigandi sumarhúsalóða í Skorradal segir ekki ósanngjarnt að leiguverð hækki úr tuttugu þúsundum í rúmar hundrað þúsund krónur á ári með endurnýjun á leigusamningum. Sumarhúsalóðir sæti lögmálum um eftirspurn eins og annað.

LÓBADAELIUR „Það er liðin tíð og fortíðarhyggja að ætla bændum að búa með nokkrar kýr og tvö hundruð kindur,“ segir Inger Helgadóttir, bóndi á Indriðastöðum og landeigandi sumarhúsalóða í Skorradal.

Inger hefur selt kaupsýslumanninum Jóni Sandholt helminginn á móti sér í Indriðastöðum. Leigusamningar á um tuttugu lóðum runnu nýverið út og hefur verið gengið frá endurnýjun þeirra við flesta. Níutíu prósent ákváðu að kaupa sumarhúsalóðirnar. Hjá þeim sem vildu leigja hækkaði leigan úr tuttugu þúsundum á ári í ríflega hundrað þúsund. Nýverið seldu þau 48 lóðir undir ný sumarhús, frá 1,8 milljónum allt upp í fimm milljónir fyrir þær stærstu.

„Ég get ekki séð að það sé mikil hækkun á 25 ára tímabili,“ segir Inger. Tímarnir séu breyttir: „Bæði er meiri ásókn í land og verðið fylgir eftirspurninni eins og annað. Margir virðast álíta að bændur séu baggi á samfélaginu og því eigi spurn eftir landi þeirra og lóðum ekki að lúta sömu lögmálum og hjá öðrum. Svo er ekki.“ Inger segist þó skilja að fólk sé óánæggt með að verðið hækki fimmfalt með nýja samningnum. Hún bendir hins vegar á að sumarhúsin sjálf og notkun á þeim hafi breyst frá því að þeir fyrstu byggðu. Kröfurnar séu aðrar. Verðið sem þau Jón bjóði sé sanngjarnt, og segir hann það um fimmtíu til sextíu prósent af því sem aðrir í dalnum hafi selt á.

Jón segir þau Inger svara kalli



FRAMKVÆMDIR VIÐ GOLFVÖLL Í SKORRADAL Fyrstu níu holurnar í golfvelli í landi Indriðastöða verða tilbúnar næsta sumar. Á myndinni er horft yfir svæðið þar sem níunda holan verður. MYNDR/SVEINN STEINDÓRSSON

um aukna þjónustu með uppbyggingu á svæðinu. Þau reisi til að mynda níu holu golfvöll sem verði stækkaður. Hann kosti á annað hundrað milljónir.

Jón staðfestir frásögn framkvæmdastjóra Landssambands sumarhúsaeigenda, sem sagði frá mönnum sem keyptu lóðir af bændum og byðu sumarhúsaeigendum til kaups á allt að tíu milljónir eftir að samningar væru útrunnir.

„Ég þekki tvö dæmi þar sem

menn eru í viðskiptunum til þess að ná sér í pening. Ég skil óánægju fólks vel sem lendir í klónum á svæðis mönnum,“ segir Jón. Þau Inger hafi hins vegar ákveðið að vinna með fólkinu. Þetta sé lifibrauð Inger og áhugamál hans: „Áhugi minn á svæðinu hófst þegar ég keypti lóð í landi Indriðastöða og endurbyggði gamlan sumarhústað. Ég hef hugsað mér að búa hérna sjálfur þegar hægist um hjá mér. Ég vil geta litid fram- an í nágrannana.“ gag@frettabladid.is

ESA um úthlutun námslána:

Ísland mismuni útlendingum

NÁMSLÁN Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur sent íslenskum stjórnvöldum rökstutt álit vegna búsetu-kröfu sem gerð er til námslána-þega hér á landi. Stofnunin telur að í reglunum felist mismunun.

Þess er krafist í íslenskum reglugerðum að nemendur á námslámum séu búsettir á Íslandi og hafi auk þess verið búsettir á landinu í tvö ár samfleytt eða þrjú af seinustu tíu árum. ESA telur að auðveldara sé fyrir Íslendinga að fylgja reglunum en ríkisborgara annarra EES-ríkja. Íslenska ríkið hefur þrjú mánuði til að bregðast við álitinu, annars fer málið til EFTA-dómstólsins.

- sjg



NJÖRÐUR Skipverji á Nirði segir enga hættu hafa verið á ferðum. Sprengjusérfræðingar séu alltaf kallaðir út í svona málum.

Hrefnuveiðaskipið Njörður:

Skutull sprakk ekki við veiðar

HVALVEIÐAR Tveir sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar voru í fyrradag kallaðir vestur á Patreksfjörð, því að einn skutull hrefnuveiðaskipsins Njarðar sprakk ekki við veiðar. Sérfræðingarnir tóku skutulinn í sína vörslu og eyddu honum. Loka þurfti hluta hafnarinnar á Patreksfirði í fyrradag vegna þessa.

Guðmundur Haraldsson, skipverji á Nirði, segir þetta vera í annað skipti sem skutull springi ekki síðan rannsóknaveiðar hófst. Engin hætta hafi verið á ferðum en sprengjusérfræðingar séu alltaf kallaðir út í svona málum. „Við náðum hrefnunni samt, þótt skutullinn hafi ekki sprungið,“ segir Guðmundur.

- sps

Uppreisnarmenn á Gaza:

Hætta árásum á Ísrael

GAZA, AP Uppreisnarmenn á Gaza hafa fallist á að hætta flugskeytarárásum á Ísrael og tók einhliða vopnahléð gildi aðfaranótt sunnudags, að sögn palestínsku embættismanns.

Vonir eru bundnar við að samkomulagi bindi enda á árásir Ísraela á Gaza-svæðið, sem staðið hafa yfir frá 28. júní síðastliðnum þegar palestínskir uppreisnarmenn drápu tvo ísraelska hermenn og tóku þann þriðja höndum.

- rsg

RÁÐGJÖF

allt

ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

FINASTA VEDUR ÁFRAM

Enn eru veðurhorfurnar í dag og næstu daga mjög góðar. Hægvíðri og fremur milt en misbjart. Dagurinn í dag verður einna bjartastur. Síðan verður þetta heldur köfl- óttara en samt sem áður góðviðristið. Það er kannski of gott til að vera satt - en ekki eru horfur á neinum meiriháttar breytingum næstu daga. Þetta þýðir auðvitað að sumarið virðist vera komið til að vera.

HÖFUDBORGIN Í DAG

Hægvíðri eða hafgola. Léttskýjað lengst af í dag. Hiti 10-15 stíg.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	24°C skúrir	London	27°C skúrir	Alicante	34°C heiðskirt
Billund	27°C skýjað	Paris	32°C hálfskýjað	Mallorca	27°C heiðskirt
Oslo	32°C skúrir	Frankfurt	32°C skýjað	Algarve	29°C heiðskirt
Stokkhólmur	28°C skúrir	Friedrichshafen	29°C skýjað	Krít	28°C heiðskirt
Gautaborg	20°C skýjað	Berlin	31°C skýjað	Las Palmas	25°C heiðskirt

» á morgun

Hægvíðri.

» þriðjudagur

Hægvíðri.

* Hítatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Sunnudags- veisla!

...mmm

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

2.498 kr.
kg

Úr
Fiskborði
Nóatúns



KEILUSPJÓT
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

399 kr.
stk.

Sparaðu
700 kr.



NÓATÚNS LAMBALÆRI
PURRKRYDDAÐ

998 kr.
kg.

Úr
Kjötborði
Nóatúns



30%
afsláttur

UNGNAUTALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI

2.799 kr.
kg.

Sparaðu
1200 kr.



LAMBA RIB EYE
ÚR KJÖTBORÐI

1.998 kr.
kg.

Úr
Kjötborði
Nóatúns



GÖTEBORGS
BALLERINA KEX
25% MEIRA KREM

149 kr.
pk.



GEVALIA KAFFI
RAUTT ORIGINAL

349 kr.
500 g

Allt
„Bakað á
staðnum“

25%
afsláttur



...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!



KJÓRKASSINN

Skóðaðir þú seglskipið Sedov við Reykjavíkurhöfn?

Já	14%
Nei	86%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefurðu heimsótt Húsdýragarðinn í sumar?

Segðu þína skoðun á vísir.is



VERÐMÆTARI Úfsinn gefur 38 prósentum meira af sér í ár en í fyrra.

Sjávarafli 2006:

Verðmæti ýsu og ufsa eykst

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 25 milljörðum króna fyrstu fjóra mánuði ársins, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Það er milljarði króna minna verðmæti en árið 2005. Aflaverðmæti aprilmánaðar nam rúmum sex milljörðum, sem er nokkru meira en í sama mánuði í fyrra.

Aflaverðmæti botnfisks var í lok apríl rúmlega milljarði meira en á sama tíma í fyrra. Verðmæti karfa og ufsaaflla hefur hækkað mikið frá fyrra ári. Verðmæti ufsaafllans jókst um 38 prósent á milli ára og karfaafllans um 21 prósent. - shá

Eitt af átta fæðist of snemma:

Dýrt að fæða fyrir tímann

BANDARÍKIN, AP Meira en hálf milljón barna fæðist fyrir tímann í Bandaríkjunum á ári hverju. Kostnaðurinn við að sinna veikburða börnum sem fæðast fyrir tímann er um 2.000 milljarðar króna á ári hverju þar í landi.

Sérfræðingar segja eina ástæðu hækkanði tíðni vera aðgerðir gegn ófrjósemi sem valda auknum líkum á fjölburaefingum. - sgi

Samtök ferðaþjónustunnar vilja að öll sala matvæla fari í sama skattþrep:

Ekki sama hvar er keypt

NEYTENDUR Samtök ferðaþjónustunnar fagna skýrslu matvæla-verðsnefndarinnar. Að sögn samtakanna hafa veitingamenn lagt ríka áherslu á að tollar verði afnumdir og öll sala matvæla verði í sama virðisaukaskattþrepi, óháð því hvernig hún er seld.

Í yfirlýsingu frá samtökunum segir að ófremdarastand ríki í samkeppnismálum veitingastaða vegna skattkerfisins, þar sem varan er seld með mismunandi virðisaukaskatti.

„Matur er seldur í dag með mismunandi hætti á fjölbreytilegum stöðum. Það er til dæmis



SKYNDIBITI Hamborgari er ýmist í fjórtán prósentu skattþrepi eða 24,5, eftir því hvar hann er keyptur.

verið að selja alls kyns skyndibita í söluturnum sem eru á öðru skattþrepi en matur út úr lúgu á

hamborgarastað,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. „Það er verið að selja sama hamborgarann, annars vegar í fjórtán prósentu skattþrepi og hins vegar í 24,5 prósentu skattþrepi.“ Erna segir þetta skekkja samkeppnisstöðu matsöluastaða og það verði að laga hið fyrsta. „Matvæli eiga að vera skattlögð með sama hætti óháð því hvar og hvernig þau eru seld.“

Hún segist vonast til að bragarbót verði gerð á þessum málum, þar sem nefnd forsætisráðherra um matvæla-verð hafi bent á að þetta skyti skökku við. - æpe

Ásatrúarmaður á dauðadeild:

Vill að refsingu verði frestað

BANDARÍKIN, AP Michael Lenz, rúmlega fertugur ásatrúarmaður og fangi á dauðadeild í Virginíuríki í Bandaríkjunum, hefur farið fram á það við Hæstarétt Bandaríkanna að dauðarefsingu hans verði frestað vegna þess að kviðdómendur í máli hans flettu upp í Biblíunni meðan réttarhöldin stóðu yfir.

Lenz hlaut dauðadóm fyrir að myrða félagar sinn, Brent Parker, árið 2000 þegar sátu báðir í fangelsi. Báðir voru þeir félagar í ásatrúarfélagi, en Lenz þótti Parker ekki sýna trúarbrögðunum tilhlýðilega virðingu og myrti hann. - gb

Ráðherra segir stríðið gegn unglíngadrykkju ekki tapað

Unnið er að mótun heildstæðrar forvarnastefnu á vegum Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra. Ráðherrann hefur áhyggjur af þróun bæjarhátíða þar sem ungmenni safnast saman til drykkju.

FORVARNIR Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur komið á rekkspól umfangsmikilli vinnu vegna forvarnamála. Annars vegar á að draga upp heildarmynd af því forvarnastarfi sem þegar er unnið í landinu og hins vegar á að móta heildstæða forvarnastefnu, líkt og kveðið er á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2003. Magnús lagði minnisblað þessa efnis fyrir ríkisstjórnarfund á dögunum.

„Forvarnir eru mjög mikilvægt viðfangsefni,“ sagði Magnús í samtali við Fréttablaðið en málafni fjölskyldunnar og þar með barna og unglíngja heyrir undir ráðuneyti hans.

Magnús sagði ekkert liggja fyrir um hvort forvarnastarfið, eins og það er nú, yrði stokkað upp og því breytt með einhverjum hætti. Fyrst og fremst vildi hann fá heildarmynd af því starfi sem unnið væri. „Það eru mjög margir í forvarnastarfi og við þurfum að átta okkur á umfanginu. En ég er sannfærður um hægt sé að nýta kraftana markvissara.“ Aðspurður segir hann ekki liggja ljóst fyrir hve háum fjárhæðum sé varið árlega til forvarnastarfs en af störfum sínum í fjárlaganefnd Alþingis sé honum mætavel ljóst að töluverðir peningar fari í ýmis verkefni.

Fréttir hafa borist af mikilli drykkju ungmenna á bæjarhátíðum sem haldnar eru vítt og breitt



MAGNÚS STEFÁNSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA Hefur hrint af stað vinnu sem miðar að því að móta heildstæða forvarnastefnu, eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

um landið yfir sumarmánuðina. Magnús þekkir til þeirra. „Ég hef orðið vitni að drykkjuskap ungmenna á bæjarhátíðum, bæði nú í sumar og áður. Það er allt of mikið um að börn og unglíngar undir átján ára flykkist saman til drykkju.“

Verslunarmannahelgin fer í

hönd og telur Magnús vert að hafa áhyggjur enda geti margt gerst á útihátíðum, bæði gott og svo annað miður gott. Þess vegna setti hann af stað samstarf ýmissa aðila sem koma að forvarnamálum í því augnamiði að vekja foreldra og aðra til umhugsunar.

Aðspurður telur Magnús stríðið gegn unglíngadrykkju ekki tapað. „Ég vona að minnsta kosti ekki. En það er erfitt og þannig hefur það verið og þannig verður það. Þetta er barátta sem þarf að heyrja alla daga. Og þetta hefst ekki með átaki heldur markvissu starfi.“

bjorn@frettabladid.is

Bresk skýrsla um barnaklám á netinu:

Helmingur barnakláms hýstur á bandarískum vefsvæðum

BARNAKLÁM Rétt rúmlega helmingur barnaklámmynda á netinu kemur frá Bandaríkjunum, að því er fram kemur í nýrri skýrslu frá bresku eftirlitsstofnuninni Internet Watch Foundation.

Nærri fimmtán prósent af þessu klámi koma frá Rússlandi, nærri tólf prósent frá Japan og tæp níu prósent frá Spáni, að því er fram kemur á vefsíðu fréttastofu breska ríkisútvarpsins, BBC.

Samkvæmt skýrslunni bærust stofnuninni á fyrri hluta þessa árs nærri fimmtán þúsund ábendingar um vefsíður með klámfengnum myndum af börnum. Þetta voru fjórðungi fleiri ábendingar en á síðasta ári.

Klámfengnar myndir af börnum reyndust vera á nærri fimm þúsund vefsíðum. Nærri 2.500 af þeim eru hýstar í Bandaríkjunum, en rúmlega 730 í Rússlandi. Sumar af þessum vefsíðum hafa verið á netinu í meira en fimm ár, þrátt fyrir að yfirvöldum hafi verið tilkynnt



FYLGST MEÐ NETINU Lögregluumaður á Spáni leitir uppi síður með barnaklámi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

um þær. Í Bandaríkjunum eru miklu fleiri fyrirtæki en í öðrum löndum sem bjóða upp á vefhýs-

ingu, en stofnunin telur það eitt skýra það hve ástandið í Bandaríkjunum á þessu sviði er slæmt. - gb

Stökktu til
Mallorca
17. og 24. ágúst
frá kr. 39.990

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku, 17. eða 24. ágúst. Aukavika kr. 14.000.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku, 17. eða 24. ágúst. Aukavika kr. 14.000.

Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Mallorca í ágúst. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Griptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á einum vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Stjórnvöld!

Vöruhegund: NESQUICK, 1 kíló <small>KAKÓDUFT FYRIR MJÓLK</small> Uppruni: Evrópa		
Tollverð:		200 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	Á þessa vöru leggst ekki magntollur	
Vörugjald:	50 kr. á kíló	50kr.
VSK:	24,5%	61kr.
Samtals:		311 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		56%

TOLLVERÐ (kostnaðarverð vöru við höfn í Reykjavík).
Opinberar álögur leggjast ofan á þetta verð.
Samtals talan neðst er lágmarks verð
ÁN ÁLAGNINGAR KAUPMANNNS. Það er
það verð sem íslensk heimili þurfa að greiða.
Lágmarks skattlagning er það hlutfall opinberra gjalda
sem leggst ofan á kostnaðarverð.

Bætið hag íslenskra heimila

Vöruhegund: HAENUEGG, 1 kíló Uppruni: Evrópa		
Tollverð:		150 kr.
Almennur tollur:	30%	45kr.
Magntollur:	243 kr. á kíló	243kr.
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	61kr.
Samtals:		499 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		233%

Lægrri álögur
-minni verðbólga!

Vöruhegund: KJÚKLINGABRINGUR, 1 kg <small>SKINNLAUSAR, BEINLAUSAR</small> Uppruni: Evrópa		
Tollverð:		370 kr.
Almennur tollur:	30%	111kr.
Magntollur:	900 kr. á kíló	900kr.
Vörugjald:	Á þessa vöru leggst ekki vörugjald	
VSK:	14%	193kr.
Samtals:		1574 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		325%

Er ekki kominn tími til aðgerða?

Vöruhegund: FROSTPINNAR, 620ml <small>FROSIN VARA - EKKI MJÓLKURVARA</small> Uppruni: Evrópa		
Tollverð:		75 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	110 kr. á kíló	72kr.
Vörugjald:	8 kr. á lítra	5kr.
VSK:	14%	21kr.
Samtals:		173 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		131%

Vöruhegund: SÆTT KEX, 500g <small>EKKI MEB SÚKKULAÐI 20% SYKUR</small> Uppruni: Evrópa		
Tollverð:		60 kr.
Almennur tollur:	Á þessa vöru leggst ekki almennur tollur	
Magntollur:	19 kr. á kíló	10kr.
Vörugjald:	40 kr. á kíló	20kr.
VSK:	24,5%	22kr.
Samtals:		112 kr.
Skattlagning ríkisins í % á inkaupsverð:		87%

2200 manns tóku þátt í skoðanakönnun á bonus.is þar sem 62% þátttakenda voru fylgjandi frjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum: Sjáðu bonus.is!

-LÆKKIÐ ÁLÖGUR!

EKKERT BRUÐ!

www.bonus.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Erlend gagnrýni á efnahagslífið og fjármálakerfið er komin til að vera.

Undir aga alþjóðaviðskipta

Fjármálafyrirtækið Merrill Lynch birti nýja skýrslu þar sem lagt er mat á áhættu af skuldabréfum íslensku banka. Merrill Lynch birti afar neikvæða skýrslu um íslensku banka fyrr á árinu sem átti sinn þátt í að yta af stað falli á íslensku krónunni.

Tónninn í nýrri skýrslu getur seint talist jákvæður, enda ekki margt breyst frá þeirri síðustu. Hann er þó ögn jákvæðari en áður.

Segja má að ákveðin vatnaskil hafi orðið í umræðu um íslenskt efnahagslíf í kjölfar þess að Viðskiptaráð lét vinna skýrslu um íslenskt efnahagslíf og hættu á fjármálakreppu. Frederic Mishkin, sem nú er orðinn einn Seðlabankastjóra í Bandaríkjunum, og Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðiprófessor komust þar að þeirri niðurstöðu að ekki væri mikil hættu á fjármálakreppu á Íslandi. Undirstöður fjármálakerfisins og sveigjanleiki hagkerfisins, ásamt regluverki og eftirlitsstofnunum, tryggðu að sú hagsveifla sem veldur vandræðum nú ætti ekki að verða til mikils skaða.

Hitt er svo annað mál að yfir átta prósentu verðbólga samhliða stýrivöxtum yfir þrettán prósentum mun seint teljast merki þess að hagstjórn sé með blóma.

Skýrslur eins og skýrsla Merrill Lynch munu verða viðvarandi veruleiki fyrir íslenskt efnahagslíf og fjármálafyrirtæki. Við því er ekkert að segja og á meðan ekki ríkir meiri stöðugleiki í íslensku efnahagskerfi og raun ber vitni getum við ekki búist við öðru en nokkurri gagnrýni á alþjóðamörkuðum.

Sumt af þessari gagnrýni er þess eðlis að við eigum að taka það til gaumgæfilegrar skoðunar. Annað er byggt á fordómum og litlum vilja til að skilja samhengi íslensks efnahagsveruleika, eins og gengur.

Það er engin ástæða til að fara á taugum yfir þessari umræðu. Hún er hluti af þeim veruleika að við erum orðin fullgildur þátttakandi í heimi alþjóðaviðskipta. Þessi umræða mun einnig verða til þess að aginn kemur innan frá í viðskiptalífinu. Þar verða einfaldlega ríkir hagsmunir af því að stjórna hærri fyrirtækjum og umgengni á markaði sé í lagi en sá skammtímaávinningur sem hlýst af broti á góðum viðskiptaáttum.

Fyrir viðskiptalífið og almenning í landinu er best að viðskiptalífið móti sem mest sínar eigin reglur. Full ástæða er því til að taka undir með Viðskiptaráði Íslands í þeim efnum. Gott samfélag gengur almennt út frá því að fólk sé heiðarlegt og tortryggi ekki samþegna sína af litlu tilefni. Það kann að kosta að einhverjir sem verðskulda straff sleppi. Það er hins vegar mun betra en að binda á klafa heilbriggt afl með reglufargani.

Almennt séð hefur íslenskt viðskiptalíf verið í mikilli framþróun. Erlend gagnrýni er hluti af þeim breytingum sem orðið hafa og í viðskiptalífinu hefur þegar verið brugðist við henni, jafnvel á sviðum þar sem ekki hefur verið undir hana tekið. Þar hefur ráðið sú hugsun sem er skynsamleg, að hafa vaðið fyrir neðan sig.

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Rússarnir koma! Rússnesku skipin sem hingað koma bera af sér misgóðan þokka. Menn halda vart vatni sem líta á seglskipið Sedov sem kom til hafnar í Reykjavík á miðvikudag, svo stórt og tignarlegt sem það er. Hins vegar hafa Hafniróðingur ekki verið jafn heppnir með rússnesku fleyin sem liggja þar við bryggju og hafa íbúar í nágrenni hafnarinnar kvartað ítrekað til hafnaryfirvalda vegna togarans Tsefey en ljósavél hans hefur spúð svörtum reykjarmekki í hafnar-mynninu svo ósóminn sést í kílómetra fjarlægð að þeirra sögn. Það er því ómögulegt að vita á hverju menn eiga von þegar Rússarnir koma.</p>	<p>Bjarnason dómsmálaráðherra á vef sínum fyrir að vilja leggja skatt á útihátíðir og vænir Björn um að vera með fordóma gagnvart skemmtana-haldi á landsbyggðinni þegar hann segir að umræðan um drykkjulaeti á útihátíðum bendi til þess að ekki hugi allir skipuleggjendur nægilega vel að þeim reglum sem þeim beri að fylgja. Sigurjón segir: „Það er ekki nóg með að Sjálfstæðisflokkurinn hafi svipt íbúa landsbyggðarinnar réttinum til þess að draga sér bein úr sjó, heldur er fólkíð skatt-lagt sérstaklega ef það ætlar að skemmta sér og öðrum.“ Hvað heldur Sigurjón að borgarörmin séu að gera um verslunarmanna-helgina?</p>
<p>Bannað að veiða og skemmta sér Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, gagnrýnir Björn</p>	<p>Hvalfjarðarsveitasæla Nýlega var auglýst eftir umsóknum um stöðu sveitarstjóra í Hvalfjarðarsveit. Sveitarfélagið varð til við síðustu sveitarstjórnarkosningar þegar Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur og Skilmannahreppur sameinuðust. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og hafa 40 umsóknir borist. Fyrir kosningarnar var Sigurður Sverris Jónsson, oddviti Skilmannahrepps, harðlega gagnrýndur fyrir að verðlauna framtakssama sveitunga sína með gjöfum, en fá sveitarfélög voru jafn vel sett fjárhagslega og Skilmannahreppur enda var hálf tálvæðing og heil járnblendiverksmiðja innan hreppsmarkanna. Það er greinilega gott að vera yfirvald í þessari sveit. jse@frettabladid.is</p>

Endalaus átök?

Fréttirnar frá Líbanon eru hræðilegar. Fyrir okkur hér heima færðust atburðirnir nær vegna landa okkar sem staddir voru nálægt átökunum. Til allrar hamingju tókst að koma okkar fólk í burtu. En áfram býr saklaust fólk við stríðsástand og neyð þess vex dag frá degi. Ég vil nota þetta tækifæri hérna til að hvetja alla til að leggja Rauða krossinum lið í fjárföfnuninni sem renna á til þeirra sem nú eiga unnið að binda á þessu marghrjáða svæði. Hver sem skoðun manna er á aðdraganda átakanna, þá eiga allir að geta sameinast um að reyna eftir fremsta megni að hjálpa fólkinu sem á nú svo bágt. Þess bíða engar rútur eða flugvélar sem flytja það til betri landa, það býr þarna og hvergi annars staðar.

Gavriilo Príncip og Múhamed Atta

Þessi átök minna okkur á hversu víða í veröldinni lítið má bregða út af til að allt fari í bál og brand. Sagnfræðingurinn Niall Ferguson gaf nýverið út bók sem heitir War of the World: History's Age of Hatred. Hann bendir meðal annars á þrjár veigamiklar orsakir stríðs og átaka á öldinni sem leið; þjóðernisátök, fallandi heimsveldi og efnahagslegan óstöðugleika. Það góða við mannkynssöguna er að það er hægt að læra af henni, hið sorglega er að hún virðist endurtaka sig og helst gerist það aftur og aftur sem síst skyldi. Spennan á milli þjóðarbrotu á Balkanskaganum var slík að eitt hryðjuverk dugði til að tendra bál sem síðan hleypti fyrri heimsstyrjöldinni af stað. Hryðjuverk í Bandaríkjunum hrundu af stað stríði í Afganistan og Írak, stríði sem veldur sívaxandi spennu á milli vesturveldanna og hins íslamska heims.

Veldi Bandaríkjanna

Bandaríkin eru risaveldi okkar tíma. En færa má fyrir því rök að staða þessa mikla veldis sé að veikjast. Það reynir mjög á Bandaríkin þessa dagana. Átökin í Afganistan og Írak eru gríðarlega dýr og



Í DAG
SPENNA Á
ALÞJÓÐAVETTvangi

ILLUGI
GUNNARSSON

Ef staða Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi veikist vegna þess að efnahagsveldi þeirra er ekki jafn yfirþyrmandi og áður má gefa sér að til dæmis Kínverjar muni verða fyrirferðarmeiri sem því nemur. Þá kemur upp sú hættu að í odda skerist.

spenna fer vaxandi vegna Írans og Norður-Kóreu. Þótt Bandaríkin leggi mikla áherslu á samvinnu við fjölda ríkja í baráttunni við hryðjuverk eru það þau fyrst og síðast sem bera kostnaðinn. Efnahagslegur styrkur Bandaríkjanna er grunnurinn að veldi þeirra og um leið er hann mikilvægur aflvaki hagvaxtar í veröldinni. Það er ýmislegt sem veldur manni áhyggjum þegar lítið er á efnahagsmálin vestrá. Sparnaður þjóðarinnar er enginn, viðskiptahallinn gígantískur og mikið skortir upp á að lagður hafi verið til hlíðar lífeyrir fyrir þær tæplega 80 milljónir „baby-boomers“ sem nú eru að komast á eftirlaun. Spurningin á næstu árum verður sú hvort efnahagsleg geta Bandaríkjanna muni standa undir þeim verkefnum sem þeir telja sig þurfa að sinna á alþjóðavettvangi.

Rísandi veldi

Kína og Indland, fjölmennustu ríki heims, eru aftur á móti vaxandi veldi sem munu án efa verða sífellt fyrirferðarmeiri á næstu áratugum. Hagvöxtur í Kína hefur

verið gríðarlegur undanfarin ár og með sama áframhaldi mun þjóðarframleiðsla Kínverja verða sú sama og Bandaríkjanna innan ekki langs tíma, þó að langt sé í það að þjóðarframleiðsla á mann verði sú sama. Ef staða Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi veikist vegna þess að efnahagsveldi þeirra er ekki jafn yfirþyrmandi og áður má gefa sér að til dæmis Kínverjar muni verða fyrirferðarmeiri sem því nemur. Þá kemur upp sú hættu að í odda skerist. Tálvan er einn þeirra staða þar sem spennan ríkir á milli risaveldanna. Stjórnvöld þar æfa þessa dagana her sinn gegn árásum frá Kína og Bandaríkjamenn hafa stutt mjög við bakið á stjórninni í Taípei. Fyrir eða síðar mun Kína herða sókn sína gegn eyríkinu.

Stöðugri hagkerfi

Þeir meginkraftar sem Ferguson lýsir sem einkennandi fyrir síðustu öld eru því miður enn að verki nú við upphaf þessarar aldar. En eitt kann þó að hafa breyst og þá til hins betra. Efnahagslífið virðist í kjölfar vaxandi heimsviðskipta hafa náð meira jafnvægi. Þekking á orsökum hagsveiflna er meiri nú en áður og alþjóðleg samvinna öflugri en áður var. Samstarf þjóða í IMF, G-7 hópnur sem og á milli helstu seðlabanka heimsins hefur verið árangursríkt og eftir því sem viðskipti verða frjálsari á milli landa má vona að líkur á alþjóðlegri kreppu haldi áfram að minnka. Heimsviðskiptin hafa t.d. staðið af sér ótrúlega vel olíuverðshækkunirnar undanfarið. Hagvöxtur í heiminum síðastliðin ár hefur verið um og yfir 4% og því er spáð að hann fari upp undir 5% á þessu ári. Þetta leggst á vogarskál friðar. En því miður leggst á hina vogarskálina aukinn ójöfnuður, vaxandi bil á milli ríkra og fátækra. Það er því mikilvægt að tryggja að fátækari ríki heims fái greiðan aðgang að mörkuðum okkar ríku þjóðanna. Það er besta leiðin til að draga úr þeirri misskiptingu sem nú fer sívaxandi.

ÆVINTÝRBAEYJAR ÍSLAND

Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna

Komdu við á næstu Olis-stöð og fáðu stimpil í Ævintýrakortíð og ævintýraglaðning í leiðinni. Vertu með í allt sumar!

Við höldum með þér!

www.ferdalag.is

MARKADURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkíð.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinn Stefánsson FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

veruleg verðlækkun

hagstæðustu heildarinnkaupin



**aðeins
í dag!**

**frábært
verð**

899 kr.kg.

Goða frosið lambalæri



**frábært
á grillið**

**lægsta verð
á Íslandi**

999 kr.kg.

Danskar kjúklingabringur



**ómissandi eftir
góðan mat**

79 kr/stk

Vivana ís

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími: Aðeins í dag

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

RAYMOND CHANDLER (1888-1959)
FÆDDIST PENNAN DAG.



„Mjög góðir leynilögleglu-
menn giftast aldrei.“

Raymond Chandler var bandarískur
spennusagnarhöfundur.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Sveinbjörg Stef-
ánsdóttir er níræð
í dag.

Sindri Freysson er
36 ára.



Tilkynningar um merkis-
atburði, stórafmæli og
útfarir í smáletursdálkinn
hér fyrir neðan má
senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma
550 5000.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

Hermanía Kristín

Pórarinsdóttir

Skálagerði 11, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Grensáskirkju mánudaginn
24. júlí kl. 13.00.

Andrea Danielsson
Sigurþór Charles

Guðmundsson

Bjarni Ólafur Guðmundsson

Pórarinn Guðmundsson

barnabörn og barnabarnabarn

Páll Ragnarsson

Málfríður Sjöfn

Hilmarsdóttir

Martina Guðmundsson

Guðbjörg Ívarsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

Örn J. Petersen

verður jarðsöngin frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn
25. júlí kl. 13.00.

Berglind Ólafsdóttir

Sandra Bragadóttir

Mikael Jörgensen

Hrafnhildur Arna Arnardóttir

Arnór Dan Arnarson

Karen Arnardóttir

Heiðís Arnardóttir

Ágústa Marý



Systir okkar,

Kristín Jóhanna Pálsdóttir

Hringbraut 50, áður Selvogsgrunni 11,
Reykjavík,

lést 8. júlí 2006. Útförin hefur farið fram.

Þökkum auðsýnda samúð,

Ásmundur Pálsson
Hermann Pálsson

**LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Harmshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

PETTA GERÐIST 23. JÚLÍ 1997

Slobodan Milosevic verður forseti

Á þessum degi árið 1997 varð Slobodan Milosevic forseti sambandslýðveldisins Júgóslavíu, sem samanstóð af Serbíu og Svartfjallalandi, en hann hafði verið forseti Serbíu frá árinu 1989. Milosevic var á móti markaðshagkerfinu, hann beitti sér fyrir miðstýrðu hagkerfi og vildi að sjálfstjórnarhéruðin Vojvodina og Kosovo færu aftur undir stjórn Serba. Sem forseti Serbíu fylgdi hann stefnu þjóðernissinna og stuðlaði þar með að upplausn Júgóslavneska sambandsríkisins. Árið 1991 lýstu Slóvenía, Króatía og Makedónía öll yfir sjálfstæði en Milosevic studdi serbneska herliða sem börðust fyrir sameiningu Bosníu og Króatíu við Serbíu. Serbum tókst ekki að yfirbuga bosnískar og króatískar hersveitir og eftir þriggja ára stríð var króatíski herinn búinn að drepa nánast alla Serba í Króatíu. Á þessum tíma var efnahagur Serba í

rúst, meðal annars vegna viðskiptabanns Sameinuðu þjóðanna á Serbíu. Því var létt árið 1995 og Milosevic samdi frið.



Árið 1998 hófust átök á milli Serba og Albana í Kosovo og um vorið ári síðar var serbneski herinn sendur af stað til þess að bæla uppreisnina niður. Atlantshafsbandalagið brást við með því að hefja loftárásir á Júgóslavíu með þá von að Milosevic drægi herlið sitt til baka og í júní samdi Milosevic um frið við bandalagið.

Hann gat ekki haldið forsetaembætti sínu í Serbíu þriðja kjörtímabilið í röð en fékk sambandsþingið til þess að kjósa sig sem forseta Júgóslavíu árið 1997. Árið 1999 var hann síðan kærður fyrir stríðsglæpi og árið 2001 tapaði hann forsetastól sínum í kosningum. Réttarhöldin hófust árið 2002 en þeim lauk aldrei þar sem hann dó í mars á þessu ári.

MERKISATBURÐIR

- 1829 William Austin Burt fær einkaleyfi fyrir fyrstu ritvélinni í Bandaríkjunum.
- 1951 Frímúrarareglan á Íslandi er stofnuð.
- 1952 Kola- og stálbandalag Evrópu er stofnað en það var fyrsti vísirinn að Evrópusambandinu.
- 1967 Óeirðir byrja í Detroit í Michigan en þetta eru einhverjar verstu óeirðir í sögu Bandaríkjanna.
- 1984 Í fyrsta skipti þurfti ungrú Ameríka, Vanessa Williams, að skila titlinum til baka eftir að nektarmyndir birtust af henni í tímaritinu Penthouse.
- 2001 Örn Arnarson lenti í öðru sæti í hundrað metra baksundi á heimsmeistarasmótinu í Japan.



KRISTJÁN ÁSAMT DÓTTUR SINNI KATRÍNU ERLU Hélt upp á fertugsafmælið sitt þar sem gleðin stóð fram á nótt en í ár ætla hann að láta sér nægja kökuböð fyrir fjölskylduna.

KRISTJÁN ARASON: 45 ÁRA Í DAG

Alltaf sól á afmælinu

Í dag er Kristján Arason, fyrrverandi handboltakappi, 45 ára en hann var staddur úti á landi þegar blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af honum. „Ég er í sumarfrí núna, var að koma frá Akureyri og svo vorum við á Hofi í Álftafirði fyrir austan,“ segir Kristján en hann var staddur í Ölfusi með fjölskyldu sinni.

Spurður um frekari ferðalög segir Kristján allt vera óráðið en hann vonast eftir betra veðri seinni hluta sumars. „Það verður nú bara eitthvað lítið með fjölskyldunni. Annars erum við bara voða róleg yfir þessu, það er aðallega dóttir mín sem á afmæli á laugardaginn og verður þriggja ára, svo verður strákurinn sjö ára viku seinna,

þannig að mitt afmæli fellur í skuggann,“ segir Kristján en ljóst er að nóg verður að gera í kökubakstrinum á heimilinu á næstunni.

„Maður hefur það nú í minningunni að það hafi alltaf verið sól þegar maður átti afmæli og maður var bara úti í kúrekaleik, þá var Hafnarfjörður meiri óbyggðir, miklu meira um hraun en er í dag, þannig að það var virkilega skemmtilegt á sumrin þegar maður var lítill í Hafnarfirði,“ segir Kristján en hann hefur lengst af búið í Hafnarfirði.

„Ég hélt upp á fertugsafmælið, það var bara heima á Tjarnarbrautinni og það var rosalega vel heppnað. Við tjölduðum yfir garðinn og það var

mikil gleði frameftir, það eru mjög skemmtilegar minningar frá því,“ segir Kristján.

Þegar Kristján er spurður að því hvort hann sé eitthvað í handboltanum svarar hann því til að lítill tími hafi gefist fyrir það seinni ár. „Þegar Þorgerður fór í ríkisstjórn og ráðherrann hætti ég í handboltanum, eitthvað varð að gefa eftir, þannig að ég er bara á fullu hjá KB banka og það er svo sem alveg nóg.“

„Við ætlum að fara um Borgarfjörðinn og hitta hestahóp, en þau eru að enda ferð sína á föstudaginn í Borgarfirðinum og við ætlum að keyra á móti þeim og taka eina stutta dagleið,“ segir Kristján að lokum. gudrun@frettabladid.is

Njála með sunnudagskaffinu á Hvolsvelli

Í dag hefst fyrirlestur á Hvolsvelli sem ber heitið „Njála með sunnudagskaffinu“. Fyrirlesturinn sem verður fluttur í dag ber heitið „Nýjustu fréttir af mér og Njálu,“ en Einar Karl Haraldsson mun flytja hann.

Sigrún Ragnheiður Ragnarsdóttir, forstöðumaður Sögusetursins, segir þetta vera annað árið sem fyrirlesturinn um Njálu eru haldnir. „Menn vinna þetta út frá bókinni, allir fyrirlesturarnir hafa gert það,“ segir Sigrún. „Grunnurinn að Sögusetrinu var að setja upp einhvers konar sýningu um



SÖGUSETRID Á HVOLSVELLI Sögusetrið var sett á laggimar fyrir níu árum síðan en „Njála með sunnudagskaffinu“ er nú haldið í annað sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Njálu og svo stækkaði hún í meðförum,“ segir Sigrún, en á setrinu er meðal annars

hægt að fræðast um víkinga og verslun á fyrri öldum og einnig er gallerí á staðnum.

Spurð um aðsóknina í fyrri segir Sigrún hafa gengið vel. „Það kom fólk úr öllum áttum og fólk var líka að koma úr bænum,“ segir Sigrún og bætir við að sumir hafi jafnvel komið tvisvar eða þrisvar.

Fyrirlesturinn hefst klukkan hálf fjögur í dag í Sögusetrinu og umræður verða að lestrinum loknum. Fyrirlesturarnir eru sex talsins og aðgangseyrir er þúsund krónur en nánari upplýsingar er að finna á www.njala.is.



UPPSKERA Apríkósuuppskeran er í fullum gangi í Gyoengoespata í Ungverjalandi en uppskeran á býlinu í ár er um fimmtíu þúsund kíló af ávöxtum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttar-lögmaður hefur á síðustu árum vakið athygli fyrir framgöngu sína sem verjandi. Í spjalli við Kristján Hjálmarsson ræðir Sveinn Andri um starf sitt, misræmi milli dóma og skort á úrræðum í íslensku réttarkerfi.

Sveinn Andri hefur kosið að starfa á vettvangi sem margir starfsbræður hans veigra sér við, því þótt allir eigi rétt á verjanda þykir fáum það öfundsvært hlutskipti að verja dóp-sala og kynferðisafbrotamenn fyrir rétti. „Eins og með svo margt annað varð ég eiginlega verjandi fyrir tilviljun. Þegar lögmenntu eru að byrja að fóta sig áfram og starfa sjálfstætt taka þeir þau störf sem bjóðast. Ég setti mig á lista hjá lögreglunni og var alltaf tilbúinn að koma, sama hvenær sólarhringsins það var, og taka að mér þá sakborninga sem höfðu engan sérstakan verjanda í huga,” útskýrir Sveinn Andri. „Þegar lögreglumennirnir sáu að ég var oftast tilbúinn að koma fóru þeir að hringja meira í mig. Eftir því sem fram hefur liðið hafa tengsl mín við lögregluna orðið meiri, auk þess sem sakborningar hafa í meiri mæli óskað eftir mér. Þeir tala saman þessir gaurar og því meira sem ég er í þessum málum, því betur þekki ég þá.“

Sveinn Andri segist eiga orðið ágætis kunningja meðal þeirra sakborninga sem hann hefur varið og hann ber þeim góða söguna. „Þetta eru eðlilegir náungar eins og ég og þú.“

Flestir þeirra sem eru í afbrotum hafa leiðst út í þetta út af persónulegum vandamálum og þá oftast vegna fíkniefna. Það er eitthvað gott í öllum og ég hef ekki enn hitt „evil criminal“ það er einhver sem er algjörlega forhertur.“

Öðlast dýpri sýn á lífið

Sveinn Andri telur það gott fyrir alla lögmenntu að kynnast sakamálum. „Ég held að maður verði talsvert víðsýnni fyrir vikið. Þetta er fyrir verjandann eins og félagsráðgjafann, þeir vinna með fólk sem á við vandamál að stríða og ég held að maður öðlist dýpri sýn á lífið og tilveruna í svona starfi. Þá kann maður líka betur að meta það ef fjölskylda manns er réttu megin í tilverunni. Ef afbrotaunglingur er í neyslu er öll fjölskyldan undirlögð. Það er alltaf mikill harmleikur á bak við svona mál,” segir Sveinn Andri, sem hefur þó einnig séð

jákvæðar hliðar á slíkum málum. „Auðvitað er það jákvæðasta í þessu starfi að upplifa viðsnúning í fjölskyldutragedíu. Ég þekki til dæmis fjölda einstaklinga sem hafa tekið sig á, hætt brotastarfsemi og

orðið góðir og gegnir borgarar. Það er þá alltaf einni tragedíunni minna og það er gefandi að fylgjast með því.“

Sakborningar eiga rétt á málsvörn

Sveinn Andri segist aldrei hafa hafnað því að verja sakborninga þótt hann viðurkenni fúslega að sum mál geti tekið á. „Ég er kominn með harðan skráp en auðvitað eru kynferðismálin erfiðust, sérstaklega ef þau beinast gegn börnum. En þegar svo stendur á reyni ég að sannfæra sjálfan mig um að sakborningurinn eigi rétt á málsvörn og það sé alveg eins gott að ég sjái um hana eins og einhver annar. Kynferðisbrotamenn hafa líka oft sjálfir sætt kynferðisofbeldi sem börn og þá voru ekki til nein úrræði fyrir þá. Fyrir vikið fengu mennirnir brenglaða sýn á kynferðisleg samskipti almennt,” segir Sveinn Andri. „Ég man til dæmis eftir tveimur eldri mönnum sem ég hef unnið með sem játuðu brot sín og leituðu til sálfræðings eða geðlæknis á eftir. Dómarinn mat það við þá að þeir skyldu taka á sínum vandamálum því þá var minni hætta á að þeir myndu halda áfram á sömu braut.“

Sveinn Andri segir þó að kynferðismál gegn börnum snerti hann og þá ekki síst þegar hann þurfi að lesa atvikaýsningar.

„En maður verður bara að hafa harðan skráp í þessu eins og öðru. Þetta er ekkert öðruvísi fyrir verjendur en dómara, lögreglumenn eða sækjendur sem þurfa að lesa sömu gögnin. Við erum allir undir sömu sök seldir.“

SVEINN ANDRI SVEINSSON
Verjandinn knái segir það ekki ganga að menn sem fari inn á Litla-Hraun komi forhertari út.



Eitthvað gott í öllum

„Þetta er refsipólítískt mat og mér finnst ekkert samhengi þarna á milli. Ég sé ekki að almenningur meti fíkniefnabrot sem alvarlegri brot en kynferðisbrot. Ég er ekki að segja að það eigi að taka kynferðisbrotin mjúkum höndum en mér finnst refsingar í fíkniefnamálum úti úr öllum kortum. Í grófum kynferðisbrotum eru menn kannski að fá fimm ára dóm en í stærri fíkniefnamálum fara menn upp í tíu til tólf ár. Refsikerfið er að leggja stærri fíkniefnamálin að jöfnu við manndrápsmál og morð. Mér finnst þetta algjörlega fráleitt. Ég er ekki að segja að það sé of vægt tekið á kynferðisbrotamálum en ég held að það sé allt of hart tekið á fíkniefnamálum og það þarf að keyra þau niður.“

Þörf á virkari úrræðum

Spurður hvort nægar úrlausnir séu fyrir brotamenn á Íslandi segir Sveinn Andri: „Ef við tökum fyrst fyrir fíkniefnamálin eru margir sem telja að lausnin felist í harðari refsingu. Það er hins vegar búið að sanna það, bæði með reynslu og rannsóknnum afbrotafræðinga, að einu áhrifin sem hærrí refsingar í fíkniefnamálum hafa í för með sér eru að verðið á fíkniefnum hækkar og það færast meiri harka í þennan geira. Í sumum löndum liggja dauðarefsingar við fíkniefnamálum en þær hafa ekki girt fyrir fíkniefnamisferlið.“

Sveinn Andri segir að virkari úrræði þurfi að standa til boða. „Framboðið á fíkniefnum virðist bara vera að aukast. Ég held að það sé ekki horft nógu mikið á eftirspurnina. Það þarf að taka þessa

SVEINN ANDRI Í HNÓTSKURN:

Bókin á náttborðinu:

Síðasta bók sem ég las var Kleifarvatn. Ég var sáttur við hana en þarf að ræða betur við Arnald því mér finnst vanta meira af verjendum í bókunum hans.

Hljómsveitin:

Hjálmar, þeir eru algjörir snillingar. Ég verð að beina þeim tilmælum til tónleikahaldara að fá UB-40 til að koma og spila hér á landi og láta Hjálma hita upp. Þá mæti ég. Ég er hasshaus í tónlistinni.

Maturinn:

Allur ítalskur matur.

Besta skákbyrjun:

Ég nota alltaf Caro-Kann með svart og drottningarbragð með hvít.

Fram eða Ísland:

Fram. Ég hef ekki mikinn áhuga á að horfa á landsleiki.

krakka sem eru í neyslu úr umferð. Verameðvirkari og betri meðferðarúrræði og slá þannig á neysluna. Það hefur sýnt sig að þessir krakkar gera hvað sem er til að fá fíkniefnin og þeim er skítsama um allt annað. Við erum með margar tífandi tímasprenjur sem geta farið með öxi inn í næsta bankaútibú og brotið niður skilveggi bara til að fá smáaura. Ég held að það þurfi meiri forvarnir og virkari og betri meðferðarúrræði fyrir þau,” segir Sveinn Andri. „Ég held að það verði að taka þessa yngstu neytendur úr umferð en auðvitað verða þeir sjálfir að vilja fara í meðferð. Það gengur síðan ekki að fólk sem er í harðri neyslu og vill komast í meðferð fari á biðlista.“

Ný úrræði á Hrauninu

Sveinn Andri segir það heldur ekki ganga að menn sem fari inn á Litla-Hraun komi forhertari út. „Það eru dæmi um það að ungir menn fari inn og hitti fyrir forhertari menn og herðist bara fyrir vikið.“

Núna erum við með toppmann sem fangelsismálastjóra sem er greinilega farinn að brydda upp á nýjum úrræðum. Það er bráðnaðsynlegt að gera það innan fangelsismúranna.“

Sveinn Andri tekur dæmi af manni sem hafi ákveðið neyslunynstur. Í stað þess að dæma hann í eins árs fangelsi væri hægt að senda hann í eins árs meðferð. „Ef hann færir hins vegar úr meðferðinni yrði hann settur inn. Svona aðferðum þarf að beita miklu meira því menn byrja bara aftur ef þeir komast ekki út úr neyslunni og hún virðist veratalsverð innan fangelsismúranna. Menn lenda bara í sama farinu um leið og þeir losna.“

Rimini

16. eða 23. ágúst

Sértilboð - Residence Fellini

frá kr. 39.990

Frábær gisting á Rimini

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Rimini í ágúst á hinu vinsæla íbúðahótel Residence Fellini. Fallegt og sérlega hlýlegt hótél sem opnaði vorið 2004 og farþegum okkar hefur líkað afar vel. Allar íbúðir og stúdíóíbúðir eru vel búnar nýttiskulegum húsgögnum, sjónvarpi, síma, loftkælingu, öryggishólfu og eldhúsi með örbylgjuofni. Öllum íbúðum fylgja litlar svalir. Hótelið er vel staðsett á Rimini með veitingastaði, bari, kaffihús og verslanir allt í kring. Þetta einstaka tækifæri og njóttu lífsins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu.

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/ stúdíó/íbúð í viku.



BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

GALTALÆKUR



SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
Í VÍMULAUSU UMHVERFI



FORSALA HEFST Í DAG

STUÐMENN
SKÍMÓ - PAPPARNIR - NYLON
SNORRI SNORRASON
ÍZAFOLD - INGÓ IDOL - BRÍET SUNNA
FLUGELDASÝNING - VERÐELDUR OG
SÖNGVARAKEPPNI

BYLGJAN
20 ÁRA

Galtalækur - þar sem íslendingum
finnst skemmtilegast að tjalda!



DAGSKRÁIN OG VEÐRIÐ HEFUR ALDREI LITIÐ EINS VEL ÚT
MIÐASALA Í HAGKAUPUM

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ferköntuð eftirskrift Páls

PS nefnist ný bók sem Páll Stefánsson ljósmyndari sendir frá sér innan skamms. Sex ár eru liðin frá því að Páll sendi síðast frá sér bók en þær eru orðnar æði margar.

Ég held að þetta sé ellefta heildarverkið mitt en svo hef ég átt hluta í ýmsum öðrum bókum," segir Páll. „Ég gaf út bækur svolítið þétt á. Mig langaði til að koma með eitthvað nýtt

enda voru margir ljósmyndarar farnir að herma eftir því sem ég hafði verið að gera.“

Páll gaf út bókina Panorama árið 1997, Land árið 1999 þar sem hann myndaði sex uppáhalds svæðin sín og svo 1881 km árið 2000 þar sem hann keyrði hringinn í kringum landið og tók myndir á tuttugu kílómetra fresti.

Páll segir að nýja bókinn sé mun persónulegri en þær fyrri. Veðrið er verra, meira abstrakt og í stað þess að taka myndir af stórum svæðum sýni hann lítinn hluta - af ám, hverum eða landsvæðum svo dæmi séu tekin.


Páll segist fyrst og fremst vera tímaritaljósmyndari og tekur meðal annars myndir fyrir Iceland



VIÐ KALDALÓN „Þetta er tekið í Kaldalóni í Ísafjarðardjúpi. Þessi mynd er svolítið tákngervingur bókarinnar, er lítil lækur sem ég búta niður og lýsir þeim litum sem eru allsráðandi í íslensku sumri. Hún gæti í raun verið tekin hvar sem er - svona tilfinning og form.“



VIÐ RAUÐFOSS „Þessi mynd er tekin við Rauðfoss að fjallabaki. Í staðinn fyrir að taka mynd af fossinum sjálfum sný ég baki í hann. Birtan var svo mögnuð í þessa átt og þetta lítrika líbarítgrjótt sem liggur í árfarveginum er fallett," segir Páll.



POLLUR „Ég hef áður séð þessar tjarnir uppi á miðjum Vatnajökli og ég einsetti mér það að leita einn pollinn uppi. Þessi mynd er tekin úr flugvél í hálfu kílómetra hæð. Það er erfitt að átta sig á skalanum í þessu en maður sér túrkisbláa litinn og öskuna úr þeim nýlegu gosum sem hafa verið í Vatnajökli.“



HRAFNTINNUSKER „Þetta er einn af þessum ótrúlegu stöðum í lýðveldinu þar sem eldur og ís mætast. Þetta er óskaplega ómerkilegur heitur pollur með grjóti. Það er í raun ekkert merkilegt við þessa mynd, ég beini myndavélinni bara niður og smellir af.“




FJALLSÁRLÓN „Þetta er Fjallsárlón í sunnanverðum Vatnajökli. Myndin var tekin í byrjun júní, klukkan tvö að morgni í þessum endalausni degi sem íslenskt sumar er.“

Review og Atlantica. „Svo hef ég haldið sýningar og viðað að mér efní. Auðvitað liggur svona bók alltaf í undirmedvitundinni og ég er kannski að reyna að finna nýjan tón í landlagljósmyndum. Flestar myndirnar í nýju bókinni eru ferkantaðar. Teknar á Hasselblad filmuvél sem hefur ótrúlegan kost miðað við stafræna tækni. Filmarnar ná meiri gæðum, fleiri smáatriðum og það er hægt að stækka myndirnar endalaust upp," segir Páll. „Það er kannski flóknara og þyngra að vera með svona stóra filmu á ferðalagi en kostirnir eru svo miklu meiri. Filman nær líka að festa þessa síbreytilegu birtu okkar - hún spannar stærra svið en stafræna tækni.“

Páll ferðaðist út um allt land við efnissöfnun. Hann sankaði að sér efní í ein sex ár, en þó aðallega síðasta eina og hálfu árið. Það var því úr nægu að velja. „Þessi bók er svolítið eins og ljóðabók. Það eru ekki alltaf bestu ljóðin sem detta inn heldur þau ljóð sem ríma við ljóðið á undan. Ég fékk síðan góða hjálp frá Kristjáni B. Jónassyni, ritstjóra bókarinnar, og Helgu Guðnýju Ásgeirsdóttur, sem hannaði bókina, við að velja myndirnar.

Textinn í bókinni er af skorum skammti. „Aftast í bókinni má lesa ítarlega myndatexta þar sem sagan á bak við hverja mynd er rakin. Ég held að fólk geti haft dálítið gaman af því," segir Páll ljósmyndari.

kristjan@frettabladid.is



BRÚARÁRFOSS „Þessi mynd er bæði í bókinni og kápa bókarinnar. Þetta er Brúarárfoss í Biskupstungum og myndin er tekin á þessum sérkennilegu skilum þar sem vetrarbirta og vorbirta mætast. Hún er blá, svona húm í henni. Ég gerði mér ferð þangað austur til að fanga þetta. Eftir svona langan tíma sem ljósmyndari er ég farinn að þekkja birtuna og hvað er hægt að kreista út úr henni.“

Búlgaría

um Verslunarmannahelgi 3. ágúst

Frá kr. **59.990**

**** sértíloð

Fjögurra stjörnu hótलगisting - frábært verð

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú frábært tilboð til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugetu næturlíf. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir, en fyrir liggur að gistingin verður á fjögurra stjörnu hóteli og a.m.k. morgunverður er innifalinn.

Frá kr. **59.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi á 4* hóteli í viku. Flug, skattar, gisting með a.m.k. morgunverði og fararstjórn.



Skógarhlíð 18 - 105 Reykjavík - sími 591 9000
Akureyri - sími 461 1099 • Hafnarfjörri - sími 519 9500
www.terrannova.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



MORRISSEY

Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006



Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á midi.is

Víkingarnir sem vígbúa ferðamenn

Það er fjölmennt í víkingahúsinu á Eiríksstöðum í Haukadál þegar Jón Sigurður Eyjólfsson rennur þar í hlað. Fjölmenntur hópur erlendra ferðamanna kemur sér svo fyrir við hringeldinn og þrúðbúinn víkingur gengur í bæinn. Húsið sjálft og allt innanstokks minnir á víkingaöld svo nú er ekkert að vanbúnaði; menn koma sér fyrir í víkingabælum, hurðinni er hallað og úti hvílir nútíminn meðan ferðamenn dvelja í heimi víkinga.

Vígaferli ekki liðin í Haukadál

Uppabúni víkingurinn er Sigurður Jökulsson frá Vatni, sem einnig er forstöðumaður á Eiríksstöðum. Það er engu líkara en hann sé að segja frægðarsögur af sjálfum sér þegar hann rekur sögu Eiríks rauða og fjölskyldu hans, innlifunin er slík. „Stúlkurnar héðan úr Haukadál hafa ætíð þótt góður kvenkostur,“ segir hann við ferðamenn. „Og Eiríkur rauði sem nam land á Ströndum vissi það og nældi sér í hana Þjóðhildi Jörundardóttur sem var héðan og fluttist hann því hingað í Haukadál og hér fæddist sonur þeirra Leifur sem síðar fékk viðurnefnið heppni.“ Þetta þykir Sigurði ekki sárt frásagnar enda sjálfur Haukdælingur. „Hann þótti afar illur viðureignar og eftir að hafa drepið nágranna sinn vegna deilna var hann gerður brottrækur héðan. Okkur er nefnilega illa við vígaferli hér í Haukadálnum.“ Ekki er laust við að einhverjum ferðamannanna sé létt við þá fullyrðingu þessa vígalega Haukdælings, sem heldur sögunni áfram. „Þá flutti hann til Brokeyjar á Breiðafirði þar sem hann lék sama leikinn. Sigldi hann þá til vesturs í leit að Gunnbjarnarskeri sem sögur fóru þá af og endaði á Grænlandi.“

Svo er sagan rakin af því þegar Leifur sigldi til Vesturheims. Að heyrna þá sögu úr víkingamunni á þessum stað er mörgum Bandaríkjamönnum á við trúarlega reynslu, segir Sigrún Sóley, systir Sigurðar, sem stundum hleypur í skarðið fyrir hann.

Víkingarnir sváfu nær sitjandi

Árið 1997 fundust leifar af bónda-



VÍKINGARNIR VIÐ SLOTIÐ Ljósmyndari bar af sér ágætis þokka og því var liðið á Eiríksstöðum óvopnað þegar komið var að. Hér eru Sunna Sól dóttir Sigurðar, Sigrún Sóley Jökulsdóttir, Jökull Steinar Ólafsson og því næst Sigurður Jökulsson. Lýsa er svo fremst í þessum fongulega hópi.

bæ frá víkingaöld að Eiríksstöðum og bentu rannsóknir til þess að það væri bær Eiríks rauða. Var þá ráðist í að byggja nýjan bæ neðar í hlíðinni með sama lagi og gert var á landnámsöld. Hann var svo opnaður almenningi árið 2000. Það sem fyrst vekur athygli gesta sem koma í bæinn er hversu lítil bælin eru en þau eru varla nema rúmur metri á lengd. „Tveir til þrjár sváfu saman í hverju bæli svo að í þessum bæ hafa sennilega búið um 15 til 20 manns,“ segir Sigurður og það fer um ferðamennina. „Víkingarnir sváfu nefnilega ekki liggjandi heldur allt að því sitjandi enda töldu margir að blóðið yrði stöpp ef menn flatmögðu of lengi. Hér uppi sváfu svo börnin og jómfúrur,“ segir hann og bendir á eins konar háaloft sem er í öðrum enda hússins. „Þegar börnin og jómfúrur voru komin þarna upp var svo stiginn tekinn burt svo börnin færu ekki á stjá og enginn kæmist í jómfúrur.“



GOTTLIEB Í KENNSLUSTUND HJÁ ÁSLAUGU Þýski hjólreiðafarðamaðurinn Gottlieb Richardt fékk lítinn tíma til að kasta mæðinni því um leið og hann kom að Eiríksstöðum tók Áslaug Finnsdóttir hann í kennslustund í vattarsaum.

Í hinum enda hússins er svo matarskemman en þar hanga hertir þorskhausar og annað sem einhvern tímann hefur þótt góðgæti. Ferðamönnum þykir þó ekki mikið til þessa fiskmetis koma og bera því flestir við að hafa fengið sér bita í sölutjaldinu hjá henni

Áslaugu þegar víkingurinn otar að þeim þorskhausnum.

Þýskur hjólreiðagarpur tekinn í kennslustund

Áslaug Finnsdóttir er uppabúin að víkingasið í sölutjaldinu þar sem hægt er að fá sér næringu og kaupa minjagrip. En hún tekur hlutverki sínu ekki með léttuð frekar en aðrir sem vinna á þessum víkingaslóðum. Því fékk þýski hjólreiðafarðalangurinn Gottlieb Richardt að finna fyrir þegar hann kom þreyttur og mäsandi að sölutjaldinu þar sem Áslaug sat fyrir utan við saumaskap. Eftir stutta kynningu á sjálfum sér og ferðahögum sínum var honum uppálagt að setjast við hlið hennar og þar var hann tekinn í kennslustund. „Þetta er svokallaður vattarsaumur, stundum kallað nábragð. Það er komið af orðinu vottur en það var einmitt einn slíkur sem fannst árið 1889 á Arnheiðarstöðum í Fljótsdalshéraði,“ segir hún en Gottlieb kveður „ja“ við þegar við á. „Þeir sem fundu hann vissu ekki hvaða aðferð þetta var sem notuð var við vettlinginn en Soffía á Hofi í Svarfaðardal kunnir á þessu skil. Þá hafði hún erft þessa kunnáttu frá sínum formæðrum og notaði hún þessa aðferð þegar hún var að sauma mjólkursiur. Ég kann nú aðeins fjórar aðferðir við svona saum en víkingarnir kunnu um þrjú hundruð.“ Eftir þessa lexiu spyr Gottlieb hvort hún eigi ekki kaffisopa að selja honum.

Jörfagleði til að fjölga í sýslunni

Jökull Steinar Ólafsson, sonur Sigrúnar Sóleyjar, lætur heldur ekki sitt eftir liggja og gengur í víkingaklæðum um svæðið og segir ferðamönnum af einu og öðru ef svo ber undir. Það er mikill fengur í því að hafa hann á svæðinu, ekki síst vegna þess að hann hefur rauða lokka líkt og sá sem bærinn er nefndur eftir. Móðir hans segir að stundum spyrji ferðamenn að því hvort hann sé úr frændagarði Eiríks. „Verði Sigurður bróðir minn var við slíkar vangaveltur tekur hann sér jafnvel skáldaleyfi og þá er Eiríkur og allt hans lið í okkar frændgarði,“ segir hún.

En saga býr í hverjum hól í Haukadál og þegar komið er úr bænum á Eiríksstöðum blasa aðrar

sagnaslóðir við. „Þarna er Jörfi sem Jörfagleði er kennd við,“ segir Sigurður og bendir inn dalinn. „Það var fyrsta útihátíðin. Þá kom alþýðan saman og skemmti sér. Fólki var svo mikið í mun að komast á Jörfagleði að menn segja að vinnufólk hafi fyrst rætt um það þegar það bast vistarböndum að fá fri til að fara á Jörfagleðina, svo var rætt um kaup og kjör. En árið 1702 var þetta bannað af yfirvöldum vegna þess að sollarinn þótti fullmikill enda urðu mörg lausaleiksbörn til þarna. En við í Haukadálnum viljum endurvekja þessa gleði og helst með gamla fyrirkomulaginu því það þarf að fjölga í sýslunni.“

Nú á dögum er Jörfagleði haldin annað hvort ár í Haukadálnum en enn hefur gamla lagið ekki verið endurvakið... svo vitað sé. Ekki eru það einu hátíðahöldin í Haukadálnum því í byrjun mánaðarins var haldin svokölluð Víkingahátíð á Eiríksstöðum og mættu rúmlega 700 manns á hana. Flestir mættu óvopnaðir en þó eru menn ekki búnir að vera lengi á Eiríksstöðum þegar Sigurður eggjar menn til að munda vopnin sem þar eru. „Þetta er bær en ekki safn. Takið vopn og hjálma og fyrir alla muni snertið munina sem hér er að finna,“ segir hann ákveðinn. Enn sem komið er hefur enginn komist í vígahug eftir þessa áeggjan.



VÍKINGURINN SEGIR FRÁ Fátt minnir á nútímann þegar hurðinum á Eiríksstöðum hefur verið hallað aftur og víkingurinn Sigurður Jökulsson er kominn í sagnaham. Þegar sagan er öll eggjar hann menn til að munda vopnin sem til eru á bænum og otar svo að þeim hertum þorskhausi.



MÆÐGINN VIÐ ELÐINN Jökull Steinar Ólafsson situr hér með móður sinni Sigrúnar Sóleyju Jökulsdóttur. Að þessu sinni flikar hann ekki rauðum lokkum sínum, sem jafnan vekja eftirtekt ferðamanna.

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Draumahús íslenskra hjóna í Hollandi
- Fjörupikknikk Áslaugar Snorradóttur
- Rómantískt heimili Fjölfnis Elvarssonar og Rósu Svövdóttur
- Dagar Magnúsar Scheving fullir af tækifærum



FERÐAMANNASTRÁUMURINN Í BANKASTRÆTI Auk Cintamani og verslunar Bláa Lönsins sem voru opnaðar í vor neðst á Laugaveginum hafa minnigripabúðirnar Íslandía og Rammagerðin komið sér fyrir steinsnar hvor frá annarri í Bankastrætinu. „Það er langmest af ferðamönnum á þessum slóðum. Mér finnst þetta orðið túristastaður og það er mjög skemmtilegt, gaman að spjalla við fólk á öðrum tungumálum,“ segir Atli Stefán Yngvason, verslunarstjóri í Cintamani Center for Adventure sem var opnuð í apríl. „Þetta er alveg frábær staðsetning.“ Verslunarstjórar Íslandía og Rammagerðarinnar eru sammála um að nóg sé að gera á Laugaveginum þrátt fyrir náið sambýli samkeppnisaðila. Rammagerðin rekur enn verslun í Hafnarstræti en sá sóknarfæri á Laugaveginum. „Við erum með öðruvísi vöruúrval hér. Í Hafnarstrætinu fáum við mikið af hópum en hérna erum við að ná í gangandi vegfarendur,“ segir Sólveig Einarsdóttir verslunarstjóri.



Líf á Laugaveginum

Langi hafa svartsýnisraddir spáð Laugaveginum hægum dauðdaga í samkeppninni við verslunarmiðstöðvar en þessi fornfræga gata gengur nú í endurnýjun lífdaga og það með stæl. Allt það sem er nýtt, öðruvísi, skritið eða „artí“ fær húsaskjól við Laugaveginum eða hliðargötur hans og sífellt spretta upp nýjar verslanir og veitingastaðir sem gleðja fagurkera borgarinnar. Vikulega má sjá list-sýningar og tónleika í bakgördum og portum og svo er alltaf gaman að rólta um litlu hliðargöturnar og skoða gamlar perlur.

Laugavegsrúnturinn er enn vinsælasta ökuleið borgarinnar en ekki er verra að búa í miðbænum og vera í göngufjarlægð við lífið á Laugaveginum. „Maður er nálægt öllu og í snertingu við þjóðlífið. Einn daginn er allt troðfullt, eins og á Þorláksmessu, Menningarnótt og 1. maí, en morguninn eftir eru bara nokkrir starrar og mávar hoppandi um götuna. Það eru ákveðin lífsgæði í því að búa

hérna,“ segir Mörður Árnason þingmaður en hann hefur búið við götuna hálfu ævina, fyrst þegar hann var níu ára, síðan aftur sextán ára og í tæplega tvo áratugi hefur hann átt heima á fjórðu hæð á Laugavegi 49. „Laugavegurinn er hluti af mínu lífi, mér hefur alltaf liðið vel að búa við þessa götu.“ Mörður segir að þó að alltaf megi deila um einstök hús séu þær áherslur sem borgarstjórnin og Laugavegssamtökin hafa haft undanfarin ár í rétta átt. „Laugavegurinn hefur sloppið furðuvel úr hremmingum síðustu ára. Á Laugaveginum á ströng verndarstefna ekki við, vegna þess að gatan verður að vera lifandi. En það þarf að passa að glata ekki verðmætum með óskynsamlegu niðurrifi og halda sérstaklega upp á það sérkenni að á Laugaveginum er að finna hús frá öllum tímum íslenskrar byggingarsögu. Það vantar bara torfhúsin, ég vil að því verði kipt í liðinn,“ segir Mörður.

rosag@frettabladid.is



KLAPPARSTÍGURINN KALDUR Fyrir ári síðan var allt að gerast á Klapparstígnum en nú er fjörið að færast á aðrar götur miðbæjarinnar. Fyrir á árinu hætti verslunin Ranimosk á Klapparstíg en hún gladdi marga miðbæjarrottuna með ýmsu glingri og notuðum vörum. Nágranni Ranimosk, Nonnabúð myndlistarmannsins Jóns Sæmundar Auðarsonar, hættir senn þar sem aðalsmerki búðarinnar, Dead, er að leggja upp laupana á Íslandi. Í ofanálag hefur Spútnik fært sig frá Klapparstíg og yfir á Laugaveginum.



AUSTURENDI LAUGAVEGAR LIFNAR VIÐ „Það eru fjögur eða fimm fyrirtæki að opna á móti okkur í Sautján, það setur fjör í Laugaveginum. Það er af hinu góða að fá fleiri fyrirtæki á Laugaveginum,“ segir Magnús Ketilsson, verslunarstjóri í Gallerí 17. Hann hefur orðið var við óvenjumarga ferðamenn í ár á þessum slóðum og segir að það vanti ekki Íslendingana heldur. „Mér finnst þessar framkvæmdir lofa góðu, það er nóg í gangi hérna á Laugaveginum.“



ATLI STEFÁN YNGVASON Verslunarstjóri Cintamani.

AFSLAPPÐ ANDRÚMSLOFT

Á veturna fylla raungreinanemar ganga Öskju. Nokkrir staldra þó við á sumrin og fást við ýmiss verkefni

ATVINNA 8



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Ertu góð/ur í pólsku og íslensku?

564570

Þekkt þjónustufyrirtæki leitar eftir einstaklingi sem hefur framúrskarandi þjónustulund og áhuga á samskiptum við fólk. Umsækjandi þarf að tala og rita góða pólsku og skilja og tala íslensku.

Starfið gerir kröfu um:

- Góða ritaða og talaða pólsku
- Góða talaða íslensku og getu til að skrifa á íslensku
- Mikla getu í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileika
- Góða kunnáttu í notkun algengustu forrita (Word, Excel, Outlook)

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af skrifstofustörfum skilyrði
- Háskólamenntun kostur en ekki skilyrði
- Frumkvæði, jákvæðni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hefur Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg@vinna.is) hjá vinna.is. Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu vinna.is.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Tækifæri í boði!



Lager 564558

Osta- og smjörösalan sf. óskar eftir að ráða til sín starfsmann á lager. Í starfinu felst að taka til pantanir, umhirða á lager og annað tilfallandi. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 7:30-16:30. Leitað er að reyklusum, áreiðanlegum, hraustum og stundvísu einstaklingi. Ráðið verður í starfið strax.

Bílstjóri 564565

Osta- og smjörösalan sf. óskar eftir að ráða starfsmann með meirapróf eða með réttindi á bíla yfir 3,5 tonn í útkeyrslu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:30-16:30. Leitað er að reyklusum, áreiðanlegum, hraustum, röskum og stundvísu einstaklingi. Ráðið verður í starfið strax.

Vörumóttaka 564566

Osta- og smjörösalan sf. óskar eftir starfsmanni í móttöku. Starfið felst í móttöku, skráningu og frágangi vöru, ásamt umsjón með lestun bíla. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:00-16:30. Leitað er eftir töluglöggu, sjálfstæðu og traustum einstaklingi sem er reyklus. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Innkaupastjóri



Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar eftir að ráða innkaupastjóra. Innkaupastjóri stýrir innkaupadeild á fjármálasviði og heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

Helstu verkefni:

- Innkaup á vöru og þjónustu
- Þátttaka í útboðum og samningagerð
- Verðathuganir og upplýsingamiðlun
- Umsjón með sölu eigna
- Skýrslugerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Verkfræðipróf, MBA eða sambærilegt framhaldspróf
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Landsvirkjun ásamt dótturfyrirtækjum, er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir á um 182 milljarða og ársveltu um 16 milljarða. Forgangsverkefni fyrirtækisins eru m.a. að taka þátt í breytingum á skipulagi orkumála, þróa vörur og þjónustu til að tryggja stöðu Landsvirkjunar á orkumarkaði og efla gæða- og umhverfisstjórnun. Mikil áhersla er lögð á mannaflastjórnun með áherslu á þekkingarstjórnun, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um starfið.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hanna B. Vilhjálmsdóttir (hanna@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

Leikskólinn Sólbrekka á Seltjarnarnesi Móttökueldhús

Laust er til umsóknar starf í móttökueldhúsi í leikskólanum Sólbrekku á Seltjarnarnesi.

Starfið felst í því að útbúa morgunverð og miðdegishressingu fyrir börnin og taka á móti hádegisverði sem framreiddur er í öðrum leikskóla, auk þess að sjá um frágang í eldhúsinu og kaffistofu starfsmanna.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Vinnutími er frá kl. 8:00 – 16:00.

Nánari upplýsingar veitir Soffía Guðmundsdóttir leikskólustjóri í síma 5959291 eða soffia@seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Grindavík - 2 störf

Verzlunarstjóri

Starfssvið:

Ábyrgð á rekstri verslunar, dagleg stjórnun, starfsmannahald, samskipti við viðskiptavinum, birgðahald og öll tilfallandi störf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Góð almenn grunnenntun og reynsla af verslunarstörfum. Reynsla af stjórnun og rekstri. Góðir skipulags hæfileikar, reynsla í starfsmannahaldi og rík þjónustulund.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi, samstarfsfúsum og sjálfstæðum.

Almenn afgreiðsla

Starfssvið:

Almenn afgreiðslustörf og ábyrgð á ákveðnum verkþáttum.

Vinnutími:

Frá kl. 9 – 18 virka daga, annað eftir samkomulagi.

Reynsla og hæfni:

Við leitum að þjónustulíprum einstaklingi með reynslu af verslunarstörfum. Þarf að hafa metnað fyrir góðum árangri og falla vel inn í góðan hóp.

Nánari upplýsingar veitir Skúli Skúlason starfsmannastjóri í síma 421-5400. Umsóknir skal senda á skrifstofu Samkaupa á Hafnargötu 62, 230 Keflavík eða á samkaup.is. Verslunin er opin: Mánud. - föstud. frá 10-19, laugard. frá 10-18 og sunnud. frá 12-18.

Íbúar í Grindavík voru 2.382 þann 1. desember sl. Grindavík er við rætur Þorbjarnarfells þar sem nálægð er við gjöful fiskimið enda bærinn einn mesti útgerðarbær landsins með fjölda togara, báta og öflugum sjávarútvegsfyrirtækjum. Staðurinn er vaxandi ferðamannastaður og heilsulind eins og Bláa Lónið sem er í næsta nágrenni.

allt í matinn á einum stað

Nettó - Víkurbraut 60 - Grindavík - sími: 4268065

nettó



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

ÞJÓNUSTU- OG REKSTRARSVIÐ

Þjónustufulltrúi

Símaver Reykjavíkurborgar 4 11 11 11, óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa til starfa.

Helstu verkefni:

Upplýsingaþjónusta í síma, tölvupósti og vefspjall. Beina erindum til réttara aðila innan Reykjavíkurborgar. Senda upplýsingar og gögn til íbúa borgarinnar. Taka við ábendingum og hugmyndum um bættu þjónustu. Samvinna við starfsfólk borgarinnar í upplýsingaþjónustu. Vinna við umbótaverkefni á sviði síma – og upplýsingaþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Önnur skyld verkefni.

Hæfniskröfur:

Reynsla og áhugi af upplýsingaþjónustu. Tölvu- og tungumálakunnátta. Hæfni í mannlegum samskiptum. Þjónustulund. Frumkvæði.

Meginhlutverk símavers er að tryggja íbúum borgarinnar auðveldan aðgang að upplýsingum um þjónustu Reykjavíkurborgar í gegnum eitt símanúmer 4 11 11 11. Nánari upplýsingar gefur Sigurþóra Bergsdóttir, símar 4 11 11 20 og 693 93 67, netfang: sigurthora.bergsdottir@reykjavik.is. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað til Símafers Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 7, 101 Reykjavík fyrir 1. ágúst nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaferi Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

JÁVERK

Nóg að gera í blíðunni!

■ Smiðir / verkamenn

Óskum eftir að ráða vana trésmiði og mótasmiði til starfa bæði á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Óskum jafnframt eftir einyrkjum eða hópum smiða til vinnu við afmörkuð verkefni. Allar nánari upplýsingar gefur Guðmundur í síma 860 1730 (höfuðborgarsvæðið) og Sigurjón í síma 860 1706 (Suðurland).

■ Kranastjóri

Óskum eftir að ráða vana byggingakranastjóra til starfa sem fyrst. Næg verkefni framundan og tækjabúnaður fyrirtækisins er mjög góður. Við leitum að stundvísnum, áhugasömum og reglusömum kranamönnum sem vilja taka þátt í að byggja með okkur hæsta hús á Íslandi. Allar nánari upplýsingar gefur Guðmundur í síma 860 1730.

Allar nánari upplýsingar veita Guðmundur í síma 860 1730 eða Sigurjón í síma 860 1706.

Umsóknir sendist á gbg@javerk.is eða sol@javerk.is.

JÁVERK ehf er 14 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru nú um 90 og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Fyrirtækið er með starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni fyrirtækisins framundan eru:

Smáratorg, verslunar- og skrifstofuhús. Hæsta hús á Íslandi
Verksmiðjuhús fyrir Frónkex
Sunnulækjarskóli, skóli og íþróttahús
Sjúkrahús á Selfossi, viðbygging
Sundlaug og íþróttahús á Borg í Grímsnesi
Leikskóli á Selfossi

Auk þessara verkefna eru mörg eigin verkefni á undirbúningsstigi.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfs-umhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701



LAUGASKJÓL

Leitum að góðum starfskrafti til að sjá um bítibúr og ræstingar á heimili þar sem 9 heimilismenn búa. Unnið er frá kl.08.00- 16.00 fjóra virka daga í viku.

Góður vinnustaður.

Nánari upplýsingar gefur Aðalheiður (alla@skjol.is) alla virka daga í síma 5225600



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

Menntasvið - Leikskólar

LEIKSKÓLAKENningarAR/LEIÐBEINENDUR

Skógarborg, Efstalandi 28

Um er að ræða 60% starf vegna flutnings og stækkunar skólans. Skólinn flutti inn í nýtt og glæsilegt húsnæði í maí sl. Upplýsingar veitir Olga Guðmundsdóttir leikskjólalastjóri í síma 553-1805.

Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar óskast til starfa á gjörgæsludeild og vöknun í Fossvogi. Starfshlutfall samkomulag. Gjörgæsludeildin sérhæfir sig í almennri gjörgæslu meðferð.

Vöknun er starfseining innan gjörgæsludeilda og sinnir meðferð sjúklunga eftir aðgerðir og ýmsar rannsóknir sem þarfnast svæfinga og deyfinga. Deildin er opin alla virka daga.

Starfið felur í sér að veita einstaklinghæfða hjúkrun, ráðgjöf og stuðning við þá sjúklunga sem þurfa á gjörgæslu og vöknunarmeðferð að halda.

Í boði er einstaklingsmiðuð aðlögun og fræðsla, sveigjanlegur vinnutími og starfsumhverfi sem hvetur til þekkingarþróunar. Lögð er áhersla á jákvætt andrúmsloft og teymisvinnu þar sem markmiðið er að veita skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra bestu mögulega þjónustu.

Umsóknir skulu berast fyrir 8. ágúst nk. til Kristínar Gunnarsdóttur, deildarstjóra, sími 824 5986, netfang krisgunn@landspitali.is og veitir hún upplýsingar ásamt Margréti Ásgeirsdóttur, hjúkrunarfræðingi, sími 543 7653/54, netfang marga@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknunum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

Tekur þú áskorun?

IMG Mannafli Liðsauki sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.mannafl.is.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140
mannafli@img.is www.mannafl.is www.img.is



Vilt þú starfa meðal öflugra starfsmanna hjá Parlogis?

parlogis

Parlogis er framsækið þjónustufyrirtæki sem sinnir viðtækri vörustjórnun. Parlogis leggur mikla áherslu á áreiðanleika í allri starfsemi sinni, metnað, hagkvæmni og góða þjónustu. Stjórnendur Parlogis leggja metnað sinn í að skapa starfsfólki vinnuumhverfi þar sem frumkvæði og hæfileikar einstaklingsins fá að njóta sín. Parlogis rekur 4000 fm. sérhæfða vöudreifingarmiðstöð að Krókhálsi 14 og er fjöldi starfsmanna um 80.

Parlogis leitar að traustum og áreiðanlegum starfsmönnum til að vinna í vöudreifingarmiðstöð fyrirtækisins.

Við bjóðum upp á fjölbreytt og lifandi starf með öflugum hópi starfsmanna og góðri vinnuáðstöðu þar sem tæknin er nýtt til að tryggja áreiðanleika og fjölbreytta vinnu starfsmanna. Hjá Parlogis er starfandi öflugt starfsmannafélag og einnig er mótuneyti á staðnum.

Við leitum að starfsfólki af báðum kynjum og á öllum aldri sem vill taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu með okkur. Unnið er samkvæmt samkomulagi á milli kl. 07:00 og 19:00 í tínslu en á vöktum í vörumóttöku. Hlutastörf koma einnig til greina. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu fyrirtækisins en einnig er hægt að sækja um á www.parlogis.is. Umsóknarfrestur er til 10. ágúst n.k. Nánari upplýsingar veita Ingólfur Ágústsson, rekstrarstjóri og Guðný Rósa Þorvarðardóttir framkvæmdastjóri í síma 5900 250.

Parlogis hf.

Krókháls 14

110 Reykjavík

Sími: 5900 200

Fax: 5900 201

parlogis.is

Ertu að leita?

Við leitum eftir einstaklingum til eftirfarandi starfa:

- Bókhalds- og skrifstofustörf
- Afgreiðslu- og þjónustustörf
- Lyfjafræðingar/Lyfjatæknar
- Verkfræðingar/Tæknifræðingar
- Tölvunarfræðingar/Forritarar
- Sölustörf
- Gæðaeftirlit
- Lagerstörf
- Verkamannastörf
- Vélstjórar
- Bílstjórar með/án meiraprófsréttinda
- Starfsfólk með vinnuvélaréttindi
- Starfsfólk með iðnþekkingu

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsókn á www.radning.is og sækja um viðkomandi störf. Sífellt bætast við ný störf og hvetjum við því alla í atvinnuleit til að leggja inn almenna umsókn.



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN
...framíðin er ráðin

www.radning.is

Krókháls 5a • Sími 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Industria er framsækið og leiðandi fyrirtæki í ljósleiðaratækni Meðal verkefna okkar er lagning ljósleiðara í Reykjavík.

Við leitum að rafvirkjum, símvirkjum eða öðru laghentum fólki, í lagnavinnu innanhúss, sem vill tileinka sér nýja tækni.

Við bjóðum starf sem gæti hentað báðum kynjum, hjá traustu og framsæknu fyrirtæki

Áhugasamir sendi umsóknir á jobs@industria.com
Uppl. um störf veitir Hilmar í síma 822-2561

Industria
Design • Build • Operate

FOSSHÓTEL

Vinalegri um allt land

Hótelstörf

Vegna anna í sumar viljum við bæta við okkur starfsfólki.

Á Fosshótel Hallormsstað:

- umsjá morgunverðar
- ræsting / þrif

Fosshótel Valaskjál á Egilsstöðum:

- næturvörslu og móttökustörf
- í móttöku, dagvinna
- umsjá morgunverðar
- ræsting / þrif

Áhugasamir hafi samband við Magnfríði Ólöfu í síma 471-1705 eða á netfangið kari@fosshotel.is



HÓTEL BÚÐIR

langlifasta spjallrás á Íslandi
Símaxestefnumót...905-2200
Rómó-stefnumót...905-5555

Spennandi þjónustur í símanum þínum!

Bókasafnið
905-2333
515-8888
515-8800
Stefnumót
905-2323
Topp 10 kvöldþögur
905-2266
G-línan
905-5656
Leitni Húsmál
905-2580



Kawasaki vulcan 1600 classic ek. 500 ml. 08-05 mikið af aukahlutum verð 1300 þús. áhv. 360. Glæsilegt hjól ekkert prútt. Sími 849 9500.

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þin langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opíð allan sólahringinn, engin bið

Eldri kona vill kynna traustum og heiðarlegum manni, 60-65 ára, sem vini og félagi. Auglýsing hennar má heyrja á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8974.

Rúmlega tvítug stelpa utan að landi vill kynna karlmanni, 25-35 ára, með vinnu og e.t.v. fleira í huga. Engin skyndilygni. Auglýsing hennar má heyrja á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8968.

Ný og mjög spennandi upptaka í Sögum Rauða Torgins. Þú heyrir þessa upptöku (og um 400 aðrar) í síma 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín), upptökur. 8473.

Dömmur á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og sibreytilegur hópur yndislegra kvenna. Hvaða dama verður vinkona þin í kvöld? Undanfarið hafa rúmlega tíu dömmur verið að leika sér í ljúfu símaspjalli! Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, ódýrara, kr. 199,90 mín).

Hefur þú farið á stefnumót nýlega? www.stefnumot.is

Símaspjall 908 2444 eða 908 2000. Hæ ég er Eva. Ertu einmannna viltu koma í símaspjall. Opíð allan sólahringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

ATVINNA

Neglug & List

Starfsfólk óskast!

Óskum eftir reglusömum, stundvísium og áhugasömum einstaklingum í eftirtalin störf.

- Nuddara, naglafræðinga og fótanöggerafræðing í bæði fullt starf og hlutastarf.
- Afgreiðsla 100% starf.

Áhugasamir geta sótt um störf í gegnum www.neglugroglust.is
Neglug og List - Grensásvegi 12 - Sími 553 4420

Sæpotuleigan ehf Grafarvogi kynnis,

Opíð alla helgina, tókum vel á móti einstaklingum og hópum, steggjum og gæsum
Gerðu þér glaðan dag, gerðu eitthvað óðruvísit!
Sjáumst hress! Sími: 897 2920, www.jetski.is

Kajakaferðir Stokkseyri
Ogleymanlegt ævintýri fyrir alla fjölskylduna

Væðing og útbúnaður
Skipting og útbúnaður
Skipting og útbúnaður
Skipting og útbúnaður
Við vinnuþing Stokkseyri • Sími 896 5716 • Fax 485 1590 • kajakstokkseyri.is • www.kajak.is

Cattrall of klúr fyrir Nissan

Auglýsingar japanska bílaframleiðandans Nissan með leikkonunni Kim Cattrall, úr þáttunum Beðmál í borginni, hafa verið teknar úr umferð í Nýja-Sjálandi þar sem þær þykja of klúrar.

Í þáttunum fór Cattrall með hlutverk hinnar vergjörnu Samönthu Jones. Í auglýsingunni virðist hún álíka útbær á blíðu sína og í þáttunum og fór það fyrir bjóstið á mörgum Nýsjálandingum með fyrrgreindum afleiðingum. Í auglýsingunni sést hvar Cattrall ekur um á nýjum Nissan og hreinlega malar af ánægju. „Af hverju var mér ekki sagt að hann væri svona stór? Ég var ekki reiðubúinn fyrir þetta,“ segir Kim meðal annars á munúð-



KIM CATTRALL Kom á óvart hvað nýja Nissan-bíreiðin var stór.

arfullan hátt. „Nissan Tiida lætur manni svo sannarlega líða vel inni,“ bætir hún við og klykkir

svo út með því að segja sölumanni að þetta hafi verið „frábær reið“. Sjónvarpseftirlit Nýja-Sjá-

lands samþykkti auglýsinguna áður en hún var sýnd en ákveðið var að hætta að sýna hana eftir að fjölmargir sjónvarpsáhorfendur þar í landi hringdu í sjónvarpsstöðvar og lýstu yfir vandlætingu sinni. Bílaframleiðandinn sjálfur hefur ákveðið að sýna auglýsingarnar ekki áfram og þarf sjónvarpseftirlitið því ekki að setjast á rökstóla á ný og endurskoða ákvörðun sína.

Spekúlantar úr auglýsingabransanum í Nýja-Sjálandi hafa lýst yfir furðu á að auglýsingin hafi farið fyrir brjóstið á svo mörgum þar sem margar auglýsingar sem hafa verið bannaðar annars staðar eru sýndar þar í landi.



MÖRÐUR ÁRNASON Mörður hefur búið við Laugavegin hálfa ævina.



MEKKA „SECOND HAND“-ADDÁENDA Um miðjan Laugaveg er að myndast þyrping verslana með notuð föt og glingur. Verslunin Spútnik sneri aftur á Laugavegin eftir smá dvöl á „cult“-götunni Klapparstíg og Glamúr, sem áður var á Skólavörðustíg, flutti á Laugaveg 41 í apríl. Fyrir var „second hand“-búðin Rokk og rósir. „Það er bara tilviljun að þessar búðir eru á svipuðum slóðum. Við fluttum því það var kominn tími til að stækka við okkur. Það er mikið líf á Laugaveginum og margt að sækja,“ segir Elva Dögg Arnardóttir, eigandi Glamúrs. Hún segir að mikið sé að gera í búðinni og að viðskiptavinir séu bæði útlendingar og Íslendingar. „Það er rosalega stór hópur sem verslar alltaf á Laugaveginum. Fólk kemur alveg sérstaklega í svona búðir, þú finnur þetta ekki í verslunarmiðstöðvunum.“



ELVA DÖGG ARNARDÓTTIR Eigandi Glamúrs.



Tíðindi í Víkivaka Söluturninn Víkivaki á Laugavegi 5 hefur verið starfræktur í um tuttugu ár en í mars gerðust þau stórtíðindi að nýir eigendur tóku við og innleiddu kreditkortatæknina í sjoppunni, en Víkivaki var frægur fyrir að vera eina verslunin á Laugaveginum sem ekki var með posa. „Þetta var það fyrsta sem við gerðum. Fólk er ennþá að koma og segja, „já, þið takið ekki kort“. En það hefur verið mikil ánægja með þetta þó að einn og einn vilji halda í gamla tímann,“ segir Anna Dóra Ármannsdóttir sem rekur sjoppuna. Eigendurnir nýju brydduðu einnig upp á þeirri nýbreytni að hafa opið til tíu á kvöldin og frameftir nóttu laugardag og sunnudag, en fyrir nokkrum mánuðum var engin sjoppa starfrækt á þeim tíma á Laugaveginum. „Þetta gengur mjög vel, við fáum mikið af ferðamönnum og svo fastagæsti. En við erum háð veðri, það er gaman ef veðrið er gott en annars er minna af fólk á ferli,“ segir Anna.

LATÓ

HAGKERFIÐ

Þú færð LATÓ
vörurnar í verslunum
Hagkaupa

Orku brauð
100 LATÓ

Dreitill
100 LATÓ

Ávextir
100 LATÓ

Skrý-is
100 LATÓ

Grænmeti
100 LATÓ

Tannkrem
100 LATÓ

Orkuvatn
100 LATÓ

Latabæjar Ostur
Osta- og smjörsalan sf
100 LATÓ

Hagkerfið er opið frá 1. júlí til 19. ágúst.

www.glitnir.is/latabaer



Vestur-Íslendingur vill láta ættleiða sig

Vestur-íslenska kvikmyndagerðarkonan Kyja Nelson fór nýlega af landi brott eftir að hafa búið ásamt eiginmanni sínum í tæpt ár á Hofsósi þar sem hún vann að heimildarmynd um heimaslóðir langömmu sinnar. *Bergsteinn Sigurðsson* hitti Kyju að máli fyrir flugtak.

Víð dúkað eldhúsbörð vestur í bæ situr Kyja Kristjana Kristjansson-Nelson, jafn smávaxin og nafnið er langt, og drekkur te. Eiginmaður hennar, Christopher Nelson, lætur sér nægja að stinga höfðinu stöku sinnum inn í eldhús til að lauma inn orði til áréttingar eða upprifjunar. Hann er í óðaönn við að pakka niður því daginn eftir fljúga þau aftur heim til Minnesota eftir tæplega ársdvöl hér á landi. „Ég hlakka ekkert sérstaklega mikið til að fara heim, er eiginlega hálf kvíðin,“ segir Kyja og hlær. „Við ætlum að búa hjá mömmu og pabba til að byrja með, áður en við finnum okkar eigin íbúð og ég var að komast að því að þau eru orðin vegan, það er algjörlega hætt að neyta nokkurra dýraafurða. Heimilishaldið verður dálítið skrítið býst ég við.“

Á heimaslóðum langömmu

Í vetur bjó Kyja (borið fram Kæja) á Hofsósi þar sem hún vann að heimildarmynd um Vesturfara úr Skagafirði, en hún á sjálf rætur að rekja þangað.

„Móðurætt afa míns er frá Skagafirði. Guðrún Sveinsdóttir, langamma mín flutti þaðan á barnsaldri en langafi, Lárus Ívar Kristjánsson, flutti frá Snæfellsnesi ásamt foreldrum sínum og systkinum. Hann þurfti að breyta ættarnafni sínu í Christianson þegar hann kom vestur um haf til að það félli betur að enski tungu,“ segir Kyja sem breytti ættarnafni sínu aftur í Kristjansson fyrir stuttu.

Guðrún og Lárus fluttu bæði til Norður-Dakota en þangað fóru margir vesturfara. Þar kynntust þau og giftu sig þegar þau voru vaxin úr grasi. Þau eignuðust nokkur börn, þar á meðal afa Kyju, Theódór Elmo. „Afi lærði ekki ensku fyrr en hann var sex ára en ég held samt að hann og hans kynslóð, sem fæddist í Bandaríkjunum, hafi frekar litið á sig sem Bandaríkjamenn en innflutta Íslendinga og leitaðist við að samlagast bandarísku samfélagi sem mest þau gátu, til dæmis með því að notast bara við ensku nöfnin og tala bara ensku. Þá held ég að börnum fæstra af þessari kynslóð hafi verið kennd íslenska, sú var að minnsta kosti raunin með föður minn og frændsystkini hans. Afi barðist líka í seinni heimsstyrjöld fyrir hönd Bandaríkjanna og það hefur sjálfsagt styrkt sjálfsmynd hans sem Bandaríkjamanns ennþá frekar, það er að hætta lífinu fyrir „ættjörðina.“

Þegar Kyja kom í heiminn tveimur kynslóðum síðar árið 1979, hafði afi hennar fengið heilablóðfall og átti erfitt með mál. „Og þar með dó íslenskan í fjölskyldunni.“

Kyja tekur fram að þótt afi hennar hafi fyrst og fremst litið á sig sem Bandaríkjamann, hafi hann ekki gert litið úr íslenskum uppruna sínum. „Munurinn liggur í því að eldri kynslóðir litu á sig sem Vestur-Íslendinga en kynslóð afa míns leit á sig sem íslensk-ameríska. Bandaríkjamenn eru ung þjóð og sjálfsmynd margra helgast af



KYJA OG CHRISTOPHER Hún segir það hafa verið lítið mál að sannfæra eiginmann sinn um að koma til Íslands og búa þar í afskekktum smábæ í einn vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGEIRU

þjóðerni áa þeirra, þótt það sé liðin öld frá því þeir fluttust búferlum, og tengslin við heimalandi séu lítil eða engin. Minningin um Vesturfarana var mjög sterk í Norður-Dakota þegar ég var að alast upp og þótt ég hefði hvorki komið til landsins né talaði tungumálið fannst mér ég alltaf vera íslensk í aðra röndina.“

Ég tók eftir því í vetur að Ísland er orðið stútfullt af listfengum milljónamæringum sem moka peningum í menningarlífið. Ég er að spá í að bjóða einum slíkum að ættleiða mig eða gerast velgjörðarmaður minn.

Skiptinemi á Íslandi

Það varð til þess að upp úr aldamótum ákvað Kyja að koma til Íslands í þeim tilgangi að kynna heimalandi langömmu sinnar og langafa. „Ég kom hingað sem skiptinemi og fór í Háskóla Íslands þar sem ég ætlaði að læra íslensku. Það gekk hins vegar ekki sem skyldi,“ segir hún og hlær. „Ég fékk herbergi á Gamla garði, stúdentagarðinum þar sem allir erlendu nemarnir eru settir. Íslendingarnir í húsinu voru teljandi á fingrum annarrar handar. Við töluðum ensku á hverjum degi og flestir sem ég kynntist voru aðrir erlendir nemar. En þegar ég fór hafði ég hvorki náð þeim tókum á

tungumálinu sem ég vildi né kynnst samfélaginu nógu mikið og vissi að ég þyrfti að koma aftur síðar.“

Sem og varð. Árið 2004 sneri Kyja aftur til Íslands, í þetta sinn með myndavél og eiginmann, og fór til Skagafjarðar þar sem hún tók upp stuttmyndina Landslag. Stuttu síðar sótti hún um og fékk styrk frá Fulbright stofnuninni til að búa á Hofsósi í einn vetur og vinna að heimildarmyndinni sem hún er að leggja lokahönd á. Undanfarið ár hefur hún búið í Fargo í Minnesota, sem er smábær á bandarískan mælikvarða en telur álíka marga og höfuðborgarsvæðið á Íslandi. Hún segir það þó ekki hafa verið mikil viðbrigði að flytja í afvikkið smáþorp á Íslandi með innan við tvö hundruð íbúa.


„Hofsós er frábær staður, afskaplega fallegur og fólkið gott. Valgeir Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Vesturfarasetursins var okkur sérstaklega hjálplegur. Ég vona að Íslendingar geri sér grein fyrir hverslags dýrgripur hann er. Það starf sem hann hefur unnið til að koma á og rækta tengslin milli Íslands og Norður-Ameríku er ómetanlegt.“

Hofsós er frábær staður

Kyja segir það hafa verið síður en svo erfitt að sannfæra Christopher um að koma með henni og búa í smáþorpi á Íslandi í einn vetur. „Hann var æstur í að koma með. Hann er líka jarðfræðingur að mennt þannig að Ísland er sannkallað gósenland að því leyti. Hann gerði ýmsar rannsóknir á Þórðarhöfða og gerði meðal annars drög að kortlagningu á landlögum þar. Hann lærði líka smá íslensku, meðal annars með því að þýða Fréttablaðið en útkoman var stundum býsna

sköndin,“ segir hún og skellir upp úr.

Reyndar gat vistin á Hofsósi tekið á, að sögn Kyju, til dæmis í þau fáu skipti sem fannfergi var



SAMBAND VIÐ UMHEIMINN Þegar ófært var í grunnskólann á Hofsósi þar sem Kyja komst í þráðlausa nettengingu lét hún sig hafa það að kíkja á tölvupóstinn úti í skáfi.

mikið. „Einu tengsl okkar við umheiminn og Bandaríkin voru í gegnum netið og við fengum að nota þráðlausu tenginguna á grunnskólanum á Hofsósi. Einu sinni var skólinn lokaður og ekki nokkur leið að komast inn fyrir snjóskafla og þá var ekki um annað að ræða en að dúða sig upp og sitja með fartölvuna fyrir utan í snjónum. En þetta var mögnuð reynsla á heildina litið.“

Bakgrunnur Kyju er fyrst og fremst í tilraunakenndri kvikmyndagerð, sem setur brag á myndina. „Myndin snýst ekki síst um upplifjun og skynjun, þannig að stór hluti af verkefninu fólst í að aðlagast daglegu lífi á Hofsósi. Mig langar til að leika mér með tengslin milli þjóðsagna, sögunnar, lands og þjóðar og hvaða áhrif þetta hefur á sjálfsmynd fólks, hvernig tíminn og minnið breytir sögunni og svo framvegis. Til dæmis skiptir sú staðreynd að fjölskyldan mín er „íslensk“ en talar ekki tungumálið heimiklu fyrir verkefnið.“

Í myndinni ræðir Kyja meðal annars við grunnskólabörn í 1. til 4. bekk um hugmyndir þeirra um Vesturferðirnar auk þess sem hún tók myndir úr hversdagslífinu á Hofsósi, til dæmis úr Fánasaumastofunni. Svo fórum við líka í réttir og náðum virkilega góðum myndum þar.“

Ætlar að koma aftur

Nýlega þáði Kyja stöðu við Moorehead-háskóla í Minnesota þar sem hún kennir kvikmyndafræði og kvikmyndaframleiðslu, en hún gerir ráð fyrir að reyna að sýna heimildarmyndina á Íslandi fljótlega eftir að hún hefur lagt lokahönd á hana og fundið sér vettvang.

„Ég vona að ég komist til baka sem allra fyrst,“ segir hún áköf. „Ég veit að ég á eftir að koma margoft hingað aftur, meðal annars til að læra íslensku almennilega.“ Hún hefur reyndar þegar fengið hugmynd að því hvernig hún getur kostað íslenskunámið. „Ég tók eftir því í vetur að Ísland er orðið stútfullt af listfengum milljónamæringum sem moka peningum í menningarlífið. Ég er að spá í að bjóða einum slíkum að ættleiða mig eða gerast velgjörðarmaður minn,“ segir hún og hlær. „Heldurðu að þeir séu ekki til í það? Ég er að spá í að spyrja þennan í teinóttu jakkafötunum. Hann virkar finn.“

ÚTSALA á húsgögnum

fyrstur kemur fyrstur fær

Allt að 90% afsláttur

Sófaborð	5.600 kr.	56.000 kr.	90%
Borðstofuborð	23.960 kr.	59.900 kr.	60%
Fataskápar Modena	5.997 kr.	19.900 kr.	70%
Kommóða með glertopp	9.995 kr.	19.990 kr.	50%
Kommóða með leðurtopp	14.995 kr.	29.990 kr.	50%
Náttborð	8.043 kr.	16.085 kr.	50%
Sjónvarpsborð	5.160 kr.	12.900 kr.	60%
Sófasett leður	98.762 kr.	259.900 kr.	62%
Sófasett tau	78.435 kr.	156.870 kr.	50%
Speglar	12.450 kr.	24.900 kr.	50%
Stakir stólar	5.196 kr.	12.990 kr.	60%
Stóll með snúningi	5.196 kr.	12.990 kr.	60%
Svefnsófi	12.495 kr.	24.990 kr.	50%

Öll rúm á 20% afslætti

Húsgögn fást einungis í Hagkaupum
Smáralind og á Akureyri

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Einn lærðasti reyfari sögunnar

Nafn rósarinnar eftir Umberto Eco var gefin út nýlega í fyrsta skipti í kilju hér á landi, rúmunum tveimur áratugum eftir að hún kom fyrst út í íslenskri þýðingu Thors Vilhjálmssonar, sem gefur Eco hvergi eftir í þýðingu sinni á þessari lærðu glæpasögu. Í samtali við Fréttablaðið rifjar Thor upp þá námu visku og fróðleiks, sem hann segir Nafn rósarinnar vera.

Margir vilja halda því fram að Nafn rósarinnar hafi breytt bókmenntasögunni með því að flétta listilega vel saman æsispennandi atburðarás sem gerist á hinum myrku miðöldum og margslungnu efni sem byggist á dularfullum atburðum liðinnar sögu. „Þessi bók er sett upp sem glæpasaga sem fjallar um Sherlock Holmes í munksgervi, Vilhjálm frá Baskerville sem ræður í flóknar vísbendingar allt um kring. Það að taka almennt eftir vísbendingum og geta ráðið í þær er mikilvægt öllum, til að ná til sjálfrar sín og geta gefið öðrum af sér,“ undirskar Thor. „Það er brýnt í nútíma glys- og glæfraheimi, til að geta notið þess að vera til.“

Ekki hefðbundinn reyfari


Thor áréttar að sagan sé hins vegar ekki hefðbundin glæpasaga heldur náma visku og fróðleiks. „Ég fræddist um svo margt þegar ég var að vinna þessa bók. Það var eins og að fara á keðju af ýmsum námskeiðum á margvíslegum sviðum og ég leitaði til manna sem voru mér vitrari á ýmsum sviðum. Ég lærði margt á mjög skömmum tíma. Ég kynnti mér stjórnufræði, byggingarlist, formfræði og Naumur sem er sérstök nótnaskrift, ásamt ýmsu öðru.“

Thor segist líka hafa lagt sig mikið í líma við að koma öllum þeim vandamálum sem birtust í bókinni til skila. „Ég kynnti mér sérstaklega hvernig aðrir þýðendur fóru að í þessum efnunum og komst að því að sumir í henni Ameríkunni hoppuðu hreinlega yfir stóran hluta bókunnar þar sem glíma þurfti við vanda sem kom fyrir í bókinni og koma honum til skila. Þýðandi í Þýskalandi leit hins vegar svo stórt á sig að hann tók sér skáldaleyfi og bætti þrjúpunktum við alls staðar. Ég held að hann hljóti að hafa fengið borgað eftir vigt.“

Klausturslífnæður í Frakklandi

Spurður um skoðun sína á Nafni rósarinnar segist Thor mikið hafa velt fyrir sér þessum tíma í sögunni, það er miðöldum og meinlætalífnaði klausturslífs. „Ég kynntist manni í Frakklandi sem hafði þá trú að með sívarandi fórn og hreinsun anda og efnis gæti maður þjónað sem skiptistöð fyrir guðdóminn og straumbreytt þessu afli þannig að venjulegt fólk gæti þolað þennan kraft. Sjálfur

gekk ég í klaustur í Frakklandi og dvaldist þar í nokkra daga. Það var dásamleg reynsla. Ég leitaði þangað meðal annars með spurningar um það hver ég væri, en ég var að reyna að átta mig á sjálfum mér eins og gengur og gerist. Þetta var klaustur sem hélt tryggð við allt siðakerfið frá liðnum öldum, gregoríski söngur tíðkaðist alla jafna og messur fóru allar fram á latínu. Þarna voru tveir munkar sem sáu um okkur gestina en annar þeirra var mikill humoristi og sagnfróður mjög. Síðasta daginn fór ég og kvaddi hann sérstaklega og sóttist eftir því að hann fylgdi mér um klaustrið og lýsti sögu þess. Þegar hann tók mig síðan í þennan leiðangur leit hann í eitt skipti á mig með kæstkenndri en góðlátlegri stríðni og sagði, þetta hafði þið gert. Hann var þá að vísa í skemmdir á þessu rómverska klaustri sem lúthersmenn höfðu valdið.“




NAFN RÓSARINNAR Bókin segir frá grámunknum Vilhjálm frá Baskerville sem er eins konar Sherlock Holmes miðalda.

Thor segir að þessi tími í klaustri hafi skilið eftir sig góðar minningar. „Fólk kom þarna víða að og sat á bæn allan tímann og ég man sérstaklega eftir einni ungri stúlku sem sat hreyfingarlaus á bæn í margar klukkustundir. Það var eins og hún væri orðin að steini. Þetta var mögnuð sjón og áhrifarík.“

Listræn áskorun

Thor hefur þýtt fjöldann allan af bókum eftir ýmsa rísa bókmenntaheimsins en mestu andlegu áskorunina segir hann hafa verið að berjast við bókina Hlutskipti manns, eftir franska höfundinn André Malreux. „Björn Jónasson, útgefandi



THOR VILHJÁLMSOON Að þýða bókina var eins og að fara á keðju af ýmsum námskeiðum á margvíslegum sviðum.

minn hjá Svart á hvítu, sem gaf Nafn rósarinnar upphaflega út, kom hlaupandi hingað einn daginn í stofuna til mín og sagði mig verða að gera þjóðinni þann greiða að þýða André Malreux. Þá átti ég eftir að skrifa Grámosinn glóir, sem ég komst ekki undan að skrifa síðar. Björn var ákafur maður og það dugði honum sem jáyrði þegar ég hummaði lágt í stofunni heima og við það var hann rokinn út.“

Thor segist hafa gefið sig allan í þýðingu á Hlutskipti manns og stundum svo mjög að allt annað rak

á reiðanum. „Ég var svo alhuga í að vinna þetta verk fyrir íslensku þjóðina og að skila André Malreux heilum og með öllum ólíkindum, að ég missti um tíma númeraplötuna á bílnum, lokað var á símann og ég varð næstum gjaldþrota, af því að ég hafði gleymt mér svo mjög í þessari listrænu áskorun. Mesta ógrunin var að geta skilað hugsun þessa flugggreinda höfundar vel af mér. Það var þannig tvennt ólíkt að þýða André eða Eco,“ segir Thor að lokum.

bryndisbjarna@frettabladid.is

„Þýðandi í Þýskalandi leit hins vegar svo stórt á sig að hann tók sér skáldaleyfi og bætti þrjúpunktum við alls staðar. Ég held að hann hljóti að hafa fengið borgað eftir vigt.“

Leystu krossgátuna!
 Þú gætir unnið grínmyndina **The Pink Panther** á DVD.

Þú sendir SMS skýtið **JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ** á númerið **1900!**

Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón. Þú sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

99 kr/SMS
 Dreigið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.

	MP & BH	SLYS	BYLGJA	VELLÍÐAN	DOLLA	TIL	MÁLmur	
	GEÐ-VONSKA					TEMJA		
	ÞESSI			VIT-SKERTUR				
	YFIR-STÉTTAR SAFNA SAMAN			SJÓNOP		Í RÖÐ MJAKA	ÓSIGUR	
	HRISTAST	ÍPRÓTTA-FÉLAG	REKA		SKIPTING			
			ÖHREINKA		HÁRS			
GUTL				SÆLA			ÞEKKJA LEIÐ	
				UTAN			Í RÖÐ	
KRASSA				NIDUR-STADA			FÁLM	
				STRUNS			LÍKAMS-PARTUR	
FYRSTUR	KÁL				LÆGSTA HITASTIG			NÚMER
	ÝKJA				LOKAORD			SVAKA
ELDSNEYTI			ARÐA		HALD	SAMTÖK	ÓÐUR	
			RANGL			STÓ	VOPNAÐ LIÐ	ÞARMAR
MJÖG			NÁÐHÚS				EGG FÍSKS	
			EIN-HVERJIR				GJÁLFRÁ	
VÖRUMERKI		LÖNG OG LÁG HÆÐ		ÍLÁT		ÆÐA YFIR		ÞUKL
				GLUFA		DRYKKUR		
					KÖFN-UNAREFNI			STRUNS
					ARR			BEITA
							REGLUR	LÍK
					PLANTA			GUÐ
					NÚNA			BEIN
						REGLUR		
						SÖGU		



www.minnsirkus.is/sirkustv

JONSSON & LEHMANNS - JÚNÍ - SÍA



SIRKUS TV

GHOST WHISPERER

Á MIÐVIKUDÖGUM KL. 21:30

Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Melinda notar hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau. Stundum getur það reynst erfitt þar sem ekki trúa allir því sem þeim er sagt. En þegar hún sér að hún geti bæði bjargað týndu sálunum og þeim sem eru enn á lífi áttar hún sig á því að þessi hæfileiki er kostur en ekki galli. Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með hlutverk Melindu.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*

Þú sérð innihaldið!



AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhófa 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22
800 5555
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhófa 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstimminkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÓKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLIA

* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

STUÐ MILLI STRÍÐA: Ferðamannaeyja

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR VELITIR SÉR UPP ÚR FERÐAMANNAFJÖLDA LANDSINS.



Sumarið er tíminn. Það er varla þverfótandi fyrir ferðamönnum í miðbæ Reykjavíkur um þessar mundir. Ég verð örugglega meira vör við þetta en aðrir þar sem ég bý í miðbænum og það er frekar þreytandi að mæta alltaf hressum göngugörpum með myndavélar á leiðinni í bakarið á sunnudagsmorgnum með hárið út í loftið eða þegar ég skýst út í búð á kvöldin. Mér finnst þeir alltaf stóra með forvitnisaugum hugsandi „Jáhá, svona lítur fólk út sem býr á þessari afskekktu litlu eyju“.

Á leiðinni í vinnuna snemma á morgnana er bílaplanið hjá Hall-

grímskirkju alltaf orðið stútfullt af rútom og þegar ég kem heim seinni part dags er ekkert búið að grynna í rútuflóðinu. Það sést varla í stytta Leifs Eiríkssonar fyrir ferðamönnum sem munda myndavélarnar í gríð og erg. Ég er byrjuð að taka krók á leiðinni heim enda er ég ekki hrifin af að lenda inná fjölskyldumynd í myndaalbúmi einhverstaðar út í hinum stóra heimi. Maður heyrir varla íslensku á Laugaveginum á sumrin og öll kaffihús borgarinnar þéttsetin af ferðamönnum. Það væri forvitnilegt að vita hversu margir útlendingar koma hingað á ári.

Ég fór til Færeyja fyrr á þessu ári í fyrsta skiptið. Ég hefði örugglega aldrei farið þangað að fyrra bragði nema ég fór í vinnuskyni. Sem mikið

borgarbarn fannst mér Færeyjar falleg náttúruperla en Þórshöfn var eins og lítið sjávarþorp og ég var ekkert ýkja hrifin af þeim bæ. Alltof lítil fyrir minn smekk. Ég fékk köfnunartilfinningu ef ég hugsaði um að búa þarna. Satt best að segja gat ég ekki beðið eftir að fara þaðan.

Þegar ég kom aftur til Íslands eftir þessa dvöl fór ég að hugsa til þess að það eru örugglega margir útlendingar sem hugsa það sama um litla fallega Ísland og ég hugsaði um Færeyjar. Finnst það lítið og fólkið smáborgaralegt. Nei, ég vona ekki og ég ætla sko að reyna að vera svaðaleg almennileg við alla ferðamenn hér eftir þannig að þeim finnst Íslendingar vera almennileg þjóð og já, best í heimi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000



Skv. Fjölmálaðkönnun Gallup í maí 2006.

F. I. A.

Nærð þú athygli
allra í fjölskyldunni?
40% fleiri lesa Fréttablaðið!

Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa **40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til 68,3% þjóðarinnar sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið. Auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.



FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Nýtt í

ULTRAVIOLET
MILLA JOVOVICH
Blóðstríðið er hafið!
Milla Jovovich í mögnuðum Sci-Fi spennutrylli!

Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR
OVER THE HEDGE

FRÁ HÖFUNDI BRING IT ON
stick it
JEFF BRIDGES
ÓVÆNTASTA, KYNPOKKAFYLLSTA OG SKEMMTILEGASTA GRINMYND ÁRSINS

CLICK
Adam Sandler, Kate Beckinsale og Christopher Walken í gammanmynd ÁRSINS

BENCHWARMERS
Sprenglingleg grinnmynd með Íslandsvininum Rob Schneider úr Deuce Bigalow og John Toder úr Napoleon Dynamite!

DA VINCI CODE
50.000 MANN!
BYGGD Á VINSÆLUSTU BÓK Í HEIMI!

STAY ALIVE
EF ÞÚ DEYRÐ Í LEIKNUM PÁ DEYRÐU Í ALVÖRU

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Borgarbíó Sími 462 3500

ULTRAVIOLET	kl. 4.50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA
OVER THE HEDGE ISL. TAL	kl. 3, 5 og 7
OVER THE HEDGE ENSKT. TAL	kl. 3, 5, 7, 9 og 11
SÝND Í LÚXUS ENSKT. TAL	kl. 3, 5, 7, 9 og 11
STICK IT	kl. 3, 5.30, 8 og 10.20
CLICK	kl. 9 og 11.20 B.L. 10 ÁRA
RAUDHETTA ISL. TAL	kl. 3

ULTRAVIOLET	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 3, 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
ISÖLD 2 ISL. TAL	kl. 3
RAUDHETTA ISL. TAL	kl. 3

STICK IT	kl. 4, 8 og 10
STAY ALIVE	kl. 8 og 10 B.L. 16 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 4 og 6 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 6 B.L. 10 ÁRA

400 kr. í bíó!
Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby Digital SDDS Digital Surround Sound THX

BÍÓ IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Þau tilla að ná aftur hverfinu...
...önn bita í einu!

OVER THE HEDGE

Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Sýnd kl. 2, 4, 6 og 8 ISL. TAL Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 ENSKT. TAL

SVAKALEGASTA HROLLVEKJA ÁRSINS

ÞETTA FÓRNARLÖMB
EINN GEDSJUKUR
FJÖLDAMORÐINGI
HVER MUN LIFA
NÓTTINA AF

SEE NO EVIL

Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 16

400 KR. Í BÍÓ GILDI Á ALLAR SÝNINGAR
MURFAR NÚ ÁGÐU

FAST FURIOUS TOKYO DRIFT

Sýnd kl. 10 B.L. 12


ef þú ætlar
jarskyringu...
þú gætir stjert
lífi þínu?

CLICK

Sýnd kl. 2, 4 og 6

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þrátt fyrir að Uma Thurman sé talin vera ein fallegasta konan í Hollywood hefur hún bara nýlega tekið útlitið í sátt. Hún segir að áður fyrr hafi hún verið mjög meðvituð um andlitsdrætti og hæðina. „Mér hefur alltaf fundist ég vera of hávaxin og með stóra fætur og útstandandi hné. Mér finnst ég enn hafa stórt nef og það er of langt á milli augnanna þannig að ég lít út eins og ég sé með tvo fiska svamlandi á milli eyrnanna,“ sagði Thurman við OK! tímaritið. „Ég er ánægðari með sjálfa mig núna en mér finnst enn eyrun vera of stór. Ég myndi gera allt til að losna við þau.“



Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

Föstudag 21. júlí kl. 20 uppselt
Laugardag 22. júlí kl. 20 uppselt
Sunnudag 23. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 23. júlí kl. 20 uppselt
Föstudag 28. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Laugardag 29. júlí kl. 20 örfá sæti laus
Sunnudag 30. júlí kl. 15 aukasýning
Sunnudag 30. júlí kl. 20 nokkur sæti laus
Föstudagur 4. ágúst kl. 20
Laugardagur 5. ágúst kl. 20
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15
Sunnudag 6. ágúst kl. 20
Laugardagur 19. ágúst kl. 20

LEIKHÓSTILBOÐ
Tvíretttaður kvöldverður og leikhúsmiði kr. 4300 - 4800.-

MÍÐAFANTASÍI Í SÍMA 437 1600

Scarlett til liðs við Dallas

Scarlett Johansson mun leika í kvikmynd sem gerð verður eftir hinum vinsælu Dallas-þáttum frá níunda áratugnum. Scarlett mun leika Lucy Ewing en hart var barist um hlutverk-ið. Auk Nicole Ritchie og Paris Hilton voru þær Lindsay Lohan og Jessica Simpson orðaðar við hlutverkið en eins og einn við-mælenda Daily Star sagði komast þær ekki í hálfkvísi við Scarlett. Kvikmyndin um Ewing-fjölskylduna er enn á teikniborðinu þannig að óvíst er hvenær eða hvort kvikmyndin verður að raunveruleika. Orðrómur hefur verið á kreiki um að John Travolta, Marcia Cross og Jennifer Lopez hafi tekið að sér hlutverk í myndinni en það hefur ekki fengist staðfest.



SCARLETT JOHANSSON Scarlett mun leika Lucy Ewing í kvikmyndinni um Dallas þættina.

Footloose

21. júlí - fös kl. 20 - Uppselt
27. júlí - fim kl. 20 - laus sæti
28. júlí - fös kl. 20 - laus sæti
17. ágúst - fim kl. 20 - laus sæti
18. ágúst - fös kl. 20 - laus sæti

Mélasatan er í síma 568 8000
www.borgarnesleikur.is
www.milnustikus.is/footloose

Útvarpsþáttur undir beru lofti

Poppland Rásar 2 efndi til útítón-leika fyrir framan útvarpsþúsið í Efstaleiti enda hefur veðrið leikið við höfuðborgarbúa að undanfögnu. Birgir Örn Steinarsson og hljómsveit hans The Bigital Orchestra léku fyrir nærstadda auk þess sem Jakob Frímánn Magnússon og Valgeir Guðjónsson tróðu upp. Að sögn Ólafs Páls Gunnarssonar urðu starfsmenn þáttarins að hafa hraðar hendur enda bar þetta allt brátt að. „Við vildum nýta okkur að sumarið er skolið á,“ segir Ólafur, sem var ánægður með viðtökurnar hjá hlustendum útvarpsstöðvarinnar. „Það mættu í kringum hundrað manns og fengu sér ís á meðan þeir hlustuðu á góða tónlist,“ segir hann.



FRUMMENN EÐA STUDMENN? Þeir Jakob Frímánn og Valgeir hafa nýverið gefið út geisladisk ásamt sínum gömlu vinum úr Frummönnum en þeir eru ídullega kallaðir hinir upphaflegu Studmenn.



ÍS Í BÖÐI Útvarpsstöðin bauð uppá ís í tilefni dagsins og gæddu þessar stúlkur sér á góðgætinu.




MÁ ÉG FÁ BITA Þessi unga stelpa vildi ólm fá að smakka ísinn hjá vinkonu sinni.



SPIJALLAÐ Á MILLI LAGA Ólafur Páll ræðir hér við Studmanninn Valgeir Guðjónsson en hann hefur að undanfögnu verið að endurnýja kynni sín við hina gömlu félagu eftir langt hlé.



STUND MILLI STRÍÐA Gestir á útítónleikum Rásar 2 nutu veðurbliðunnar og hlýddu á hugljúfa tónlist.



Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Pau ætla að ná aftur hvertinu...
...einn bita í einu!

Besta ofurmenni heims hefur snúið aftur.

★★★★★
KEX TOPPLIS
★★★★★
SÍMILLERA BESTA MYND ÁRINS. BETAN SINGLER KOMIN Í MÓP MEIRA FREISTU LÍKAÐ!
★★★★★
N.M.A. KVFENSDUG.COM

OVER THE HEDGE
SAMBÍÓN KRINGLUNNI ER EÐNÉ STAFRENA / DIGÍTÁL BIÓD Á ÍSLANDI

THE FAST AND THE FURIOUS TOKYO DRIFT

the break-up

SUPERMAN RETURNS
SAMBÍÓN KRINGLUNNI ER EÐNÉ STAFRENA / DIGÍTÁL BIÓD Á ÍSLANDI

THE LAKE HOUSE

ALFABAKKA

OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 12-2-4-6
OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 12-2-4-6-8-10-10
SUPERMAN RETURNS KL. 12:30-3:50-4:50-7-8-10-10-11:10 **B.I. 10**
SUPERMAN RETURNS *VIP* KL. 3:20-8-11:10
THE BREAK UP KL. 8-8-15-10-20
THE FAST AND THE FURIOUS 3 KL. 10:30 **B.I. 12**
BÍLAR *isl. tal* KL. 12-2-3-5:30

KRINGLUNNI

*OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 1-3-5-7
*OVER THE HEDGE *enskt. tal* KL. 1-3-5-7-9-11
*SUPERMAN RETURNS KL. 2:40-5:50-9-11:15 **B.I. 10**
THE BREAK UP KL. 9

*SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU, MYND OG HLJÓÐ

KEFLAVÍK

OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 2-4-6-8
THE OMEN KL. 10 **B.I. 16**
SUPERMAN RETURNS KL. 2-5-8-11 **B.I. 10**

AKUREYRI

OVER THE HEDGE *isl. tal* KL. 2-4-6
THE BREAK UP KL. 8-10:10
BÍLAR *isl. tal* KL. 2
SUPERMAN RETURNS KL. 5-8 **B.I. 10**

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919

SAMBÍÓN SÍMI: 575-8900 www.sambioin.is



FYRSTA SÆTID Maddox Jolie Pitt var valinn sætasta stjörubarnið af lesendum tímaritsins Life and Style.

Kosið um sætustu stjörnubörnin

Hægt er að keppa í öllu og sérstaklega þegar stjörurnar í Hollywood eiga í hlut. Bandaríska tímaritið Life and Style stóð fyrir kosningu á dögum meðal lesenda sinna um sætasta stjörnubarnið. Þar hafnaði Maddox Jolie-Pitt, ættleiddi sonur Angelinu Jolie og Brad Pitt, í fyrsta sætinu, en Sean Preston, sonur Britney Spears og Kevins Federline, náði öðru sæti. Í þriðja sæti lenti svo Apple, dóttir Chris Martin, söngvara Coldplay, og leikkonunnar Gwyneth Paltrow.



ANNAN SÆTID Sean Preston, sonur Britney Spears nýtur greinilega meiri vinsælda en foreldrar hans um þessar myndir.

Rífast um laun og vinsældir

Leikararnir Matthew Fox og Josh Holloway eru íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnir fyrir leik sinn í hinum geysivinsælu Lost-þáttum sem Ríkisjónvarpið sýnir á mánudagskvöldum. Þeir voru miklir félagar þegar þættirnir hófust en hafa varla talað við að undanförunu. Ástæðan mun vera sú að Matthew Fox fékk tveggja milljóna króna bónus á meðan Holloway fékk ekkert. Þegar þetta komst upp var ðHolloway brjáláður og segir blaðið InTouch að stutt hefði verið í að slagsmál brytust út. Þá heldur blaðið því einnig fram að Fox sé full yfir því að Holloway sé vinsælasti leikari þáttanna að mati áhorfenda.



MATTHEW FOX Fékk 2 milljón króna bónus sem enginn annar í þáttunum fékk.

Pfeiffer í Abba

Leikkonan Michelle Pfeiffer hefur verið orðuð við aðalhlutverk í kvikmynd sem byggð verður á söngleikum vinsæla „Mamma Mia“ en hann segir frá sögu sænsku hljómsveitarinnar ABBA. The Daily Mail segir frá því að framleiðandinn Judy Craymer leggi allt undir til að láta kvikmyndina verða að veruleika enda er söngleikurinn sýndur úti um allan heim við miklar vinsældir.

Höfundar söngleiksins eru engir aðrir en Benny Andersson og Björn Ulvaeus, fyrrum meðlimir Abba, og hala þeir inn milljónir á viku vegna leikritsins. Aðrar leikkonar hafa einnig verið orðaðar hlutverk í myndinni og má þar nefna Kim Basinger, Nicole Kidman og Meryl Streep.



MICHELLE PFEIFFER Þessi reynda leikkona er orðuð við hlutverk í kvikmynd byggðri á söngleikum Mamma Mia sem fjallar um sænsku hljómsveitina ABBA.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Orðrómur hefur verið um að Katie Holmes sé með fæðingarþunglyndi og sumum hefur þótt það grunsamlegt að engar myndir hafa fengist af barninu. En Leah Rimini, sem er góð vinkona Cruise og einnig í vísindakirkjunni, segir að allt sé í himnalagi með mæðgurnar. „Hún er ungbarn og stærðin er eðlileg. Tom og Katie vilja bara lifa lífinu og ala upp barnið. Þau eru ósköp venjulegir foreldrar,“ sagði Leah við US Weekly og bætti því við að Katie ljómáði af hamingju. „Ég ófunda hana, hún jafnaði sig strax eftir fæðinguna.“ Nú eru þrjú mánuðir síðan Suri litla fæddist og hingað til hefur foreldrunum tekist að halda henni frá sviðsljósinu.



Fregnir af því að glamúrmódelið Jordan hefði misst föstur láku í fjölmiðla nýlega og var Jordan að vonum miður sin yfir því að slúðurblið gerðu sér mat úr óhamingju hennar. Jordan og eiginmaður hennar fréttu af fösturmissinum í reglubundnu lækniseftirliti, en hún var komin þrjá og hálfan mánuð á leið. „Þau eru bæði harmi slegin,“ sagði umboðsmaður Jordan, en Peter og Jordan eiga fyrir einn son.



Paris Hilton og systir hennar Nicky eru erfingjar að Hilton-hótelunum en þær eru nú báðar að stofna eigin hótélkeðjur. Fyrst tilkynnti Nicky um sín áform og svo fylgdi Paris í kjölfarið. „Þetta verður rosalega skemmtilegt. Hótelin mín verða eins og Sanderson hótelið í London, svolítið íburðarmeiri en kúl,“ sagði Paris. „Fyrsta hótelið verður í Las Vegas. Ég elska póker og ég vinn alltaf - ég hef spilað póker frá því að ég var tólf ára, þegar ég vann 15.000 dollara,“ sagði Paris. Nicky opnar fyrsta hótelið í Miami en það mun búa yfir sérstakri svítu sem hönnuð er af fatahönnuðinum Roberto Cavalli.





Lyn vann íslendingaslaginn
Stefán Gíslason og félagar hans í norska liðinu Lyn unnu góðan 2-1 sigur á Vålerenga, liði Árna Gauts Arasonar. Báðir landsliðsmennirnir spiluðu allann leikinn fyrir lið sín en Lyn er þar með komið upp í áttunda sæti deildarinnar, tveimur sætum fyrir neðan Vålerenga.

sport
sport@frettabladid.is



60 SEKÚNDUR MEÐ GUÐBJÖRGU GUNNARSDÓTTUR

Fótbolti er... lífið.

Valur er... besta lið í heimi.

Íslensk kvennaknattspyrma er... á uppleið.

Elisabet Gunnarsdóttir er... besti þjálfari sem ég hef haft.

Að verja vítaspyrnu er... 50/50

Af hverju markið? Flottasta staðan á vellinum.

Hver er skrítnust í Val? Katrín Jónsdóttir.

Verður Valur Íslandsmeistari? Við verðum að sjá til.

Efnilegasta knattspyrnakona landsins... Guðný Óðinsdóttir.

Besta íslenska knattspyrnakona frá upphafi... Margrét Lára Víðarsdóttir, Ásthildur Helgadóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir.

Myndarlegasti knattspyrnumaðurinn... Ólafur Gunnarsson, markmaður.

Besti drykkurinn... Fjörmjólk.

FM eða X-ið.. FM

Bold and the Beautiful eða Neighbours? Klárlega Bold and the Beautiful.

> Indriði farinn frá Ipswich

Indriði Sigurðsson er enn að leita sér að nýju liði á Englandi en hann fékk ekki samning hjá Ipswich þar sem hann var til reynslu í vikutíma. Indriði meiddist lítillega í æfingaleik með liðinu en hann fór til Ipswich fyrir tilstilli Hermanns Hreiðarssonar, sem mælti með landsliðsfélaga sínum. „Ég vil þakka Indriða fyrir allt sem hann lagði á sig í vikunni. Við munum þó ekki halda áhuga okkar áfram á þessu stigi,” sagði Jim Magilton, stjóri Ipswich, á opinberri heimasíðu félagsins en Indriði var til reynslu hjá Southampton áður en hann fór til Ipswich.



BIRGIR LEIFUR Hefur staðið sig virkilega vel í Austurríki og er smátt og smátt að þokast upp listann á áskorendamótaröðinni þar sem hann er nú í 105. sæti en hefur hæst verið í sæti 85.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

Birgir Leifur Hafþórsson:

Spilaði frábært golf í gær

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson heldur áfram að gera góða hluti á Evrópsku áskorendamótaröðinni en hann keppir nú á Adamstallvellinginum í Austurríki á Man No mótinu svokallaða. Birgir Leifur var í 15. til 21. sæti eftir annan hringinn á samtals fjórum höggum undir pari en lét mikið að sér kveða í gær.

Hann byrjaði með látum og lék á 29 höggum á fyrri níu holunum þar sem hann fékk fimm fugla, einn örn og einn skolla. Hann slakaði örliði á í síðari hringnum og lék hann á pari eða 35 höggum þar sem hann fékk einn tvöfaldan skolla og tvo fugla. Birgir er á meðal efstu manna fyrir loka-hringinn í dag og verður spennandi að sjá hvort hann nái að halda uppteknum hætti.

- hþh

Erum stolt af árangrinum

U21 árs landslið kvenna varð í fjórða sæti á opna Norðurlandamótinu sem lauk í Noregi í gær. Ísland tapaði leiknum um þriðja sætið fyrir Svíum en getur þó unað vel við árangurinn á mótinu, sem hefur vakið verðskuldaða athygli.

FÓTBOLTI Þrátt fyrir tap gegn stöllum sínum frá Svíþjóð getur íslenska ungmennalandsliðið borið höfuðið hátt eftir árangur sinn á opna Norðurlandamótinu í Noregi. Niðurstaðan varð fjórða sætið, sem er besti árangur ungmennalandsliðsins frá upphafi. Frammi-staða íslenska liðsins var frábær en liðið var hársbreidd frá því að spila til úrslita.

Í leiknum um þriðja sætið í gær skoruðu þær sænsku snemma leiks og fengu svo vítaspyrnu sem Guðbjörg Gunnarsdóttir varð glæsilega. „Dómararnir slógu okkur út af laginu með fáránlegri dómgæslu sem við létum fara í taugarnar á okkur, við erum kannski að gjalda þess að vera litla liðið. Þær átta fyrri hálfleikinn en við þann seinni þar sem við gerðum allt nema að skora,” sagði Elisabet Gunnarsdóttir, þjálfari landsliðsins, við Fréttablaðið í gær.

„Við erum búnar að spila þetta mót frábærlega en heppnin var ekki með okkur. Það er ekki annað hægt en að vera svekktur þegar maður er nálægt því að ná settum árangri og það tekst ekki, en við sönnuðum fyrir sjálfum okkur að við eigum alveg heima á meðal þeirra bestu. Þrjár ef ekki fjórar bestu knattspyrnuþjóðir heims í kvennaflokki eru hérna á mótinu. Við erum búnar að spila fjóra leiki á átta dögum og gera þetta virkilega vel. Ég get ekki annað en verið ánægð með frammistöðu liðsins en ég tel án efa að hún hefði átt að fleyta okkur lengra,” sagði Elisabet.

„Við erum stolt af okkar frammistöðu en ég tel að við höfum átt meira skilið. Við verðum bara að taka því, en að skora tíu mörk í þremur leikjum en fara ekki áfram er hálfgerð grín,” sagði þjálfarinn, en Ísland gerði meðal annars jafntefli við bandaríska



ÍSLENSKI HÓPURINN Stillir hér sér upp saman eftir glæsilegan sigur á Dönun í riðlakeppinni. Þrátt fyrir að skora tíu mörk komst liðið ekki áfram; bandarísku stúlkurnar fóru áfram þar sem þær fengu færri mörk á sig.

liðið sem hafði unnið þetta árlega mót sjö ár í röð þar til Þjóðverjar bundu enda á sigurgöngu þess eftir sigur í úrslitaleiknum í gær.

Íslenska liðið þótti spila mjög vel og hefur fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína á mótinu. „Það gengur fólk upp að okkur á hverjum degi og vottar okkur samíð sína að vera ekki komnar lengra en við gerðum því það hefur aldrei séð jafn sterkt íslenskt lið. Það er fólk frá öllum þjóðunum og það er stigsmunur á virðingunni sem okkur er sýnd núna, það vilja allt í einu allir tala við okkur, annað en kannski áður þegar við vorum

bara litla þjóðin,” sagði Elisabet.

„Það sem við höfum lært á þessu móti er að trú á getu okkar fyrst og fremst. Núna getum við lagt bestu þjóðirnar að velli og heilt yfir mun þetta nýtast okkur upp í A-landsliðið og á þessu móti. Við eigum auk þess klárlega besta leikmann mótsins, Margréti Láru. Hún hefur verið stórkostleg og þessi frammistaða hjá stelpunum mun opna dyr fyrir stelpur í landsliðinu. Til að deildin heima jafnist út verða okkar bestu leikmenn að fara út í sterkari deildir,” sagði Elisabet Gunnarsdóttir.

hjalti@frettabladid.is



SIGURÐUR Landsliðsþjálfarinn telur að verkefnið framundan verði mjög erfitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður Ingimundarson:

Við spilum sem ein liðsheild

KÖRFUBOLTI Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari í körfubolta, greindi frá því í viðtali sem birtist á heimasíðu alþjóða körfuknattleikssambandsins að íslenska liðið treysti alls ekki bara á þá Jón Arnór Stefánsson og Jakob Sigurðsson sem taldir eru upp sem bestu menn liðsins. Íslenska landsliðið er að undirbúa sig fyrir undankeppni Evrópumótsins og hefur æft saman frá 14. júlí.

„Við erum með marga hæfileikaríka leikmenn í öllum stöðum en við treystum á að binda vörnina okkar saman. Við treystum ekki á einstaka leikmenn, við spilum sem ein liðsheild. Liðið tapar ekki ef Jakob eða Jón skorar ekki mikið, þannig virka hlutirnir ekki hjá okkur. Við þurfum að vera einbeittir og tilbúnir í alla leiki í keppinni. Við vitum að við þurfum að eiga okkar besta leik til að eiga möguleika,” sagði Sigurður.

„Við stefnum á að komast áfram, en vitum að það verður mjög, mjög erfitt. Það væri stórkostlegt fyrir íslenska körfubolta ef við kæmumst í lokakeppnina,” bætti landsliðsþjálfarinn við en Ísland er í riðli með Georgíu, Finnlandi, Lúxemborg og Austurríki.

- hþh



Fimleikapjálffarar óskast!

Fimleikadeild Ármanns leitar að reyndum og metnaðarfullum þjálfurum fyrir næsta vetur

Við deildina fer fram kraftmikið uppbyggingarstarf í áhaldafimleikum kvenna, karla og í hópimleikum.

Haustið 2006 flytur deildin í nýtt og fullkomið fimleikahús í Laugardal. Góð kjör í boði fyrir góða þjálfara, samvinnufús stjórn og frábært samstarfsfólk.

Fullt starf og hlutastörf koma til greina.

Upplýsingar veitir Jón Þór í netfangið jon.thor@internet.is eða í s. 893 8989.



Garðar Jóhannsson leysir nafna sinn Gunnlaugsson af hólmi:

Ég þurfti á breytingu að halda

FÓTBOLTI Framherjinn Garðar Jóhannsson er búinn að skrifa undir tveggja og háls árs samning við bikarmeistara Val en hann hefur leikið með KR undanfarið ár. Garðar fær það verkefni að leysa nafna sinn Gunnlaugsson af hólmi en hann er á leið til Svíþjóðar. Garðar er kominn með leikheimild og verður væntanlega í leikmannahópi Vals í kvöld gegn Víkingi.

„Það er frábært að vera kominn í Val. Það verður gaman að fá að spila á ný en tækifærin hafa verið af skornum skammti upp á síðkastið,” sagði Garðar, sem náði aldrei að sýna hvað í sér býr með Vesturbæingum.

„Ég tel mig hafa mikið að sanna enda fann ég mig aldrei almennilega hjá KR. Tíminn með KR er mér persónulega vonbrigði en vonandi gengur mér betur hjá Val



FARINN Í VAL Garðar hefur leikið sinn síðasta leik fyrir KR.

og ég hef fulla trú á því að ég komist í gang þegar ég kemst í betri leikæfingu og fæ aftur gleðina af því að leika fótbolta. Mér líst mjög vel á Valsliðið og það er gott að vera kominn á Hlíðarenda. Ég þurfti líka sjálfur á breytingu að halda og það er gott að endurnýja kynnin við Willum en hann fékk mig til KR á sínum tíma og mér líkaði vel að spila undir hans stjórn á sínum tíma.“

Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri KR Sports, sagði kaupverð Garðars trúnaðarmál en Valur keypti Garðar af KR. Samningaviðræðurnar tóku skamman tíma og gengu snurðulaust fyrir sig.

Ferill Garðars með KR byrjaði ágætlega en hann lenti síðan í erfðum meiðslum og hefur í raun ekki fundið sig hjá félaginu síðan hann meiddist.

- hbg



TEKINN FÖSTUM TÖKUM Úr leik Vals og Víkings fyrir í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Átta liða úrslit VISA-bikarsins:

Hefjast í kvöld

FÓTBOLTI Átta lið eru eftir í VISA-bikar karla og í kvöld ræðst það hvaða þrjú lið af fjórum leika til undanúrslita á Laugardalsvelli. Þrjú leikir fara fram í kvöld en KR og ÍBV mætast í síðustu viðureigninni í Frostkaskjólí annað kvöld. Allir fjórir leikir hefjast klukkan 19.15.

Keflvíkingar sækja Skagamenn heim en Suðurnesjaliðið komst áfram með sigri á Leikni og ÍA vann Framara í framlengdum leik í Laugardalnum. Liðin hafa fjórtán sinnum mæst í bikarkeppninni og hafa Skagamenn haft gott tak á Keflavík og unnið í nýu skipti auk þess sem liðið vann þá bláklæddu á heimavelli þeirra fyrir í sumar.

Í Laugardalnum taka Valsmenn á móti Víkingum en búast má við hörkuleik þar, sem og í 1. deildarslagnum á Akureyri þar sem KA tekur á móti Þrótti. - hph



KVADDUR MEÐ VIRKTUM Dennis Bergkamp þakkar ásamt ellefu ára gömlum syni sínum þeim 56 þúsund áhorfendum sem sungu nafnið hans hástöfum á Emirates-leikvanginum í gær. NORDICPHOTOS/AFF

Dennis Bergkamp:

Kvaddi í gær

FÓTBOLTI Hollendingurinn Dennis Bergkamp spilaði í gær sinn síðasta leik fyrir Arsenal á hinum nýja og glæsilega Emirates-leikvangi. Bergkamp spilaði allan leikinn með Arsenal gegn Ajax, sem skartaði stjórnun á borð við Marco van Basten og Frank Rijkaard. Bergkamp náði ekki að skora í leiknum en var hylltur af sínum gömlu vinum í leiklok.

„Á tíma mínum með Arsenal var ég svo heppinn að spila með frábærum leikmönnum á borð við Tony Adams, Thierry Henry og Ian Wright. En Dennis Bergkamp toppar þá alla. Ásamt Gianfranco Zola er hann besti erlendi leikmaðurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar,“ sagði Lee Dixon um sinn gamla vin. - hph

U18 ára landslið Íslands:

Tapaði stórt fyrir Lettum

KÖRFUBOLTI Íslenska körfuknattleikslandsliðið skipað leikmönnum 18 ára og yngri náði ekki að fylgja frábærum sigri á Evrópu-meisturum Frakka eftir á Evrópu-mótinu í Portúgal í gær. Liðið beið lægri hlut fyrir Lettum, 98-78, og eins og tölurnar gefa til kynna var sigur andstæðinganna nánast aldrei í hættu.

Brynjar Björnsson var stiga-hæstur í íslenska liðinu með 21 stig en þrjú leikmenn skoruðu fjórtán; þeir Þröstur Jóhannsson, Hörður Axel Vilhjálmsson og Hjörtur Einarsson. Næsti leikur liðsins er á morgun gegn Slóvenum. - hph

Spennan er mikil fyrir lokahringinn á opna Breska meistaramótinu í dag:

Tiger Woods heldur forystunni

GOLF Tiger Woods er með eins höggs forystu fyrir síðasta hringinn á opna Breska meistaramótinu í golfi sem leikinn verður á Hoylake-vellinum í dag. Woods lék öruggt golf á þriðja hringnum í gær og lauk keppni á einu höggi undir pari, líkt og Ernie Els, en þeir léku saman í gær. Báðir höfðu þeir bætt vallarmetið á Hoylake-vellinum á öðrum degi, þegar þeir notuðu aðeins 65 högg til að klára holurnar átján.

Woods er einu höggi á undan Els, sem einnig lék á 71 höggi í gær, og þeim Sergio Garcia og Chris DiMarco. „Ég var að slá nokkuð vel en það var alls ekki gott að þrjúputta á einni holunni.



EFSTU MENN Woods og Els kveðjast að leik loknum í gær. NORDICPHOTOS/AFF

Það er mjög jákvætt að vera í efsta sæti fyrir lokahringinn og ég vona að ég nái að nýta mér það,“ sagði Woods eftir hringinn í gær.

Suður-Afríkumaðurinn Els var nokkuð sáttur við niðurstöðu sína í gær. „Ég byrjaði illa en hugsanlega hefur það haft áhrif á spilamennsku Tiger Woods, sem náði ekki að fá marga fugla, en þetta var erfiður dagur á skrifstofunni. Við náðum reyndar að sýna betri takta undir lokin,“ sagði Els.

Ástralinn John Senden gerði sér lítið fyrir og fór holi í höggi á þrettánda holi vallarins í gær. „Þetta var mjög sérstakt fyrir mig og ég mun aldrei gleyma Hoylake-vellinum,“ sagði Senden. - hph

Nick Faldo:

Stendur fyrir móti á Íslandi

GOLF Enski kyflingurinn Nick Faldo hefur samið við Golfklúbb Reykjavíkur um að halda golfmót hér á landi eftir þrjár vikur. Mótið verður fyrir unglunga og verður eitt af mörgum mótum í mótarsögu Faldo sem nefnist Faldo Series.

Þetta er mikill heiður fyrir Ísland, en þetta verður fyrsta mótið í mótarsögu Faldo sem haldið er utan Englands. Leikið verður á Korpúlfsstaðavelli dagana 7. til 9. ágúst.

Faldo stendur í ströngu þessa dagana á opna Breska meistaramótinu en hann náði sér ekki á strik þar og komst ekki í gegnum niðurskurð mótsins. - hph

VISA BIKARINN 2006



8 LIÐA ÚRSLIT

Dagur	Tími	Lið	Völlur
Sunnudagur 23. júlí 2006	19:15	ÍA – Keflavík	Akranesvöllur
	19:15	KA – Þróttur	Akureyrarvöllur
	19:15	Valur – Víkingur	Laugardalsvöllur
Mánudagur 24. júlí 2006	19:15	KR – ÍBV	KR-völlur

VISA styður íslenska boltann

Netleikur á www.visa.is/bikarleikur
Utanlandsferð í vinning og fjöldi glæsilegra aukavinninga.

Bikarleikur þar sem spáð er um úrslit leikja er á www.visa.is/bikarleikur
Í verðlaun eru utanlandsferð fyrir tvo auk fjölda glæsilegra aukavinninga.



Dómstóll leikmanna í Landsbankadeild

Fréttablaðið fékk þrjátíu leikmenn úr Landsbankadeild karla til að leggja mat á ýmsa hluti sem tengjast íslenska fótboltanum. Víða var komið við og spurt um nánast allt milli himins og jarðar, í sumum atriðum voru leikmenn mjög sammála en í flestum dreifðust atkvæðin vel. Dómstóllinn er skipaður þremur leikmönnum úr hverju liði í deildinni og máttu þeir í engu tilfalli kjósa sitt lið. Hér má líta heildarniðurstöðuna úr kosningunni.

SKILNINGSRÍKASTI DÓMARINN



1. KRISTINN JAKOBSSON

Kristinn Jakobsson er talinn besti dómari landsins og stór ástæða fyrir því að mati leikmannadómstólsins er sá að hægt

er að ræða um hlutina við hann. Þrjú dómara virðast skera sig úr í flokki skilningskríkra dómara.



2. Egill Már Markússon



3. Jóhannes Valgeirsson

BANKA Á DYRNAR: Magnús Þórisson og Garðar Örn Hinriksson.

VALIN UMMÆLI

„Það er hægt að ræða við Egil Má en flestir aðrir virðast taka öllu sem persónulegri árás.“

„Kristinn Jakobsson er sá eini sem les leikinn virkilega vel og áttar sig á aðstæðum, er ekki ferkantaður og fer ekki alltaf eftir bókinni.“

FLOTTUSTU BÚNINGARNIR



1. VALUR



2. KR



3. FH

BANKA Á DYRNAR: ÍÁ, Keflavík og Víkingur.

Leikmenn voru settir hlutverk tiskulöggunnar og beðnir um að leggja sitt mat á það hvaða lið í deildinni klæddist flottasta búningnum. Þrjú efstu liðin skáru sig úr í þessum flokki.

VALIN UMMÆLI:

„Búningur Vals er mjög flottur en ég er þó ekkert mjög hrifinn af litnum á honum.“

„Rugl að ég megi ekki velja búninginn okkar, Valsbúningurinn er skástur af hinum.“

LJÓTUSTU BÚNINGARNIR



2. Grindavík



3. Breiðablik


BANKA Á DYRNAR: Keflavík og Víkingur.

Fylkisbúningurinn sigraði með algjörum yfirburðum í þessum flokki og er greinilega langljótasti búningur deildarinnar að mati leikmanna.

VALIN UMMÆLI:

„Fylkir er án nokkurs vafa með langljótustu búningana, appelsínugulir búningar með bleiku svini framán á eru ekki að gera góða hluti.“

„Að mínu mati eru Víkingar og KR í vörumerkjum sem sæma ekki liðum í efstu deild.“



1. FYLKIR

HÁVÆRASTI ÞJÁLFARINN



1. WILLUM ÞÓR ÞÓRISSON (VALUR)



2. Magnús Gylfason (Víkingur)

Ef þessi kosning hefði farið fram fyrir nokkrum vikum er nær öruggt að Ólafur Þórðarson hefði unnið þennan flokk með talsverðum yfirburðum. En nú er hann horfinn á braut og virðast Willum Þór Þórisson og Magnús Gylfason hafa tekið við keflinu.

VALIN UMMÆLI

„Magnús Gylfason er oft kallaður Þokulúðurinn.“

„Það er óþolandi að heyra öskrin í Leifi Garðarssyni.“



3. Leifur Garðarsson (Fylkir)

BANKAR Á DYRNAR: Ólafur Kristjánsson (Breiðablik)

BESTI VÖLLURINN



1. KR-VÖLLUR



2. Kaplakrikavöllur



3. Hásteinsvöllur

Það var ekki mikill munur á Frostaskjólínu og Kaplakrikanum þegar leikmenn voru beðnir um að nefna þann völl sem þeim þótti best að spila á. Horft var til gæða grasvallarins og umgjörðarinnar kringum hann.

BANKA Á DYRNAR: Laugardalsvöllur og Akranesvöllur.

VALIN UMMÆLI:

„Kaplakrikinn er skemmtileg gryfja og þá er alltaf gaman að spila á KR-vellinum.“

„Víkingur er með flotta umgjörð en völluminn er ekki nægilega góður.“

Liðinni hefur komist að niðurstöðu

DYGGUSTU STUÐNINGSMENN



1. FH

Hvaða stuðningsmenn eru það sem standa við bakið á sínum mönnum í blíðu og stríðu og fylgja sínum mönnum hvert sem er? Að mati leikmanna hafa stuðningsmenn FH og KR nokkra yfirburði hvað þetta varðar.

VALIN UMMÆLI:

„Stuðningsmenn FH og KR bera af, stuðningsmenn KR héldu áfram að syngja þó þeirra menn væru að tapa 5-0.“

„Skagamenn hafa verið flottir þó liðið hafi verið í ströggli.“



3. ÍA

BANKA Á DYRNAR:
Keflavík og Víkingur.



2. KR

PRÚÐASTI LEIKMAÐURINN



2. Freyr Bjarnason (FH)



3. Arnar Jón Sigurgeirsson (Víkingsgur)



1. PÁLMI HARALDSSON (ÍA)

VALIN UMMÆLI:

„Pálmi Haraldsson er prúður með ein-dæmum.“

„Freyr Bjarnason er greinilega mjög flottur náungi, er prúð-mennskan uppmáluð.“

BANKA Á DYRNAR:
Kristinn Magnússon (KR), Atli Sveinn Þórarinnsson (Valur) og Páll Einarsson (Fylkir).

Það voru ansi margir nefndir til sögunnar þegar velja átti þann leikmann í Landsbankadeildinni sem er með bestu hegðunina innan vallarins. Atkvæðin dreifðust vel en á endanum stóðu þessir þrír eftir.

ÓHEIÐARLEGASTI LEIKMAÐURINN



1. BJARNÓLFUR LÁRUSSON (KR)



2. Páll Hjarðar (ÍBV)



3. Bjarki Guðmundsson (ÍA)

Horft var til ýmissa þátta þegar óheidarlegasti leikmaðurinn var valinn, þar á meðal leikaraskaps, kjaft-brúks og óþverrabragða á vellinum. Það voru tveir sem höfðu algjöra yfirburði í þessum flokki en á endanum var Bjarnólfur Lárússon hænuskrefi á undan.

BANKA Á DYRNAR:
Víkingsmenn Viktor Bjarki Arnarsson og Valur Úlfarsson.

VALIN UMMÆLI

„Bjarnólfur Lárússon, auðvelt val. Tryggvi Bjarna er grófastur en hann vill ekkert illt, er bara svo svifa-seinn greyð.“

„Það eru fáir sem eru með Portúgalatakta.“

VERSTA BÚNINGSAÐSTAÐAN

Versta búningaástandið er í Vestmannaeyjum að mati dómstóls leikmanna og voru engir búningaklefar sem komust nálægt klefunum þar. Þó vilja menn einnig sjá endurbætur hjá Víkingi og Breiðabliki.

1. HÁSTEINSVÖLLUR

VALIN UMMÆLI:

„Við vorum þrír um hvern fermetra í Vestmannaeyjum og þá eru sturtarnar þar lélegar. Hvað er síðan málið með þessa skápa?“

„Búningaástandið í Víkinni er ekki í samræmi við umgjörð vallarins hjá þeim.“

3. Kópavogsvöllur

BANKA Á DYRNAR:
Keflavíkuvöllur og Kaplakrikavöllur.

2. Víkingsvöllur



BESTA BÚNINGSAÐSTAÐAN



1. KR-VÖLLUR (ALLAR MYNDIRNAR ERU FRÁ KR-VELLI)

Að mati leikmannadómstólsins eru það KR-ingar sem búa við bestu búningaástöðuna. Meðal annars var horft til rýmis í búningaklefanum ásamt sturtuáðstöðum.

2. Laugardalsvöllur
3. Keflavíkuvöllur

BANKA Á DYRNAR:
Grindavíkuvöllur og Akranesvöllur.

VALIN UMMÆLI:

„Mér líður alltaf vel og gef mér góðan tíma í sturtunum í KR-heimilinu.“

„Það eru stórir og góðir klefar í Grindavík og það er jákvætt. Svo er alltaf góður matur eftir leiki.“



SKEMMTILEGASTA LIÐ AÐ MÆTA

Það ríkir eftirvænting hjá leikmönnum fyrir flesta leiki en sumum liðum er einfaldlega skemmtilegra að mæta en öðrum. Þar virðast Íslandsmeistarar FH og KR vera fremst í flokki.

1. KR
2. FH
3. ÍA

BANKA Á DYRNAR:
Valur og Keflavík.

VALIN UMMÆLI:

„Það eru alltaf stórleikir þegar leikið er gegn KR.“

„Alltaf skemmtilegast að mæta Íslandsmeisturinum hverju sinni og því fær FH mitt atkvæði.“



KR



LEIÐINLEGUSTU LIÐ AÐ MÆTA

1. ÍA



Af ýmsum ástæðum er einfaldlega leiðinlegra að leika gegn sumum liðum en öðrum. Af einhverjum ástæðum er ÍA það lið sem leikmönnum finnst leiðinlegast að leika gegn en Víkingur og ÍBV koma skammt þar á eftir.

VALIN UMMÆLI:

„Af augljósum ástæðum er leiðinlegast að spila gegn ÍA.“

„Víkingsmenn eru allir leiðinlegir og þeim er ekki við bjargandi.“



2. Víkingur



3. ÍBV

BANKA Á DYRNAR:
Keflavík og Breiðablik.

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„If I'm not back in five minutes...just wait longer!“

Fréttir
Svar: Ace úr kvikmyndinni Ace Ventura: Pet Detective árið 1994

dagskrá



Í TÆKINU: BEN STILLER LEIKUR Í STARSKY & HUTCH Á STÖÐ 2 KL. 23.10

Ólst upp meðal stjarnanna

Benjamin Stiller fæddist 30. nóvember árið 1965 í New York. Foreldrar hans eru grínistarnir Jerry Stiller, sem leikur meðal annars pabbann í The King of Queens, og Anne Meara, sem lék tengdamömmu Miröndu í Sex and the City.

Þegar Ben var ungur setti hann upp leikrit heima ásamt systur sinni, Amy. Ben hafði líka áhuga á að vera hinum megin við myndavélina og þegar hann var tíu ára byrjaði hann að taka upp myndir á Super 8 kvikmyndavélina sína. Söguþræðirnir voru alltaf eins; einhver stríddi Ben og hann leitaði hefnda.

Ben lék mikið í leikhúsi á yngri árum og hætti í háskóla til að leika í leikritinu The House of Blue Leaves. Hann lék í stuttmynd árið 1986, The Color of Money, og fékk þannig eins árs hlutverk í gamanþáttinum Saturday Night Live.



Ben sást fyrst á hvíta tjaldinu árið 1987 í Empire of the Sun í leikstjórn Stevens Spielberg. Hann fór fljót á bak við myndavélina og leikstýrði Back to Brooklyn fyrir MTV en sjónvarpsstöðin var svo hrifin að hún gaf honum sinn eigin þátt, The Ben Stiller Show, árið 1992. Þátturinn missti vinsældir og Ben var fljót atvinnulaus þó hann ynni Emmy-verðlaun fyrir þáttinn. Á tíma tók Ben að sér ýmis smáhlutverk og safnaði peningum þar til hann gat loks gert myndina Reality Bites árið 1994 sem sló rækilega í gegn. Ben stimplaði sig endanlega inn í Hollywood árið 1998 með myndinni There's Something About Mary og síðan þá hefur hann leikið í hverri myndinni á fætur annarri.

Ben hefur verið kvæntur leikkonunni Christine Taylor í sex ár og á með henni tvö börn.

Þrjár bestu myndir Ben: Starsky & Hutch - 2004 The Royal Tenenbaums - 2001 There's Something About Mary - 1998



20.05
Nýtt

HVE GLÖÐ ER VOR ÆSKA



22.00
Sakamál

ELEVENTH HOUR



20.30
Gaman

BERNIE MAC



22.30
Nýtt

SLEEPER CELL



19.10
Reynslusögur

ÖRLAGADAGURINN

SKJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Bubbi byggir (808:813) 8.10 Geirharður bojing bojing (7:26) 8.35 Hopp og hí Sessami (11:26) 9.00 Konstanse (5:6) 9.05 Stjáni 9.28 Sígildar teiknimyndir (23:30) 9.35 Líló & Stitch (42:49) 10.00 Opna breska meistaramótíð í golfi

18.20 Táknaáfréttir

18.30 Stundin okkar (12:31)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Út og suður (12:17)

► 20.00 Hve glöð er vor æska (1:4) (La Meglio gioventù) Ítalskur myndaflokkur sem gerist á fjórum viðburðaríkum áratugum í lífi tveggja bræðra frá Róm. Leikstjóri er Marco Tullio Giordana og meðal leikenda eru Luigi Lo Cascio, Alessio Boni, Adriana Asti, Sonia Bergamasco, Fabrizio Gifuni, Maya Sansa og Valentina Carnelutti.

21.40 Helgarsportíð

21.55 Fótboltakvöld

22.15 451 á fahrenheit (Fahrenheit 451) Frönsk bíómynd frá 1967 byggð á sögu eftir Ray Bradbury um slökkviliðsmann í framtíðinni. Meðal leikenda eru Oskar Werner, Julie Christie og Cyril Cusack. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólk yngra en 12 ára.

0.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

2

7.00 Pingu 7.05 Jellies 7.15 Barney 7.40 Myrkfælnu draugarnir 7.55 Stubbarir 8.20 Noddy 8.30 Könnuðurinn Dóra 9.15 Taz-Mania 1 9.35 Ófurhundurinn 10.00 Kalli lítli kanína og vinir hans 10.25 Barnatími Stöðvar 2 (Horance og Tina) 10.50 Hestaklúbburinn 11.15 Sabrina 11.35 Ævintýri Jonna Quests

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.45 Neighbours 13.05 Neighbours 13.25 Neighbours 13.45 Neighbours 14.10 Það var lagið (e) 15.15 Walk Away and I Stumble 16.25 Curb Your Enthusiasm (5:10) 17.00 Veggfóður (5:20) 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Örlagadagurinn (7:12)

19.40 Jane Hall's Big Bad Bus Ride (3:6) (Stórfenglegar strætóferðir Jane Hall) Nýir, frumlegir og dásamlegir breskir dramapættir þar sem fylgst er með uppreisnargjarnri og yfirmátarólausri ungrri konu.

20.30 Monk (7:16)

21.15 Cold Case (18:23) (Óupplýst mál) Bönnuð börnum.

► 22.00 Eleventh Hour – Resurrection (Á elliftu stundu – Upprisan) Spánnýir breskir sakamálapættir með stóruleikaranum Patrick Stewart, úr X-Men og Star Trek: The Next Generation, í hlutverki vísindamannsins lans Hoods. Hann starfar sem sérstakur ráðgjafi stjórvalda í sífellt erfiðari baráttu við mögulegan heimsfaraldur og aðrar ógnir sem stafað geta af nútímavísindum.

23.10 Starsky & Hutch (Bönnuð börnum) 0.50 Ultimate X: The Movie 1.30 Pennsylvania Miner's Story (e) 3.00 Touch of Frost: Mistaken Identity (1:2) 4.15 Touch of Frost: Mistaken Identity (2:2) 5.30 Fréttir Stöðvar 2 6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS

19.10 Seinfeld (1:22) (The Mango) Enn fylgjumst við með Íslandsvinum Seinfeld og vinum hans frá upphafi.

19.35 Seinfeld (2:22) (The Glasses)

20.00 Pípóla (2:8) (e)

► 20.30 Bernie Mac (15:22) (e)

21.00 Killer Instinct (8:13) (e)

21.50 Ghost Whisperer (1:22) (e) Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með hlutverk Melindu.

22.40 Falcon Beach (7:27) (e) (Wake Jam) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af.

23.30 X-Files (e) 0.20 Jake in Progress (9:13) 0.45 Smallville (10:22) (e) 1.30 Sirkus RVK (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

11.55 Whose Wedding is it Anyway? (e)

12.40 Beautiful People (e) 13.30 The O.C. (e) 14.30 The Bachelorette III – lokapáttur (e) 16.00 America's Next Top Model V (e) 17.00 Brúkaupspátturinn Já (e) 18.00 Borgin mín (e)

18.30 Völvi Snær (e)

19.00 Beverly Hills 90210

19.45 Melrose Place

20.30 Point Pleasant Spennandi og dularfullur unglingsþáttur. Ungri stúlku, Christinu, sem er hálf mennsk og hálfur djöfullinn, er bjargað úr lífsháska í smábæ í New Jersey.

21.30 C.S.I.: New York C.S.I. New York sakamálapættirnir vinsælu halda nú áfram á Skjáeinum.

► 22.30 Sleeper Cell – NÝTT! Sérlega vel skrifaðir og trúverðugir þættir þar sem líf hryðjuverkamanna er sýnt frá þeirra sjónarhorni. Bandarískur múslimi vinur leynilega fyrir FBI og gengur til liðs við hryðjuverkasamtök. Þetta eru venjulegir fjölskyldumenn, en eiga líka annað líf – líf sem er blóði drífð! Þættirnir voru tilnefndir til Golden Globe verðlaunanna fyrr á þessu ári.

23.15 Another Woman 0.35 C.S.I. (e) 1.30 The L Word (e) 2.20 Beverly Hills 90210 (e) 3.05 Melrose Place (e) 3.50 Óstöðvandi tónlist

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 E! Entertainment Special 14.00 THS The Hilton Sisters 16.00 THS Lindsay Lohan 17.00 Child Star Confidential 17.30 Number One Single 18.00 10 Ways 18.30 Gone Bad 19.00 THS Rod & Kimberly Stewart 20.00 Rich Kids: Cattle Drive 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Sexiest Action Heroes 23.00 10 Ways 23.30 Gone Bad 0.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 1.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns

NFS

10.00 Fréttir 10.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Vikuskammturinn

12.00 Hádegisfréttir / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða 12.25 Pressan 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Vikuskammturinn 16.00 Fréttir 16.10 Pressan 17.45 Hádegis E 18.00 Veðurfréttir og íþróttir

18.30 Kvöldfréttir

► 19.10 Örlagadagurinn (7:12) (Læknaði sig sjálf) Valgerður Ólafsdóttir prouun-arfræðingur vaknaði einn örlagaríkan dag fyrir nokkrum árum með heiftarlega líðagigt og var ráðlagt að búa sig undir líf sjúklings með langvarandi veikindi. En hún fann leið til að lækna sig sjálf og er nú á miðjum aldri, frískari og í betra formi en nokkru sinni fyrr. Hún hefur starfað með Velferðarsjóði barna og var í fararbroddi varðandi mentor verkefni í skólakerfinu.

19.45 Hádegisviðtalið (frá föstudegi) 20.00 Pressan Viðtalsþáttur í umsjá Róberts Marshall þar sem tekin verða fyrir heitustu málefni vikunnar.

21.35 Vikuskammturinn Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.

22.30 Kvöldfréttir

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Charlie's Angels: Full Throttle (Bönnuð börnum) 8.00 One True Thing 10.05 Dante's Peak 12.00 Marine Life 14.00 One True Thing 16.05 Dante's Peak 18.00 Marine Life 20.00 Charlie's Angels: Full Throttle (Englar Charlie's 2) Englamir snúa aftur í hasargrínmynd sem gefur þeirri fyrri ekkert eftir. Hörkukvendingin Natalie, Dylan og Alex hræðast ekki neitt. Þær starfa hjá spæjarþjónustu Charlies og glíma við óþokka af öllum stærðum og gerðum. Aðallutverk: Cameron Diaz,

Drew Barrymore, Lucy Liu, Demi Moore, Bernie Mac. Leikstjóri: McG. 2003. Bönnuð börnum. 22.00 The Salton Sea (Stefnt á botnin) Spennutryllir um mann sem fer illilega út af sporinu. Aðallutverk: Val Kilmer, Vincent D'Onofrio, Adam Goldberg. Leikstjóri: D.J. Caruso. 2002. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Real Cancun (Bönnuð börnum) 2.00 Darkwolf (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 The Salton Sea (Stranglega bönnuð börnum)

MORRISSEY

Í LAUGARDALSHÖLL 12. ÁGÚST 2006

Miðasala stendur yfir í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og á midi.is



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Eleventh Hour

Stöð 2 kl. 22.05

Ógnir nútímavísinda

Þessi nýju bresku sakamála-þættir eru með stórleikaranum Patrick Stewart í aðalhlutverki. Vísindamaðurinn Ian Hood starfar sem sérstakur ráðgjafi stjórnvalda í sífellt erfiðari baráttu við mögulegan heimsfaraldur og aðrar ógnir sem stafað geta af nútímavísindum. Í hverjum þætti er sögð sjálfstæð saga og fylgst með Hood glíma við krefjandi verkefni sem kalla á alla hans reynslu og þekkingu. Í fyrsta þættinum aðstoðar Hood stjórnvöld við að reyna að handsama vafasaman vísindamann sem valdið hefur miklum skaða með fólkskum og óvarfærum loforðum um að geta klónað menn.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	7	9	8	4	2	5	3	1
2	4	3	7	5	1	8	9	6
8	5	1	3	6	9	7	2	4
1	8	5	4	7	3	9	6	2
9	6	7	1	2	8	4	5	3
3	2	4	6	9	5	1	8	7
7	1	8	5	3	6	2	4	9
5	3	2	9	1	4	6	7	8
4	9	6	2	8	7	3	1	5

	2		7		9			
			4		1		3	
	1			8				
2	3		5					
8		9				7		5
					3		2	6
			8				7	
4		6		5				
	5			3			6	

21.30
Golf
HÁPUNKTAR Í PGA MÓTARÖÐINNI

SYM
besta sætið

10.20 Bergkamp Testimonial

12.00 HM 2006 13.40 4 4 2 14.40 Box – Asturo Gatti v. Carlos Baldomir 16.10 US PGA í nærmynd 16.40 Gillette Sportpakinn 17.10 Íslandsmótið í golfi 2005

18.30 **Kraftasport** (Suðurlandströllið 2006) Upptaka frá afraunakeppninni Suðurlands-tröllið 2006.

19.00 **Sterkastí maður Evrópu 1983** (European Strongest Man 1983) Þáttur um afraunakeppnina Sterkastí maður Evrópu árið 1983.

19.50 **NBA – Bestu leikimír** (Chicago Bulls – Celtics 1986) Boston Celtics og Chicago Bulls mættust í úrslitakeppni Austurdeildarinnar árið 1986.

▶ **21.30 Hápunktar í PGA mótardöðinni** (PGA Tour highlights) Helstu svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótardöðinni í golfi. Sýnt frá efstu mönnum berjast um sigurinn á lokaholunum. J

22.30 **HM 2006** (Portúgal – Mexíkó) Upptaka frá leik Portúgal og Mexíkó í D-riðli á HM 2006.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Framtíð lýðræðis 10.15 Ást í bókmenntum 11.00 Guðsþjónusta í Hjallakirkju

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Bryggjull 14.00 Íslenska einsöngslagið 15.00 Bókmenntir og landafræði 16.08 Veðurfreginir 16.10 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva 18.28

Hengirúm og himinblámi 19.00 Hið ómótstæðilega bragð 19.50 Óskastundin 20.35 Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Teygjan 23.00 Andrarímur

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir

12.45 Helgarútgáfan 16.08 Rokkland 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins

19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Þvergríp 0.10 Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Valdís Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA
- FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
- FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
- FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í baenum
- FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Í BÍÓ

Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Þau ætla að ná aftur hverfinu...
...einn bita í einu!

Bruce WILLIS Garry SHANDLING Avril LAVIGNE Steve CARELL
William SHATNER Wanda SYKES Nick NOLTE

OVER THE HEDGE

Sýnd með íslensku og ensku tali
KOMIN Í BÍÓ

SMARR BÍÓ BÍÓ BÍÓ BÍÓ BÍÓ

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI • SELFOSS



HRÓSIÐ FÁ...

Hjónin Bjarni Geir Alfreðsson og Herdís Björnsdóttir sem hafa kynnt ekta íslenskan skynðibita fyrir ferðamönnum á BSÍ.

HIN HLÍÐIN KRISTÍN EYSTEINSDÓTTIR LEIKSTJÓRI OG DRAMATÚRG

Draumurinn er hér og nú

Hvað er að fréttu? Allt frábært, við frumsýndum Penetreitor fyrir rúmri viku og erum að sýna á fullu í Sjóminjasafninu við Grandagarð 8 þessa dagana.

Augnlitur: Breytilegur, fer eftir skapi.

Starf: Þessa dagana er ég með leiklistarfræðslu fyrir unglinga á vegum Reykjavíkurborgar, annars starfa ég að öllu jöfnu sem dramaturg, leikstjóri og stundum sem rokkari.

Fjölskylduhagur: Gætu ekki verið betri, er að fara að giftast kærustunni minni í lok ágúst og við stefnum á hrúgu af börnum.

Hvaðan ertu? Uppalín á Seltjarnarnesi, ættuð af Skógarströnd og Borgarfirði.

Ertu hjátrúarfull? Já.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Horfi ekki mikið á sjónvarpið á sumrin en Desperate Housewives og L-word eru í upphaldi þessa dagana.

Uppáhaldsmatur: Sushi og humar.

Fallegasti staður: Dalatangi við Mjóafjörð.

Ipod eða geislaspilari: Ipod.

Hvað er skemmtilegast? Að ferðast, að spila á nýja rafmagnsgítarinn minn, að sjá leikhús sem hefur áhrif og spila bridge.

Hvað er leiðinlegast? Óheiðarleiki.

Helsti veikleiki: Stjórnssemi.

Helsti kostur: Skemmtileg og hugmyndarík.

Helsta afrek: Að vera alltaf að bæta mig.

Mestu vonbrigði: Veikindi í fjölskyldunni.

Hver er draumurinn? Hann er hér og nú.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Kata.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Tilgerð.

Uppáhaldsbók: Norwegian Wood eftir Haruki Murakami.

Hvað er mikilvægast? Heiðarleiki og jákvæðni og að trú á því að maður geti haft áhrif!



02. 02. 1974

FRÉTTIR AF FÓLKI

Andrés Jónsson og félagar á orðid.blogspot.is hafa heldur betur séð í gegn með vefsíðu sinni. Síðan er nú orðið eitt vinsælasta blogg landsins og



stæra þeir sig meðal annars af því að hafa skákað sjálfri Unni Birnu Vilhjálmssdóttur sem hefur verið einn vinsælasti bloggari landsins um árabíl. Orðið hefur einnig verið nokkuð stolt af þeim

„skúbbum“ sem það hefur birt á vefsíðu sinni og birtir stutta færslu um þær fréttir sem síðan hafa ratað í aðra fjölmiðla. Þeir virðast hins vegar hafa hlaupið eitthvað á sig með frétt um að Egill Helgason væri að hætta á NFS með þátt sinn Silfur Egils en Helgi Seljan, einn af stjórnendum Íslands í dag, ætti að vera næsta stórstjarna sjónvarpsstöðvarinnar með sinn eigin þátt. Fréttablaðið hafði samband við Egil og kom sjónvarpsmaðurinn góðkunnur af fjöllum þegar þessar fréttir voru bornar undir hann og kannadist ekkert við að hann væri á leiðinni til Páls Magnússonar og féлага hjá RÚV eins og Orðið hélt fram. - fgg

SMÁAUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir
150.000
gestir
daglega.**

**Stór-
markaður
í stofunni
heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



GÍSLI ÁSGEIRSSON Hann er safnvörður á Galleríi Skotti. Dekkið kallar hann Hringrás en flöskurnar eru frá opnun sýningarinnar.

GÍSLI ÁSGEIRSSON: NOTAR DULNEFNI Í VINNUNNI

Þýðandi óskar nafnleyndar

Már Högnason hefur opnað sýninguna Hringrás í Galleríi Skotti. Már þessi er þó ekki raunveruleg persóna heldur annað sjálf Gísla Ásgeirssonar þýðanda. „Við Már erum afskaplega nánir og höfum verið það lengi. Það má segja að við höfum unnið náið saman og erum að vissuleyti einn en þó tveir,“ útskýrir Gísli.

Nafn Mús Högnasonar hefur stundum skotið upp kollinum í lok mynda á Stöð 2 og Sýn en hefur

hann verið skráður fyrir þýðingum á því sem sumir myndu kalla lélegt sjónvarpsfni. Að sögn Gísla hefur Már tekið að sér að þýða myndir og þætti sem fáir aðrir myndu taka að sér. „Hann þýddi til dæmis alla þættina um Paradísarhótelíð og hlaut mikið lof fyrir. Svo hann hefur þýtt hinar og þessar myndir sem eru ætlaðar fullorðnum. Hann vill samt ekki hreykja sér af þeim verkum,“ segir Gísli og bætir við að það þurfi ákveðið

hugarfar og kjark til að þýða létt erótískar myndir. „Már hefur komið mörgum snum til bjargar. Hann er allra manna hjálpsamastur enda eru fullorðnir markhópur sem ber að sinna vel.“

Gísli starfar sjálfur við þýðingar en hann var um árabíl kennari við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.

Gallerí Skott er farangursgeymslan á Isuzu-jeppa Gísla en hann er jafnframt safnvörður gall-erísins. kristjan@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikil stemning er meðal starfsfólks Glitnis fyrir Reykjavíkumaraþoninu í næsta mánuði. Ekki hefur farið framhjá neinum að bankinn er aðalstyrktaraðili hlaupsins í ár og það kann að skýra áhugann. Alls hafa um 300 starfsmenn Glitnis ákveðið að taka þátt og eflaust eiga fleiri eftir að bætast í hópinn. Bjarni Ármannsson sýnir gott fordæmi og hleypur heilt maraþon, rétt eins og hann gerði í fyrra. Bjarni náði ágætistíma í fyrra þó eymsli í hnjúm plögðu hann um mitt hlaupið. Það var ekki fyrr en forstjórinn tók af sér hnjúhlífur sem hann komst á skrið. Í ár ætlar Bjarni ekki að láta neitt slíkt stöðva sig og stefnir á persónulegt met.



Athafnakonan Ásdís Rán Gunnarsdóttir hefur í nógu að snúast þessa dagana sem fyrr. Auk þess að reka

módelískrifstofu og sitthvað fleira heldur hún úti heimasíðunni Verslunarmannahelgin.is. Nýbakaður eiginmaður hennar, fótboltaaðurinn Garðar Gunnlaugsson, tekur þátt í rekstri síðunnar en þar er að finna allar upplýsingar sem skemmtanapýrstir Íslendingar þurfa um stærstu djammhelgi ársins. - hdm

Unnur Birna Vilhjálmssdóttir bloggjar Ótrauð um ævintýri sín sem Ungfrú Heimur. Unnur er reyndar stödd hér á Íslandi en heldur innan skamms til Brasilíu. Unnur var reyndar í London nýverið og naut þess að spóka sig í bænum með sjálfum Nylon flokknum sem götublaðið The Sun heldur fram að sé næsta Girls Aloud en sú sveit er víst að leggja upp laupana. Hinar fimm fræknu keyptu sér fót og kirtu út á lífið en Unnur Birna skrifar á heimasíðu sinni að þær hafi fengið stjórnmeðferð hvar sem þær komu. „Vorur bókaðar á 3 flotta klúbba og fengum svo sannarlega „star treatment“ á þessum stöðum. Bílnum keyrt upp að dyrum, bílstjórnin út að tala við dyraveirðina og við beint inn, framfyrir röðina. Leiddar inn í VIP herbergi þar sem við vorum með einkapjón og allar grajur! Frekar ljúft líf og svona kvöld var virkilega gaman að prufa að upplífa,“ skrifar Unnur og þær vinkonur eru því greinilega að láta drauma sína ræstast. - fgg



**GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT**



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

Stærsta grill landsins á flakki

Stórtækir grillarar hugsa sér sjálfsgott til glóðarinnar í orðsins fyllstu merkingu þegar þeir sjá stærsta grill landsins, sem er í eigu Landssambands kúabænda en á því er hægt að grilla heilan skrokk af nauti.

„Grillið er búið að flakka um landið í sumar, meðal annars á Hólahátíð,“ segir Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, en samtökin lána grillið gegn vægu gjaldi. „Það kostar reyndar djöfuldóm að flytja það á milli staða og ekki gert nema með flutningabíl, en við höfum haft þann háttinn á að þeir sem leigja það þurfa aðeins að greiða fyrir að koma því á staðinn. Við tökum ekkert aukalega fyrir.“

Það gefur augaleið að heill skrokkur af nauti mettar marga munna. „Að minnsta kosti 500



GRILLIÐ GÓÐA Það má metta marga munna með heilum skrokk af nauti.

manns myndi ég telja,“ segir Baldur. „Vænn skrokkur er 250 kíló á þyngd, þar af helmingurinn kjöt.

Þetta hentar því vel á bæjarhátíðir og allar fjölmennar samkomur. Við grilluðum meðal annars á Menningarnótt um árið.“ Það kostar hins vegar mikinn undirbúning en þeir sem láta sig hafa það verða víst ekki sviknir. „Við lánuðum grillið austur á Hérað um daginn og mér skilst að þeir hafi verið átján tíma að grilla skrokkinn. Þar áður þurfti hann að hanga í nokkra daga. En fólkíð lét afskaplega vel af kjötinu og fannst það virkilega gott,“ segir Baldur, sem sjálfur hefur reyndar ekki smakkað kjöt beint af skrokknum.

Þeir sem ætla að halda stóra veislu vilja ekki að neinn kveðji svangur geta haft samband við Landssamband kúabænda og spurt um grillið. „Ég mæli hins vegar ekki með að menn grilli pulsar á því,“ segir Baldur og hlær. „Þær færu að brosa býsna fljótt.“ - bs



www.minnsirkus.is/sirkustv



SIRKUS TV

JONSSON & LEHMANN - JHJH - SIA



SEINFELD

MÁN-FIM KL. 20:00

Jerry, Elaine, George og Kramer eru snúin aftur á skjáinn. Við höldum áfram að fylgjast með daglegu lífi þeirra sem oft á tíðum er fáránlegt en ávallt sprenghlægilegt. Einhverjir ástsælustu þættir sem sýndir hafa verið í sjónvarpi og virðast vinsældir þeirra aldrei ætla að dvína.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Gyðingahatur

Á unglingsárum mínum bjó ég eitt ár í Bandaríkjunum. Einn vinnu mínna þar var af gyðingaættum, en þegar ég spurði hann hvort hann væri gyðingur svarði hann: „Nei, ég er anarkisti.“ Í hans huga hafði orðið gyðingur merkingu sem engan veginn samræmdest því að vera anarkisti.

ÞAÐ er nefnilega alls ekki augljóst hvað átt er við þegar talað er um gyðinga. Fólk hefur jafnvel til að taka sér orðið gyðingur í munn án þess að gera sér grein fyrir því sjálf hvort það er að tala um þjóðerni, kynþátt, trúarbrögð eða jafnvel alþjóðastjórnsmál. Þessa dagana er alveg sérstaklega mikilvægt að gera sér grein fyrir þessu til að forðast að réttlætiskennd manns geri mann að rasista.

ÉG ber mikla virðingu fyrir gyðingum og finnst reyndar ekki einleikið að ekki stærri hluti jarðarbúa skuli hafa getið af sér svona marga af helstu snillingum mannskynsögunnar á sviði menningar, vísinda og heimspeki. Ég læt mér nægja að nefna Bob Dylan, Albert Einstein og Jesú Krist. Ég ber líka djúpa virðingu fyrir gyðingdómi, þeim fornu og göfugu trúarbrögðum. Elstu trúarrit gyðinga voru skrifuð fyrir um 3000 árum og segja sögur sem þá höfðu varðveist í munnlegri geymd í um 1000 ár. Til samanburðar má geta þess að Íslendingasögurnar voru ritaðar fyrir 700 - 800 árum og segja frá atburðum sem gerðust 200 - 300 árum fyrr. Það er hreint ótrúlegt hve krónólógía sköpunarsögunnar er lík þeim hugmyndum sem færustu vísindamenn nútímans gera sér um þróun lífsins á jörðinni. Hún er mun nútímalegri en sköpunarsaga norrænna manna sem þó er mun yngri. Í Gamla Testamentinu er að finna elsta þekktu mannréttindasáttmála sögunnar. Þar er kveðið skýrt á um skyldur manna gagnvart fólki af öðrum þjóðernum og því tryggð ákveðin grundvallarréttindi, hugmyndafræði sem aðrir uppgötvuðu þúsöldum síðar.

VIÐ megum ekki rugla gyðingum og gyðingdómi saman við Ísrael. Við megum ekki gleyma sögunni og láta framferði Ísraelsríkis gera lítið úr minningu og þjáningum milljónanna sem fórust í ofsóknum nasista. Við verðum að gæta þess að ímugustur okkar á fjölda-morðum Ísraelsmanna á óbreyttum borgurum í Líbanon vekji ekki með okkur óbeit á fólki eða trúarbrögðum sem aðeins eiga skilið virðingu okkar og samúð.

www.expressferdir.is/tonleikar

TÓNLIST Í PAKKA TIL LONDON

EXPRESS FERÐIR TELJA Í FRÁBÆRA TÓNLEIKA



Express Ferðir koma þér auðveldlega til London, Mekka tónlistarunnenda, ásamt því að útvega þér miða á hvern tónlistarviðburðinn á færur öðrum. Madonna, Rolling Stones, Robbie Williams og George Michael eru meðal næstu viðburða á planinu hjá Express Ferðum. Innfalið í verðinu er flug, gisting í tvær nætur á glæsilegu fjögurra stjörnu hóteli að ógleymdum miða á tónleikana. Það er síðan minnsta mál að lengja ferðina ef áhugi er fyrir því. Skelltu þér strax á www.expressferdir.is/tonleikar og bókaðu næsta túr.



Madonna í Wembley Arena

15. ágúst

Verð 69.900 kr.

Láttu eftir þér að hlusta á poppdrotninguna sjálfa á fjölmönnum tónleikum þar sem stemningin er engu lík.

Brottför frá Keflavík er kl. 7:15, 14. ágúst og frá London 16. ágúst kl. 20:40.

Gisting á Holiday Inn Regents Park ****



Rolling Stones á Twickenham Stadium


20. ágúst

Verð 69.900 kr.

Að upplífa Stones á tónleikum er reynsla sem enginn ætti að neita sér um í þessu lífi, krafturinn og rokkið í sinni tærustu og upprunalegustu mynd. Þessir siungu rokkarar svíkja engan.

Brottför frá Keflavík er kl. 15:50, 19. ágúst og frá London 21. ágúst kl. 20:40.

Gisting á Holiday Inn Bloomsbury ****



Robbie Williams á Milton Keynes Bowl

14. september

Verð 69.900 kr.

Söngvarinn með mögnuðu röddina heldur áheyrendum sínum heldur betur við efnið. Þetta er einstakt tækifæri til að hlýða á þennan frábæra listamann.

Leiðin til London er stutt á stefnumót við Robbie Williams.

Brottför frá Keflavík er 13. september kl. 15:50 og frá London 15. september kl. 20:40.

Gisting á Holiday Inn Regents Park ****



George Michael í Earls Court

28. nóvember

Verð 69.900 kr.

Öll vinsælustu lögin hins eina og sanna George Michael munu hljóma á þessum tónleikum en þau hafa mörg hver skrifað sig óafmáanlega í poppsögunna. Það er ljóst að margir hafa beðið lengi eftir endurfundum við þennan einstaka diskótrilli svo það er eins gott að drífa sig til að missa ekki af þessu tækifæri. Brottför frá Keflavík 27. nóvember kl. 7:15 og frá London 29. nóvember kl. 11:30.

Gisting á Holiday Inn Regents Park ****



» Nánar á www.expressferdir.is/tonleikar eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

ÞÚ GERIR EKKI BETRI NÉ VANDAÐRI KAUP

AEG þvottavél 1200 snúninga, 6 kg. íslenskt stjórnborð

AEG þurrkari mjög hljóðlátur, fjöldi prógramma íslenskt stjórnborð



TILBOÐ: KR. 149.000 PARIÐ

530 2906 / 530 2907 / 530 2908

SETTU ÞAÐ SAMAN

AF HVERJU AÐ BORGJA MEIRA?



OPIÐ ALLA HELGINA

ORMSSON · SMÁRALIND
SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS

Velkomin í óvenjulega verslun



ORMSSON